

Gríðarleg ásókn í hlutabréf í útboði Íslandsbanka

Búið er við gríðarlegri umframeftirspurn í hlutafjár-útboði Íslandsbanka frá bæði almennum fjárfestum og fag-fjárfestum. Eftirspurnina má einkum rekja til hagstæðrar verðlagningar í samanburði við Arion banka.

thorsteinn@frettabladid.is
hordur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Hagstæð verðlagning á hlutum í Íslandsbanka, sem felur í sér mikinn afslátt miðað við gengi bréfa Arion banka, er talið líklegt til að skila sér í gríðarlegri umframeftirspurn í hlutafjárútboði bankans sem hófst í byrjun vikunnar.

„Miðað við viðbrögðin á fyrsta degi útboðsins er óhætt að segja að markaðurinn sé að taka verðlagningunni mjög vel,“ segir einn af viðmælendum Markaðarins sem starfar á fjármálamarkaði en þeir eru á einu máli um að verðlagningin sé mjög hagstæð.

Sama dag og útboðið hófst tilkynntu Bankasýsla ríkisins og Íslandsbanki að borist hefðu áskriftir fyrir öllum hlutum sem eru í boði í útboðinu, eða fyrir samantlagt meira en 50 milljarða króna.

Í útboðinu er leiðbeinandi verð á bilinu 71 til 79 krónur á útboðshlut. Hlutféð er þannig selt á genginu 0,77 til 0,85 af bókfærðu eigin fé bankans í lok fyrsta ársfjórðungs.

Ef hlutféð verður selt á genginu 0,81 og ef gengi bréfa Arion banka er notað sem viðmið – gengið samsvavar því að markaðsvirði bankans sé um 1,25 af bókfærðu eigin fé – þá

nemur afslátturinn sem er gefinn í útboðinu á bréfum Íslandsbanka ríflega 50 prósentum.

Þessa miklu eftirspurn á fyrsta degi má einnig rekja til fyrirkomulagsins en útboðið er byggt upp þannig að það er hvati fyrir fjárfesta að skrá sig snemma fyrir sem stærstum hlut og á hærri enda verðbilsins.

Þá hefur lágmarksupphæðin sem almennir fjárfestar geta skráð sig fyrir aldrei verið eins lág í hlutafjárútboðum eftir fjármálahrunið en hún nemur 50 þúsundum króna.

50

milljarða getur ríkissjóður aflað í útboðinu.

Áætlað markaðsvirði bankans í útboðinu er um 150 milljarðar króna að því gefnu að verð á útboðshlut verði við miðju leiðbeinandi verðbils. Ríkissjóður, eigandi bankans, mun að lágmarki selja 25 prósent hlut en að hámarki 35 prósent. Ef ríkissjóður nýtir heimildina til fulls getur hann aflað 50 milljarða króna sem jafngildir um 15 prósentum af lánsfjárförf hans í ár.

Viðmælendur telja að skilyrði fyrir sölu ríkissjóðs á Íslandsbanka séu mjög hagfelld og vísa til þess að lágvaxtaumhverfið hafi beint fjármagni inn á hlutabréfamarkaðinn og þrýst upp hlutabréfaverði.

SIÁ MARKAÐINN

Tekjur Controlant stefna í 15 milljarða

hordur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Markaðsvirði íslenska fyrirtækisins Controlant, byggt á nýlegum viðskiptum með bréf í félaginu, hefur meira en tvöfaldast á aðeins um hálfu ári og nemur nú tæplega 40 milljörðum króna.

Tekjuvöxtur Controlant, sem hefur verið í lykilhlutverki við dreifingu á bóluferni gegn COVID-19 fyrir Pfizer, er mun meiri en fyrri áætlanir ráðgerðu en útlit er fyrir að tekjurnar á þessu ári nifaldist og verði 63 milljónir Bandaríkjadala, eða um 7,6 milljarðar króna. Á næsta ári er búið við því að tekjurnar vaxi áfram og verði um 15 milljarðar.



Gisli Herjólfsson, forstjóri Controlant.

Fyrirtækið hefur þurft að fjölga starfsmönnum að jafnaði um níu talsins í hverjum mánuði frá því í ársbyrjun 2020. Í dag starfa yfir 200 manns hjá fyrirtækinu, að langstærstum hluta á Íslandi, en samkvæmt áætlunum verða starfsmenn orðnir um 300 í árslok. SIÁ MARKAÐINN



Niðurrif hússins við Bræðraborgarstíg 1 hófst í gær tæpu ári eftir að húsið brann. Húsið hefur staðið autt frá því að eldur kom þar upp 25. júní í fyrra. Þrjú létu lífið í brunanum og hafa íbúar í nágrenni hússins lengi kallað eftir því að húsið verði fjarlæggt. Það hafi vakið óhug meðal þeirra að horfa upp á rústirnar dag eftir dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Er rafhjólið þitt tryggt?

Þú færð okkar besta verð og getur tryggt nýja rafhjólið þitt á örfáum mínútum á **tm.is**

TM

Hugsum í framtíð



Mikill sólmyrkvi sást á Íslandi í mars árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ekki líklegt að myrkvinn sjáist

birnadrofn@frettabladid.is

NÁTTÚRA Ekki eru miklar líkur á að sólmyrkvi sem ætti að sjást á Íslandi á morgun verði sjáanlegur vegna veðurs. Um er að ræða deildarmyrkva á sólu þar sem tunglið fer fyrir hluta sólarinnar en ekki verður almyrkvi.

Í Reykjavík hefst myrkvinn klukkan sex mínútur yfir níu í fyrramálið og stendur til klukkan 11.33. Myrkvinn nær hámarki klukkan 10.17 og skyggir þá tunglið á tæp 70 prósent sólarinnar.

Haraldur Eiríksson veðurfræðingur segir að líklega verði lágskýjað og jafnvel rigning í Reykjavík á þessum tíma og því ólíklegt að myrkvinn sjáist. „Það er ekki líklegt að það verði mikil göt á skýjahulunni, mestar líkur á að sjá þetta eru í inn-sveitum á Norðausturlandi.“

Nauðsynlegt er að vera með sólmyrkvagleraugu þegar horft er til sólar í sólmyrkva. ■

Háloftin kalla



Svífvængjaflugmaður býr sig undir að hverfa frá harðræði þyngdaraflsins þó ekki sé nema stundarkorn. Þótt svífvængir líkist fallhlífum er tilgangur þeirra ekki að draga úr fallhraða heldur að svifa um loftin blá, og getur flugmaðurinn stjórnað för með því að toga í spotta sitt hvorum megin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

SÁÁ var tekið til skoðunar hjá nýrri eftirlitsdeild Sjúkratrygginga Íslands

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Ný eftirlitsdeild Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila og þeirra þjónustuveitenda sem þiggja greiðslur frá stofnuninni, sendi fyrirspurn til SÁÁ sem hluta af reglubundnu eftirliti og heimsótti samtökin í apríl.

Ástæðan var að SÁÁ lokaði göngudeildinni vegna faraldursins og tók upp fjarviðtöl til að viðhalda sambandi við skjólstæðinga sína. Sum viðtölin voru styttri en klukkustund en önnur lengri. Meðallengd var nálægt klukkustund samkvæmt Einar Hermannssyni, formanni SÁÁ.

„Sjúkratryggingar sendu okkur bréf sem við höfum til 18. júní að svara. Við erum að vinna í þeim svörum. Það er ekki til samningur

”

Sjúkratryggingar sendu okkur bréf sem við höfum til 18. júní að svara. Við erum að vinna í þeim svörum.

Einar Hermannsson

um fjarfundi með okkar skjólstæðingum og við sendum þeim öll gögn sem beðið var um,” segir Einar.

María Heimisdóttir, forstjóri SÍ, varðist fréttu þegar eftir því var leitað. Sagði í skriflegu svari að ekkert væri frekar að segja á þessu stigi um eftirlitið annað en að úrvinnslu væri ekki lokið. ■

Vonast eftir tilslökunum fyrir þjóðhátíðardaginn

Þeir sem skipuleggja dagskrá á þjóðhátíðardaginn vonast eftir því að tilslakanir, að minnsta kosti upp í 500 manns, verði tilkynntar um helgina. Á Selfossi er gert ráð fyrir svipaðri dagskrá og í fyrra en á Akureyri er gert ráð fyrir meiri mannsöfnuði.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Sveitarfélögin undirbúa nú hátíðarhöld á þjóðhátíðardaginn. Vonir standa til að takmarkanirnar, sem renna út 16. júní, verði rýmkaðar.

„Við erum með fingurna krosslagða,” segir Bragi Bjarnason deildarstjóri fristunda og menningardeildar Árborgar. „Dagskráin er að mestu leyti klár en við erum með hana aðeins til hliðar á meðan við biðum eftir tilkynningu frá sóttvarnayfirvöldum.“

Bragi segist vera bjartsýnn á að hægt verði að halda hátíðina með svipuðum hætti og í fyrra, en þá hafði takmörkunum nýlega verið slakað úr 200 í 500 manns. Í dag er hámarkið 150 manns. „Við vonum að það verði hækkað enn meira í ljósi þess hversu margir eru bólusettir,” segir hann.

Í fyrra var hátíðinni á Selfossi dreift á tvo garða og reynt að stíla dagskrána á hvorum stað inn á mismunandi hópa. Bragi segir helsta spurningarmerkið nú vera hvort hægt verði að hafa skruðgöngu um bæinn. Það fari eftir fjöldatakmörkunum. „Eins og í fyrra verðum við tilbúin að breyta fram á síðustu stundu.“

Morgundagskráin í Reykjavík er hefðbundin. Athöfn verður í beinni útsendingu frá Austurvelli þar sem forsætisráðherra ávarpar þjóðina og fjallkonan flytur ljóð. Þá leggja stúdentar blómsveig að leiði Jóns



Norðlendingar stefna á meiri mannsöfnuð en í fyrra. MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

”

Við erum með fingurna krosslagða.

Bragi Bjarnason, deildarstjóri fristunda- og menningardeildar Árborgar.

Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur í Hólavallakirkjugarði.

Líkt og í fyrra verða lúðrasveitir á vappi í miðborginni og á Klambartúni og í Hljómskálagarði verður létt stemning með sirkuslistafólki, matarvögnum og plötusnúðum síðdegis. Í ár verður einnig fagnað á Leiknisvellinum og götuskemmtun verður við Hegningarhúsið á Skólavörðustíg.

Ragnar Hólm Ragnarsson, verkefnisstjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá Akureyrarbæ, segist vonast eftir því að slakað verði á fjöldatakmörkunum, að minnsta kosti upp í 500 manns. „Við ætlum að spóla aðeins til baka og fara aftur inn í Lystigarðinn með meiri mannsöfnuð,” segir hann. Einnig er gert ráð fyrir fjölskylduskemmtun á menntaskólatúninu, vestan við Lystigarðinn.

Í fyrra voru Norðlendingar í sínum hátíðarhöldum með nokkurs konar halarófu í gegnum bæinn með stoppistöðvum hér og þar.

Ragnar segist bjartsýnn á tilslakanir en að stjórnendur séu alveg viðbúnir verði bakslag í faraldrinum. Vonast hann til þess að yfirvöld tilkynni breytingar á reglugerð um helgina til þess að hægt sé að hafa góðan frest til skipulagningar. „Ef það kemur stórt bakslag sláum við allt af. En við göngum út frá því að þetta sé allt á réttri leið og ef takmarkanir verða áfram 150 hölfum við svæðin niður,” segir Ragnar. ■



Brautirnar eru fáanlegar með mjúklökun

Mikið úrval rennihurðabrauta frá

GEZE

Þýsk gæðavara.



JARN&GLER
Skútuvogi 1h - Sími 585 8900
www.jarngler.is

MIDNÆTUR HLAUP

SUZUKI



FIMMTUDAGINN, 24. JÚNÍ 2021



Hlauptu með okkur á Jónsmessunni!

10 KM

21 KM

RÆST MILLI

19:30 og 20:45

Skráðu þig strax í dag á midnaeturhlaup.is

ATH: Skráningu lýkur 21. júní • Afhending gagna 22. og 23. júní • Ekki hægt að skrá sig á hlaupdag

Unnur ósammála gagnrýni á atvinnuátakið Hefjum störf

thorgrimur@frettabladid.is

ATVINNUMÁL „Þeim finnst þetta ganga of hægt, en mér finnst það ekki,“ segir Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar, um gagnrýni sem Samtök atvinnulífsins (SA) og Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) báru nýlega fram gegn átakanu Hefjum störf líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær.

Átakið gengur út á að skapa tíma-bundin störf, svo sem með ráðning-arstyrkjum til atvinnurekenda. Gagnrýnin kom fram í minnis-blaði sem SA og SAF sendu fjárlaganefnd Alþingis og gekk út á að verkferlar sem sneru að átakanu skertu virkni þess. Töldu samtökin ráðningarferli áþáksins seinvirkt og bentu á að aðeins hefði tekist að ráða í hluta af þeim störfum sem



Unnur Sverrisdóttir segir átakið Hefjum störf ganga vel.

skráð höfðu verið í átakið. „Það gilda lög og reglur um styrk-veitingar úr opinberum sjóðum. Ég upplifi þetta ekki sem misbrest á framkvæmd heldur eftirlitshætti sem eru innbyggðir í kerfið,“ segir Unnur. „Við förum yfir hvern ein-asta ráðningarsamning og ýmsir þættir geta leitt til þess að það drag-ist að staðfesta þá.“ Unnur segist telja það jákvætt

komist fólk í önnur störf á meðan það bíður. Það sýni að fólk geri hvað það geti til að finna vinnu. „Ég er ekki tilbúin að gefa afslátt af þessu ferli,“ segir Unnur, um opinbera fjármuni sé að ræða og því þurfi að gæta lágmarkseftirlits-þátta. „Okkur finnst líka ganga vel að ráða. Það rignir inn ráðningar-samningum og störf hafa komið hratt inn.“ ■

Vilja úrbætur fyrir þá sem ekki tala íslensku

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI Stjórnskipunar- og eftir-litsnefnd stendur saman að tillögu til þingsályktunar um að innleidd verði sem fyrst samræmd framkvæmd stjórnvalda um notkun tungumála í samskiptum þeirra við borgara sem ekki tala eða skilja íslensku þannig að meðferð mála þeirra samrýmist skráðum sem óskráðum reglum stjórn-sýslurét-tar. Tillagan er tilkomin vegna álits umboðsmanns um málið en hann hóf frumkvæðisathugun á stöðu umræddra borgara í samskiptum við stjórnvöld. Samkvæmt tillögu nefndarinnar, sem beint er að forsætisráðherra verði álit umboðsmanns haft til grundvallar við endurskoðun stjórn-sýslulaga sem nú fer fram í forsætisráðuneytinu með það að markmiði að tryggja á raunhæfan hátt þátttökurétt borgara sem ekki tala eða skilja íslensku í undirbún-ingi ákvarðana stjórnvalda í málum þeirra. ■

Mikil aðsókn í háskólanám

arnartomas@frettabladid.is

MENNTAMÁL Háskóla Íslands bær-ust tæplega tíu þúsund umsóknir um grunn- og framhaldsnám fyrir komandi skólaár. Það er næstmesti fjöldi umsókna um nám við skólann frá upphafi. Háskólanum í Reykjavík bárust um 3.800 umsóknir um nám fyrir næsta skólaár sem er svipaður fjöldi og í haust. Umsóknir um meistara-nám hafa aldrei verið fleiri. ■

Stór áherslumál VG daga líklega uppi

Frumvörp ráðherra VG um hálendisþjóðgarð, vörslu fíkniefna, rafrettur og breyt-ingar á stjórnarskrá ná líklega ekki fram að ganga á kjör-tímabilinu. Frjálslyndisfrum-vörp um áfengi, mannanöfn og rekstur leigubíla munu líklega einnig daga uppi.

adalheidur@frettabladid.is

ALÞINGI Nokkur stór mál sem ráð-herrar Vinstri grænna hafa lagt áherslu á munu væntanlega daga uppi í nefndum þingsins án þess að hljóta afgreiðslu við lok þessa kjör-tímabils. Þar ber hæst frumvarp umhverfisráðherra um hálendis-þjóðgarð. Enn er þó unnið að því að reyna að finna málinu einhvern farveg og heimildir Fréttablaðsins herma að nefnt hafi verið að sam-þykkja mögulega þingsályktun um málið. Slík ályktun hefur þó engin áhrif önnur en halda lífi í málinu formlega séð, en hún gæti ekki bundið nýtt þing að loknum kosningum.

Frumvarp heilbrigðisráðherra um afnám refsinga fyrir vörslu fíkniefna er líka fast í nefnd og engar líkur taldar á að það nái fram að ganga á þessu kjörtímabili. Sú niðurstaða mun ekki eingöngu fara fyrir brjóstið á Svandísi Svavars-dóttur heldur einnig á Pírötum en þeirra frumvarp var fellt á kjör-tímabilinu með vísan til þess að stjórnarfrumvarp kæmi um málið. Annað frumvarp Svandísar um rafrettur og eftirlit með þeim mun einnig daga uppi samkvæmt heim-ildum Fréttablaðsins. Þá þykir afar ólíklegt að gerðar verði breytingar á stjórnarskrá á þessu kjörtímabili. Frumvarp Katrínar Jakobsdóttur um auð-lindaákvæði, umhverfisákvæði, breytingar á kafla um framkvæmdavaldið og nýtt ákvæði um íslenska tungu, hefur ekki verið



Guðmundur Ingi Guðbrandsson hefur lagt mikla áherslu á að koma frumvarpi um hálendisþjóðgarð í gegnum þingið. Málið er mjög umdeilt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Litlar líkur eru á að stjórnarskránni verði breytt á þessu kjör-tímabili þótt enn sé reynt að leita leiða.

afgreitt úr stjórnskipunar- og eftir-litsnefnd. Af yfirlýsingum þing-manna í flestum flokkum er ljóst að litil sátt er um málið. Katrín hefur þó gefið til kynna að mögulega verði hægt að draga úr frumvarpinu ákvæðið um íslenska tungu, náist samstaða um að koma því í stjórnarskrá. Nefndi hún þetta til dæmis í þættinum Víglinunni á Stöð 2 um síðustu helgi.

Tvö stór og táknræn frjálslyndis-mál dómismálaráðherra munu held-ur ekki komast á dagskrá fyrir þing-lok. Annars vegar um sölu áfengis frá framleiðslustað og hins vegar umbætur á löggjöf um mannanöfn. Breytingar á útlendingalögum virðist vera fastur vandræðaliður í samningum um þinglok. Óvíst er hvort umfangsmiklar breytingar sem dómismálaráðherra hefur lagt fram, nái fram að ganga vegna and-stöðu bæði í þingflokki VG og í stjórnarandstöðunni. Þá munu landsmenn ganga að kjörborðinu án endurskoðunar laga um leigubíla. Frumvarp samgöngu-ráðherra um málið hefur verið mjög umdeilt en markmið þess er að auka eigi frjálsræði á leigubifreiðamark-aði á landinu og opna á starfsemi farveitna sem hafa rutt sér til rúms víða erlendis.

Vandræðagangur er einnig með frumvarp félags- og barnamála-ráðherra tengt nýju barnaverndar-kerfi, en Persónuvernd hefur kallað eftir því að gildistíma þess verði frestað til að gefa stofnunum færi á að aðlaga kerfi sín svo tryggja megi betur viðkvæmar persónuupp-lýsingar sem flytja þarf milli kerfa. Samkvæmt heimildum Frétta-blaðsins vinna forystumenn stjórn-arflokkana nú að lista yfir þau mál sem lögð er mest áhersla á að koma í gegn fyrir þinglok, en tilkynnt var í gær að starfsáætlun þingsins hafi verið kippit úr sambandi, samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar. Samkvæmt áætluninni átti að fresta störfum Alþingis á morgun, fimmtudag, en einsýnt þótti að það gengi ekki eftir. Mál sem stefnt er að því að klára séu enn til meðferðar í nefndum þingsins. ■

Sumarnámskeið fyrir ungt fólk

Það sem þátttakendur uppskera:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að rétta upp hönd og taka þátt í umræðum
- Leiðir til að kynnast nýju fólki, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



Námskeið hefjast:

9 til 12 ára Leiðtogabúðir 21. júní 8.45-17.00 4 dagar í röð
9 til 12 ára Leiðtogabúðir 9. ágúst 8.45-17.00 4 dagar í röð
Uppselt- 10 til 12 ára 14. júní 9.00-13.00 átta dagar í röð
10 til 12 ára 21. júní 9.00-13.00 átta dagar í röð
10 til 12 ára 4. ágúst 9.00-13.00 átta dagar í röð
13 til 15 ára 14. júní 13.30-17.00 átta dagar í röð
13 til 15 ára 4. ágúst 13.30-17.00 átta dagar í röð
16 til 19 ára 4. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 27. maí 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 3. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti



Copyright © 2021 Dale Carnegie & Associates, Inc. All rights reserved. Youth_Ad_050321

Skráning á dale.is eða 555 7080
Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk



Hlutfjárútboð Íslandsbanka

Opinn kynningarfundur á morgun, fimmtudaginn 10. júní

Almennt hlutfjárútboð Íslandsbanka hf. stendur yfir og lýkur þriðjudaginn 15. júní kl. 12:00.

Íslandsbanki býður til kynningarfundar í tengslum við útboðið á morgun, fimmtudaginn 10. júní kl. 8:30. Fundinum verður streymt á útboðsvef Íslandsbanka, islandsbanki.is/utbod. Ekki verður hægt að nálgast upptöku af fundinum að honum loknum.

Íslandsbanki hefur birt lýsingu í tengslum við útboðið. Lýsinguna má nálgast rafrænt á útboðsvef bankans, islandsbanki.is/utbod, í 10 ár eftir birtingu hennar. Fjárfestar eru hvattir til þess að kynna sér vel innihald lýsingarinnar áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin, þ.á m. skilmála útboðsins og umfjöllun um áhættupætti.

Um er að ræða almennt hlutfjárútboð sem nær til að hámarki 35% af útgefnu og útistandandi hlutafé Íslandsbanka hf., af hálfu Bankasýslu ríkisins fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands.

Tvær leiðir eru í boði fyrir fjárfesta, áskriftarleið A og áskriftarleið B, sem eru ólíkar er varðar stærð tilboða og úthlutun.



Tekið verður við tilboðum á útboðstímabilinu í gegnum útboðsvef Íslandsbanka, islandsbanki.is/utbod.

	Helstu skilmálar hlutfjárútboðs
Frumútboð Íslandsbanka	Útboðið fer fram annars vegar með almennu útboði á hlutabréfum til fagfjárfesta og almennra fjárfesta á Íslandi og hins vegar lokuðu útboði til tiltekinna fagfjárfesta erlendis.
Útboðstímabil	Móttaka tilboða hófst kl. 9:00 þann 7. júní og lýkur kl. 12:00 þann 15. júní. Tilboð eru skuldbindandi en þátttakendur geta afturkallað tilboð og/eða, eftir atvikum, lagt fram nýtt tilboð innan útboðstímabilsins.
Stærð útboðs	Útboðið nær til allt að 636.363.630 af útgefnum hlutum í Íslandsbanka hf. Til að mæta umfram-eftirspurn í útboðinu hefur seljandi veitt söluráðgjöfum rétt til að kaupa 63.636.363 hluti til viðbótar, sem eru ígildi 10% af útboðshlutunum.
Útboðsgengi	Þátttakendur geta lagt inn tilboð fyrir hlutum á bilinu kr. 71 til kr. 79 á hlut. Endanlegt útboðsgengi mun ráðast af lægsta samþykktu tilboði innan bilsins.
Stærð tilboða	Áskriftarleið A: Tilboð á bilinu kr. 50.000 til og með kr. 75.000.000. Áskriftarleið B: Tilboð að fjárhæð yfir kr. 75.000.000.
Sértækar reglur um úthlutun	Horft verður til viðmiða út frá lögum nr. 155/2012, lögum nr. 88/2009, eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, ákvörðunar ráðherra frá 29. janúar 2021 sem og viðskiptavenja um úthlutun í alþjóðlegum fagfjárfestaútboðum. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skráningarlýsingu í kaflanum „Terms and conditions of the offering“. Áskriftarleið A: Leitast verður eftir því að tilboð að fjárhæð kr. 1.000.000 eða lægri verði ekki skert.
Greiðsla og afhending hluta	Stefnt er að afhendingu hluta í síðasta lagi tveimur virkum dögum eftir móttöku greiðslu vegna hvernar einstakrar áskriftar. 16. júní Úthlutun tilkynnt og greiðsluseðlar aðgengilegir í netbanka 21. júní Eindagi greiðsluseðla 22. júní Áætlaður fyrsti viðskiptadagur

Íslandsbanki er að fullu í eigu íslenska ríkisins en Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í bankanum skv. lögum nr. 88/2009. Bankasýsla ríkisins lagði fram tillögu til fjármála- og efnahagsráðherra um að hefja sölumeðferð á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka í desember 2020. Ráðherra lagði í framhaldinu minnisblað fyrir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis líkt og lög nr. 155/2012 gera ráð fyrir. Að undangengnum umsögnum nefndanna ákvað ráðherra í lok janúar 2021 að hefja sölumeðferð, sem endurspeglaði viðmið nefndanna, og Bankasýsla ríkisins hefur haft umsjón með skv. ákvæðum laga nr. 155/2012. Í lok hlutfjárútboðs mun Bankasýsla ríkisins skila rökstuddu mati á áskriftum til ráðherra sem tekur lokaákvörðun, sbr. lög nr. 155/2012.



Upplýsingar og aðstoð vegna áskriftarleiðar A
veitir Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Íslandsbanka hf.

☎ 440-4000
✉ verdbref@islandsbanki.is
🌐 www.islandsbanki.is/utbod

Upplýsingar og aðstoð vegna áskriftarleiðar B
veitir Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf.

☎ 440-4000
✉ ipo@islandsbanki.is
🌐 www.islandsbanki.is/utbod





Árið 2020 voru skráð 1.098 íbúakort.

Breyttar reglur um bílastæðakort

birnadrofn@frettabladid.is

REYKJAVÍK Í apríl á þessu ári tóku gildi nýjar reglur um íbúakort bílastæðasjóðs og segir Rakel Elíasdóttir, deildarstjóri reksturs hjá Bílastæðasjóði, að um talsverðar breytingar sé að ræða. „Miðað er við að sækja megi um eitt íbúakort fyrir hverja íbúð sem ekki fylgir bílastæði að uppfylltum öðrum skilyrðum, slakað er á kröfum um tengsl umsækjanda við eiganda íbúðar, umsækjanda er heimilað að sýna fram á tengsl sín við ökutæki með öðrum hætti en skráningu í ökutækjaskrá,“ segir Rakel.



Nýjar reglur um íbúakort bílastæðasjóðs tóku gildi í apríl á þessu ári.

Þá er einnig heimilað að fá útgefið fleiri en eitt íbúakort á sama ökutæki ef fleiri en einn umsækjandi tilgreinir sama ökutæki til að koma til móts við íbúa sem kjósa að samnýta ökutæki en búa ekki á sama íbúakortasvæði. Árið 2020 voru skráð 1.098 íbúakort bílastæðasjóðs í Reykjavík. Rakel segist ekki hafa merkt mælanlegan mun á aukningu umsókna í kjölfar breytinganna, „en eigum von á að þeim fjölgi“. ■

Dró gjöf til safns föður síns til baka

Dóttir Ríkarðs Jónssonar myndhöggvara dró skyndilega tug milljóna króna gjöf til safns föður hennar til baka. Engar skýringar fylgdu en erfiðlega hefur gengið að leysa úr húsnæðisvanda safnsins.

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Eina eftirlifandi barn myndhöggvarans Ríkarðs Jónssonar, Ásdís Ríkarðsdóttir, hefur dregið til baka gjöf sína til Ríkarðshúss, safns um verk föður hennar á Djúpavogi. Um er að ræða fjárgjöf í formi arfs en munina gaf fjölskyldan til safnsins áður.

„Það sem stendur til núna er að funda með hlutaðeigandi og fá skýrari mynd af um hvað þetta snýst,“ segir Gauti Jóhannesson, forseti sveitarstjórnar Múlaþings og formaður stjórnar Ríkarðshúss. Engar skýringar fylgdu afturkölluninni frá lögmanni Ásdísar, en hún er 99 ára að aldri. Mun verða fundað í þessari viku um málið.

Ríkarður, fæddur árið 1888, var sá fyrsti til að nema útskurðarlist hér á Íslandi og mörg verk hans þykja merkileg. Til dæmis fyrsta landvættaskjaldarmerki Íslands, fundarhamar Sameinuðu þjóðanna og stytta af fálka sem Djúpavogshreppur keypti á uppboði í London árið 2018. Ríkarður var alinn upp í Hamarsfirði en bjó lengst af í Reykjavík og hafði vinnustofu að Grundarstíg þar til hann lést árið 1977.

Ásdís og tvíburasystir hennar Ólöf stefndu að því að koma á fót safni fyrir verkin og ánöfnuðu eignir til þess eftir sinn dag. Eignirnar eru að mestu fólgnar í einbýlishúsi í Reykjavík sem þær bjuggu saman í, en það hefur fasteignamat upp á 82 milljónir króna í dag. Ólöf lést árið 2017 og dró sinn hluta gjafarinnar ekki til baka. Er þetta því flækja sem leysa þarf úr.

Helsta vandamál Ríkarðshúss hefur verið að koma upp ákjósanlegu húsnæði fyrir starfseminna. Upphaflega hugmyndin var að byggja nýtt hús utan um safnið



Ríkarður á vinnustofu sinni á Grundarstíg 15 árið 1963.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Það sem stendur til núna er að funda með hlutaðeigandi og fá skýrari mynd af um hvað þetta snýst.



Gauti Jóhannesson, forseti sveitarstjórnar Múlaþings.

en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins myndi slík framkvæmd kosta hátt í einn milljarð króna. Gengur gjöf systranna því skammt upp í það. Í safnkosti Ríkarðshúss, sem skráður hefur verið í Sarp, eru 830 gripir af ýmsum toga. Til dæmis útskurðir í tré og gífsi, brjóstmyndir, askar, styttnar, húsgögn, ljósmyndir, verkfæri og vinnuföt listamannsins. „Í fyrrasumar skráðum

við alla munina og nú er unnið að því að koma þeim í ásættanlega geymslu,“ segir Gauti. Unnið sé að því að finna framtíðarlausn á húsnæðisvanda safnsins, en það hefur verið í Löngu- búað, verslunarhúsi sem byggt var árið 1850. Aðeins lítill hluti getur verið til sýnis í húsinu og stærstur hluti er geymdur við óviðunandi aðstæður, á háalofti Löngubúðar, en þar getur verið frost á veturna. ■

AÐALFUNDUR

Kuldabola ehf., kt. 430285-0179, Hafnarskeiði 12, 815 Þorlákshöfn, verður haldinn miðvikudaginn 23. júní 2021 kl. 14:00 á kaffistofu félagsins.

Dagskrá

- Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið rekstrarár.
- Kosning stjórnar félagsins.
- Kosning endurskoðanda félagsins.
- Ákvörðum um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
- Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- Heimild til stjórnar um kaup á eigin hlutum.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda verða hluthöfum til sýnis í síðasta lagi sjö dögum fyrir aðalfund á skrifstofu félagsins. Afhending fundargagna fer fram að ósk skráðra hluthafa.

Vilji hluthafi koma dagskrárefni til umfjöllunar á aðalfundi skal tilkynna stjórn félagsins skriflega um tillöguna eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega eigi síðar en fimm dögum fyrir dagsetningu aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur verða aðgengilegar til skoðunar á skrifstofu félagsins tveimur dögum fyrir aðalfund.

Þorlákshöfn, 8. júní 2021
Stjórn Kuldabola ehf.



Fjöldi þeirra sem sækir um vist í framhaldsskólum hefur ekki farið minnkandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Breytingar á persónuvernd gætu tafið innritun nýnema

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL „Ég hef miklar áhyggjur ef innritun nýnema dregst,“ segir Kristinn Þorsteinsson, skólameistari Fjölbrautaskólans í Garðabæ og formaður Skólameistarafélags Íslands. Vegna breytinga á persónuvernd er aðeins heimilt að miðla einkunnum frá þeim grunnskólameimum sem eru að sækja um skólavist á framhaldsskólastigi. Þá þarf Menntamálastofnun að breyta verkferlum sem gæti tafið innritun nýnema en vonir standa til að það dragist aðeins um fáeina daga. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ef það frumvarp verður samþykkt myndi það gera Menntamála-



Vonir standa til að innritunarferlið tefjist aðeins um fáeina daga.

stofnun auðveldara að miðla upplýsingum um nemendur. Umsóknarferlinu um framhaldsskóla lýkur á morgun, 10. júní, og ef frumvarpið verður ekki tekið fyrir fyrr en í haust á Alþingi þá hyggst Menntamálastofnun fara aðra leið. Meðal annars mun starfsmaður vinna alla helgina við að sækja einkunnir þeirra sem sóttu um skólavist. „Þetta snýst um hvernig við getum

gætt þess að miðla aðeins einkunnum frá þeim nemendum sem sóttu um vist í framhaldsskóla,“ segir Kolfinna Jóhannesdóttir hjá Menntamálastofnun. Hún segir að ef farin yrði önnur leið myndi það vonandi aðeins tefja innritun nýnema um einn til tvo daga. „Við erum búin að vera að gera allt til að finna leiðir en ef þetta frumvarp myndi verða að lögum þá skýrast heimildir Menntamálastofnunar á milli kerfa,“ segir hún. Kolfinna segir það gleðileg tíðindi að svipaður fjöldi sé að sækja um skólavist í ár og fyrri ár. Kristinn vonar að seinkunin verði ekki lengri en einn eða tveir dagar. „Okkur ætti að takast að ljúka þessu á svipuðum tíma og hefur verið. En það verður að segjast að þetta er ekki klárt og við höfum heilmiklar áhyggjur,“ segir hann. ■



SÆTI ;)

**HET-ANKER
NÝ SENDING**



VORUM AÐ FÁ Í HÚS NÝJA SENDINGU FRÁ **HET-ANKER**, BEINT FRÁ HOLLANDI.
FULL BÚÐ AF SÓFUM OG STÓLUM SEM GERA HEIMILIÐ ÞITT EINSTAKLEGA SÆTT.

KOMDU OG FÁÐU ÞÉR SÆTI ;)



Við erum fleiri



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Yfirvofandi lok síðasta þingvetrar þessa kjörtímabils bera völdum afturhaldsins í landinu glöggvitni. Ekkert bendir til annars en að núverandi stjórnarmynstur festi sig í sessi á næstu kjörtímabilum með þeirri hættu að afturhaldið ráði lögum og lofum ekki aðeins í ríkisstjórnarsamstarfi heldur einnig í stjórnarandstöðu.

Enginn skilur eins vel og afturhaldið að það er auðveldara að berjast gegn framfaramálum en að koma þeim í verk. Slík mál komast ekki í gegnum þingið því jafnvel þótt ráðherrar kunni með herkjum að þvinga mál í gegn sín megin, menguð eftir atvikum, þá brestur á með málþófi af hálfu afturhaldsins í stjórnarandstöðunni.

Þetta á við um flest mál sem nú eru strand í þinginu. Mannúðarstefna í vímuefnamálum er stöðvuð af afturhaldi sem ber fyrir sig göðmennsku en ekki grimmd. Afnáam áfengissölubanns er stöðvað af 19. aldar kenningum templara og einokunarsinnar í afturhaldsröðum koma í veg fyrir frjálsara kerfi til að þiggja bilfar gegn greiðslu. Enn má fólk ekki ráða hvað það heitir heldur ræða menn í fullri alvöru að útvíkka svið mannanafnanefndar yfir á bókstaflega hvert einasta fyrirbæri sem unnt er að gefa íslenskt heiti, í nafni stjórnarskrárverndar íslenskrar tungu. Það bitur svo höfuðið af skömminni að þessi fásinna er hugsuð sem plástur og sárabót fyrir þann verknað afturhaldsins að hafa staðið í vegi fyrir breytingum á stjórnarskrá í fjögur kjörtímabil.

Fátt hefur gefið afturhaldinu meiri völd á undanförnum árum en mikil fjölgun stjórnmálaflokka. Fjöldi flokka flækir myndun ríkisstjórna með þeirri hættu að afturhaldið tryggi sér alltaf sæti bæði í stjórn og í stjórnarandstöðu. Það er auðvitað ósanngjarn að kenna nýju flokkunum um þessa stöðu, enda að stórum hluta fórnarlömb í málinu. Margir þeirra hafa nefnilega fleiri kjósendur á bak við sig en gömlu flokkarnir, en engan þingstyrk, og í því liggur vandinn.


Afturhaldið er, eðli málsins samkvæmt, öflugra á landsbyggðinni og þar eru öll atkvæðin. Kjósendurnir, sem búa flestir í þéttbýli eru orðnir gráhærðir af afturhaldsstefnu flestra rötgróinna stjórnmálaflokka og úr þeirri gremju spretta nýir flokkar.

Kjördæmakerfið er ekki aðeins alvarlegt vandamál heldur erum við beinlínis í lýðræðiskrísu. Afturhaldið heldur eflaust sjálft að það geti haldið völdum svo lengi sem engum tekst að opna stjórnarskrána upp á gátt. Atkvæðin sem völdin hanga á eru hins vegar orðin svo þunn, fá og feyskin að þolinmæði meginþorra kjósenda í landinu hlýtur að breyta fyrr eða síðar. Það hefur gerst víða um heim og stundum endað illa.

Að loknum kosningum í haust ættu frjálslyndu öflin í landinu, sem eru vissulega enn til innan margra flokka, að sameinast um að leggja nýju stjórnarskrána í salt um tíma og einhenda sér í uppstokkun kjördæmakerfisins. Ef þau standa saman þvert á flokka gegn afturhaldi, hvort heldur er úr eigin röðum eða úti í samfélaginu, mun það takast. Við getum borið afturhaldið ofurliði, við erum fleiri. Miklu fleiri. ■

Enginn
skilur eins
vel og
afturhaldið
að það er
auðveldara
að berjast
gegn fram-
faramálum
en að
koma þeim
í verk.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Turtles-maðurinn

Allt ætlaði um koll að keyra eftir þaðherbergisdaginn á Alþingi í gær. Ekki vegna froðunnar sem þingmenn töldu ástæðu til að spúa yfir landsmenn heldur vegna klæðaburðar. Landsmenn skiptust í tvær fylkingar, þeir sem vildu ólmir kynna sér klæðaburð þingkvenna og þeir sem vildu alls ekki kynna sér hann. Klæðaburður þingkvennanna var það fyrirferðarmikill í umræðunni að enginn tók eftir því að einn þingmaður Pírata mætti í Turtles-búning og Logi Einarsson var ekki í röndóttu. Svo má ekki gleyma meistaranum í Framsókn sem mætti á stultum til að vaða löðrið sem lak út á Austurvöll.

Pöndu-maðurinn

Líkt og með pöndupari í dýragarði fylgjast nú allir í ofvæni með hvort Brynjar Nielsson sé í raun hættur við að hætta. Á þingi. Enginn hefur nefnt nikótín, áfengi eða að mæta óundirbúinn í viðtöl. Það eru þó margt annað sem gæti heillað. Lögreglan ákvað að láta til skarar skriða gegn undirheimahöfuðpaur landsins og ákærði hann fyrir gáleysislega meðferð á íbúfeni, þar er þörf á öflugum verjanda. Ef það heillar Brynjar ekki þá er annað stórt verkefni í boði, að plana kommbakk fyrir fræga menn sem sendu frá sér slappar afsökunarbeiðnir. ■

Sjálfboðaliðar



Haukur
Valtýsson
formaður UMFÍ.



Jóhann Steinar
Ingimundarson
varaformaður
UMFÍ.

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) var stofnað á þingvöllum árið 1907 af sjálfboðaliðum. Nú rúnum hundrað árum síðar er krafturinn sem keyrir ungmennafélagshreyfinguna áfram enn fenginn frá sjálfboðaliðum.

Það er mikið fram undan hjá okkur í UMFÍ í sumar í samvinnu við héraðssambönd, íþróttafélög og sveitarfélög víða um land. Þessa dagana vinnum við að undirbúningi Unglingalandsmóts UMFÍ um verslunarmannahelgina á Selfossi með Héraðssambandinu Skarphéðni og sveitarfélaginu Árborg. Í Borgarnesi stendur svo yfir undirbúningur að Landsmóti UMFÍ 50+ í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar og sveitarfélagið Borgarbyggð. Mótið er skemmtilegur vettvangur fyrir allt fólk sem fagnar fimmtugsafmæli á árinu og þá sem eldri eru.

UMFÍ er landssamband ungmennafélaga og innan þess eru rúmlega 450 íþrótt- og menningarfélög um allt land og koma sjálfboðaliðar að starfsemi þeirra allra – allt árið um kring. Þeir eru í gæslu, stýra mótahaldi, selja í sjoppunni og styðja við starfið á marga vegu. Sérstaklega má nefna nýlegt dæmi sem sýnir kraftinn í starfi sjálfboðaliðanna sem lögðu á sig ómælda vinnu við að gera byggingu íþróttahúss á Egilsstöðum að veruleika – já, starfið er fjölbætt.

Oft heyrir að erfiðara sé að fá fólk til sjálfboðaliðastarfa. Sem betur fer finnum við hjá UMFÍ enn að margir vilja leggja hönd á plóg og nýta frítíma sinn til að gera viðburði barna sinna og annarra að skemmtilegri upplifun. Sjálfboðaliðar sækja þangað sem regluverkið er traust, fólk veit að hverju það gengur og hver og einn veit stöðu sína og hlutverk.

Þess vegna vinnum við hjá UMFÍ stöðugt að því að bæta umhverfi sjálfboðaliða. Nú er í gangi umfangsmikil stefnumótunarvinna sem mun styrkja UMFÍ og íþróttahéruð landsins, efla þau og treysta til að sinna sjálfboðaliðunum sem vilja leggja sitt af mörkum. Sjálfboðaliðarnir eru aflið sem við verðum að huga að og halda utan um því þeir vinna að því að bæta starfshreyfingarinnar, samfélaginu til góða. Það er ungmennafélagsandinn í hnotskurn. ■

Allt fyrir veisluna á einum stað

Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga



PARTYBUDIN

FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S: 534-0534
WWW.PARTYBUDIN.IS

Heilbrigt kerfi



Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur.

Heilbrigðiskerfið okkar er í mörgu nokkuð gott en sjúklega lélegt í of mörgu. Við viljum flest að það verði framúrskarandi gott en höfum ekki náð saman um leiðir að því marki.

Það má vafalaust bæta talsvert með stórauðnu fjármagni en hart er sótt í sjóðinn okkar sameiginlega og ljóst að sóknin í hann mun harðna á næstu árum en margt mun verða út undan því sjóðurinn er laskaður eftir heimsfaraldurinn.

Það er því úr vöndu að ráða. Þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Nágrannalöndin hafa glímt við þennan vanda og eru búin að þróa lausnir og bæta sitt heilbrigðiskerfi á undanföllum árum. Við getum lært af því og eigum að gera það.

Vandamál

Lífstíllsjúkdómar vegna ofþyngdar, ónógrar hreyfingar og ofneyslu orkuríkrar fæðu eru algengir, en þeir helstu eru áunnin sykursýki, háþrýstingur og hjartavandamál.

Margra mánaða og jafnvel meira en árs bið er eftir ýmsum aðgerðum svo sem liðskiptum, augnsteina-skiptum, krabbameinslækningum, hjartaþræðingum og offituaðgerðum. Skimun eftir krabbameinum er áfátt. Skortur er á hjúkrun-arúræðum. Yfirgengilegt álag er á bráðamóttöku. Of fá sjúkrarúm eru í landinu. Geðheilbrigðisþjónusta er ónóg. Misgott aðgengi er að heilbrigðisþjónustu eftir landshlutum og fleira mætti telja.

Kostnaður við hina ýmsu þjónustuþætti liggur ekki á lausu og hvata skortir því til að nýta hagkvæm úrræði þar sem vert væri.

Afleiðingar af ofangreindu eru styttri meðalævi fólks, færri ár við góða heilsu, tekjuskerðing og samfélagslegur kostnaður.

Þó að margt megi bæta með meira fjármagni er ekki útilit fyrir að svo mikið verði til ráðstöfunar úr ríkissjóði að verulegar framfarir verði í ofangreindu á næstu árum. Til þess þarf að laga kerfið, gera það heilbrigt.

Útgangspunktar

Við erum flest sammála um grundvallaratriðin:

Fjármögnum kerfið að mestu með skattfé. Allir fái heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Blandað kerfi ríkis- og einkareksturs.

Við þurfum því að endurhæfa kerfið innan þessa ramma.

Lausnirnar

Norðurlöndin hafa verið að innleiða viðbótar heilsutryggingar (samanber viðbótar lífeyrissparnaður). Um er að ræða valfrjálsa viðbót við opinberar sjúkratryggingar (sem kalla ætti heilsutryggingar) sem starfsmenn semja um við vinnuveitendur sína innan ramma sem stéttarfélög og stjórnvöld þurfa að innleiða.

Í Danmörku hafa um 80% starfsmanna í einkageiranum samið við vinnuveitanda sinn um viðbótar heilsutryggingu. Dæmigert iðgjald er aðeins um 6.000 kr. á mánuði pr. starfsmann. Ekkert er dregið af starfsmanninum en upphæðin er tekjuskattsskyld. Hvatinn er lægri launatengd gjöld og betri heilsa starfsfólks.

Semja má um að viðbótar heilsutryggingin gildi fyrir maka og börn. Viðbótar heilsutryggingar tryggja stuttan biðtíma eftir skoðun og meðferð hjá einkareknum heilsustofnunum ef á þarf að halda. Það léttir álagi af opinberum heilsu-

stofnunum. Algengt er að skilmálar kveði á um hámarks biðtíma eftir valkvæðum aðgerðum svo sem hnjá-, mjaðma- og augnsteina-skiptum. Fyrir starfsmenn bætir þetta heilsu og liðan og fyrir vinnuveitendur flýtir þetta fyrir endurkomu starfsmanna eftir heilsubrest.

Um fjórðungur Dana nýtti viðbótar heilsutryggingar sínar árið 2019.

Í Svíþjóð hafa um 700.000 manns tekið viðbótar heilsutryggingar. 70% tryggingariðgjalds er greitt af vinnuveitanda. Mörg stéttarfélög bjóða meðlimum viðbótar heilsutryggingar.

Vernd viðbótar heilsutryggingar er yfirleitt yfirgripsmikil. Hún tekur gjarnan til ráðgjafar varðandi fyrirbyggjandi heilsugæslu, skipulags umönnunar og kostunar umönnunar heilbrigðissérfræðinga þegar á reynir. Einnig fjárhagsstuðnings þegar um tekjufall er að ræða vegna lengri veikindaleyfa, bætir sem dæmi hluta af tekjufalli fólks í veikindaleyfum umfram samningsbundinn rétt upp í 90%.

Tryggingafélögin sem bjóða auka heilsutryggingar keppa um að bjóða góða skilmála og hagstæðar bætur. Innihaldið er að hluta breytilegt en að mestu sambærilegt, það er fyrirbyggjandi heilsuráðgjöf, umönnunaráætlun og kostun heilbrigðisþjónustu. Forvarnir og endurhæfing eru oft með.

Tryggingafélögin eru gjarnan með samstarfssamninga við einkareknar lækna stofur en sum sérhæfðari umönnun er eingöngu veitt af stóru sjúkrahúsum í Svíþjóð sem allir hafa sama aðgang að.

Árið 2018 voru næstum 14% allra starfsmanna með viðbótar heilsutryggingu. Algengastar eru heilsutryggingar í byggingariðnaði, þar sem 20% eru með viðbótar heilsutryggingar. Í fjármálaþjónustu eru 19% með viðbótar heilsutryggingar og í smásölu 14%.

Viðbótar heilsutrygging stuðlar að því að fólk fái viðeigandi umönnun fljótt þegar þörf gerist og léttir álaginu af ríkisrekna kerfinu. Tryggingarnar ná til alls atvinnulífsins og þar með til alls almennings. Þær efla heilbrigðisþjónustuna heilt yfir því þær veita auknu fjármagni og mikilvægum hvötum í kerfið.

Auk ofangreinds fá heilbrigðisstofnanir í Svíþjóð að hluta til greitt eftir árangri og gæðum þjónustunnar sem þær veita, eftir mælingum og endurgjöf notenda. Meðal verkfæra í þessu sambandi er heimasíða þar sem árangur er borinn saman, sjá [www.munin.vgregion.se](#). Einkareknar stöðvar skora sumar fyrir ofan opinberar stöðvar eins og sýnir sig hér með einkareknar heilsugæslustöðvar.

(Óbein) samkeppni um viðskiptavini (sjúklinga) og vinnuafl (heilbrigðisstarfsfólk) bætir almennt þjónustu fyrirtækja (heilbrigðisstofnana). Þetta þarf að nýta í heilbrigðisþjónustunni eins og öðrum greinum. Það næst með ofangreindum hvötum og blöndu einkareksturs og ríkisreksturs.

Aðgerðir

Stéttarfélög, atvinnurekendur og stjórnvöld þurfa að semja um innleiðingu valkvæðra viðbótar heilsutrygginga, sem koma til viðbótar núvarandi sjúkratrygginga (heilsutrygginga).

Stjórnvöld þurfa að innleiða greiðslukerfi til veitenda heilbrigðisþjónustu, hvort sem þeir eru ríkiseða einkareknir, eftir fjölda aðgerða og gæðum aðgerða og þjónustu samkvæmt mælingum og endurgjöf notenda heilbrigðisþjónustu.

Þetta myndi veita herra hlutfall af þjóðarframleiðslunni í heilbrigðismál og færa heilbrigðisþjónustuna í það horf sem almenningur vill að hún komist í. ■

Skýr áhersla skilar árangri



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Þær góðu fréttir bárust í síðustu viku að hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum hefði á árinu 2020 náð 11,4%. Þar með hefur markmiði stjórnvalda um 10% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum fyrir árið 2020 verið náð og gott betur en það. Markmiðið sem sett var fram í þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi fyrir réttum tíu árum markaði tímamót og var fyrsta markmið stjórnvalda í orkuskiptum í samgöngum. En þar var sett fram sú sýn að stefna ætti að orkuskiptum í samgöngum og leysa ætti jarðefnaeldsneyti af hólmi með innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum.

Þessi þróun hefur tekið stökk á undanföllum árum en árið 2020 var hlutfall nýskráðra nýorkubíla 45% hér á landi sem er næsthæsta hlutfall í nýskráningum slíkra bíla í heiminum á eftir Noregi samkvæmt nýbirtum tölum. Orkuskipti í samgöngum voru einn af burðarásum fyrstu aðgerðaáætlunar ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum sem sett var fram árið 2018 og voru útfærðar nánar í þeirri uppfærðu áætlun sem stjórnvöld settu fram í fyrrasumar. Áætlunin vísar okkur veginn um hvernig markmiðum Íslands um samdrátt

í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030 verður náð. Losun frá vegasamgöngum nemur um þriðjung allrar losunar á beinni ábyrgð Íslands og því brýnt að árangur náist á þessu sviði.

Ný orkustefna markar einnig leiðina fram á við í þessum málum en í henni er skýr framtíðarsýn um að hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa verði orðin 40% árið 2030 og að Ísland verði alfarið óháð jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050. Aðgerðir stjórnvalda á síðustu árum hafa markvisst beinst að því að tryggja árangur á þessu sviði. Meðal þeirra helstu má nefna skattalegar ívilnanir fyrir vistvæn ökutæki, hleðslustöðvar og virka ferðamáta svo sem reiðhjól, rafmagnsreiðhjól og rafmagnshlaupahjól sem námu um 5,8 milljörðum í fyrra og áætlað er að þær verði svipaðar á þessu ári.

Við þetta styðja einnig framlög til að stuðla að breyttum ferðavenjum, einkum til að efla almenningssamgöngur og byggja upp innviði fyrir virka ferðamáta, svo sem göngu- og hjólastíga, en þau hafa einnig aukist umtalsvert á liðnum árum og nema nú tæpum fimm milljörðum króna árlega. Þá hafa beinir styrkir til orkuskipta-verkefna í gegnum Orkusjóð einnig farið vaxandi á liðnum árum auk þess sem settar hafa verið reglur um söluskyldu endurnýjanlegs eldsneytis.

Meðal þeirra viðbótaraðgerða sem kynntar voru í tengslum við hert loftslagsmarkmið stjórnvalda í desember voru aukinn stuðningur við orkuskipti, meðal annars á sviði ferðaþjónustu og í



Allar þessar aðgerðir endurspeгла þá skýru áherslu sem ríkisstjórnin hefur lagt á að setja loftslagsmálin í forgang.

Þungaflutningum og enn frekari stuðningur við umhverfisvænar almenningssamgöngur og betri innviði fyrir virka ferðamáta.

Allar þessar aðgerðir endurspeгла þá skýru áherslu sem ríkisstjórnin hefur lagt á að setja loftslagsmálin í forgang. Sú áhersla er að skila árangri. Loftslagsáætlun stjórnvalda byggist á raunhæfum aðgerðum og öflugum samstarfi við ólíka geira samfélagsins. Nú þarf að halda áfram á sömu braut, tryggja að loftslagsmálin verði áfram í fyrsta sæti á komandi kjörtímabili og varða leiðina að kolefnishlutlausu Íslandi með réttlátum umskiptum. ■

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 10. júní kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Kosning stjórnar og varamanna
4. Tryggingafræðileg athugun
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Skráning á fundinn og vefstreymi hans fer fram á [frjalsi.is](#).

Sjálfkjörið er í aðalstjórn og varastjórn. Fundargögn og aðrar upplýsingar um fundinn má nálgast á vefsíðu sjóðsins.

Við komu á fundinn þurfa sjóðfélagar að framvísa skilríkjum með mynd. Grímuskylda er á fundinum vegna sóttvarnareglna.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.



Okkar elsku besti Soffi,
**Kristinn Soffanías
Rúnarsson**

er látinn.
Útför verður auglýst síðar.

Kristin Soffaníasdóttir
Rut Rúnarisdóttir
Leon Logi Hafsteinsson
Hulda Vilmundardóttir
Aimée Zeinab Diallo

Rúnar Sigtryggur Magnússon
Hafsteinn Mar Sigurbjörnsson



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Bjarnfríður Andrea
Guðnadóttir**
(Adda)

Lést á heimili sínu í faðmi
fjölskyldunnar, mánudaginn 31. maí sl.
Útför hennar fer fram frá Frikirkju Hafnarfjarðar
fimmtudaginn 10. júní kl. 13.00. Allir velkomnir.
Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir, þeim sem vilja
mínast hennar er bent á Lif styrktarfélag
Kvennadeildar Landspítalans.

Þór Magnason
Guðrún Guðmundsdóttir
Andrea Ruth Gísladóttir
Þórólfur Freyr Þórsson

Gísli Haukur Þorvaldsson
Maria Þrá Gísladóttir



Elsku mamma okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

Ingibjörg Hulda Ellertsdóttir
áður til heimilis að Brekkugötu 38,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 3. júní.
Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju
föstudaginn 11. júní kl. 13.00.

Jónína Freydis Jóhannesdóttir
Anna Hafdis Jóhannesdóttir
Agnes Bryndis Jóhannesdóttir
Jórunn Eydis Jóhannesdóttir
Hanna Vigdis Jóhannesdóttir
ömmu og langömmubörn.

Ingvi Þór Björnsson
Óskar A. Óskarsson
Reimar Helgason
Páll Viðar Gíslason



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Oddný Eyjólfssdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí í
Reykjavík föstudaginn 28. maí.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.

Ólína Ágústa Jóhannesdóttir
Jóhannes Ágúst Jóhannesson
Anna Margrét Jóhannesdóttir
Högni Hróarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Kjartan Georg Gunnarsson



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Kristjana Friðbertsdóttir
(Systa)

lést á líknardeild Landspítalans í
Kópavogi mánudaginn 24. maí.
Útförin fer fram frá Þorlákskirkju í
Þorlákshöfn laugardaginn 12. júní klukkan 13.

Hafsteinn Sigmundsson
Elias Hafsteinsson
Kristjana E. Hafsteinsdóttir
Kári Hafsteinsson
ömmubörn og langömmubörn.

Sölvi Karin Iversen
Winfried Mende
Hafdis Þorgílsdóttir

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.



Vinkonurnar Þuríður Jónsdóttir tónskáld og Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari biða stóru stundarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tónverk sem endar á goshljóði

Leikslok nefnir Þuríður Jónsdóttir tónskáld nýjan fiðlukonsert sem Sinfóníuhljómsveitin frumflytur í Eldborg annað kvöld. Una Sveinbjarnardóttir er í aðalhlutverki, Daníel Bjarnason stjórnar.

gun@frettabladid.is

Hljóðmyndin í nýju tónverki Þuríðar Jónsdóttur tekur mið af hugmynd um framtíðina þar sem mannkynið hefur tortímt sjálfu sér. Enda nefnist verkið Leikslok. Það tekur 20 mínútur í flutningi og endar á nýrri hljóðupptöku frá gosinu í Geldingadölum eftir Magnús Bergsson. Verkið er á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á morgun.

„Það er mikið verkefni að ljúka stóru tónverki þar sem huga þarf að hverju hljóðfæri,“ segir Þuríður. „Ég mátti miða við fullskipaða hljómsveit, 70 manns. Það eru fjórir slagverksleikarar, það er harpa og píanó, öll strengjasveitin og þrefaldir blásarar, sem sagt þrjár flautur, þrjú klarinett og þrjár básúnur. Svo er ég með umhverfisupptöku. Það var ákveðið seint í ferlinu en passaði mjög vel inn í hljóðheiminn sem ég er með og hugmynd verksins um grunnnáttúruöfl þar sem manneskjan er ósköp lítið atriði.“ Til að fyrirbyggja misskilning tekur hún fram að mannskapurinn í Eldborg hafi mikið gildi, fjöldi manns verði á sviðinu og fiðluleikarinn Una í aðalhlutverki.

Sumir spila með gúmmihanska

Þuríður segir fiðlukonsertinn hafa verið pantaðan af Sinfóníunni. „Ég fékk samning um það sem var mikill heiður, það eru komnir þrjú ár síðan en frumflutningur hefur frestast. Við Una erum vinkonur og höfum átt þann draum í tíu ár að ég skrifaði fyrir hana fiðlukonsert fyrir Sinfó.“

Hún kveðst semja í huganum og skrifa



Það þurfti þolinmæði til að ná ómenguðu hljóði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

á nótnaforrit í tölvu. „Ég fer alltaf dálítið út fyrir hefðbundna notkun hljóðfæra og því er partur af vinnunni að heimsækja hljóðfæraleikara og prófa ýmislegt.

Við Una höfum farið saman út úr bænum í vinnubúðir og ég var búin að hitta hörpuleikarann og slagverksleikara. Nokkrir í hljómsveitinni eru með óvanalega stillingu á hljóðfærunum sínum í þessu verki og sumir spila með gúmmihanska. Útkoman er svolítið eins og hljóðfærið sé að spila á manneskjuna, en ekki öfugt, þetta eru allt hlutir sem þarf að prófa og finna út hvernig eigi að skrifa nóturnar,“ segir Þuríður og vill að fram komi að sólóistinn Una sé ekki í hönskum og alveg með fiðluna sína stillta. „Ég hugsa þetta þannig að fiðlan sé í fókusi en hljómsveitin svolítið blörruð eða í móðu. Þannig er dálítið af óhefðbundinni tækni í sumum hljóðfærum.“

Eins og hlusta á popp

Þrátt fyrir þessar tilraunir telur Þuríður verkið aðgengilegt og hlustendavænt. „Þetta er bara eins og að hlusta á popptónlist, fólk opnar eyrun og þarf enga heimspeki eða sérstaka fagurfræðipækkingu til að njóta. Bara að slaka á. Það er alveg bit í þessu verki, ég segi kannski ekki laglína en ýmislegt að hlusta á og horfa. Þá er ég nú bara að tala um hvernig sveitin er að spila.“

Spurð hvort hún hafi bætt gosinu við óvænt eða verið búin að hugsa sér annan endi með náttúruhljóðum segir Þuríður. „Í öðru verki eftir mig sem heitir Farvegur heyrir í roki sem Magnús Bergsson tók upp fyrir mig. Mér hafði dottið í hug að nota búið úr þeirri upptöku. Svo kom gosið. Það var ekki auðvelt fyrir Magnús að fanga hreint hljóð frá því, ýmist var of mikill vindur eða margt fólk, en það tókst með þolinmæðinni.“ ■

Þetta gerðist: 9. júní 1976

Konungur sveiflunnar kemur til landsins

Bandaríski klarinettuleikarinn Benny Goodman sem gjarnan var nefndur konungur sveiflunnar, kom til Íslands þennan mánaðardag árið 1976. Erindið var að halda tónleika á Listahátíð í Reykjavík.

Hingað flaug Goodman frá Kaliforníu. Í móttökunefnd á flugvellinum voru Geirlaug Þorvaldsdóttir, fulltrúi Listahátíðar,

Ingimundur Sigfússon í Heklu sem átti hvað mestan þátt í að fá meistarann hingað og Jón Múli Árnason, djassunnandi landsins númer eitt sem kvaðst vera búinn að biða eftir því í fjórutíu ár að hitta snillinginn.

Fimm dögum síðar hélt Goodman tónleika sína í troðfullri Laugardalshöllinni. ■



ALLT

MIÐVIKUDAGUR 9. júní 2021

KYNNINGARBLAÐ



Nýir þættir með þeim félögum eru nú sýndir í Danmörku og vonandi á leið hingað enda vinsælir á Íslandi.

Klovn snýr aftur

elin@frettabladid.is

Trúðarnir Frank og Casper eru komnir til baka með nýja þáttaröð af Klovn. Þetta er sú áttunda í röðinni og var fyrsti þáttur sýndur hjá TV2 PLAY í Danmörku á sunnudag. Margir héldu að þeir félagar myndu hætta framleiðslu eftir bíómyndina Klovn the Final. En þeir eru ekki af baki dottnir og áhorfendur geta hlakkað til að fá smá hroll í magann með þeim.

Nýju þættirnir fjalla um hvað gerist þegar menn ná fimmtugsaldri með sína bestu daga að baki, eins og það er orðað og börnin orðin stór. Þegar þættirnir hófust voru þeir félagar um þrítugt og að koma sér vel fyrir í lífinu. Síðan eru liðin 16 ár og þeir því orðnir miðaldra.

„Við erum orðnir eldri og þá er kominn tími til að viðurkenna ýmsa galla,“ segir Casper Christensen. „Við getum kallað þetta síðsumarið okkar. Eins og fallegur haustskógur með laufum í mörgum litum sem fljótlega breytist í drullu og rotnandi massa á jörðinni. Góð blanda af nægjusteimi og depurð,“ segir Frank Hvam.

Gestaleikarar

Þeir boða ferskan andblæ og marga þekktu gestaleikara.

Meðal þeirra sem komið hafa fram í þáttunum eru Mette Blomsterberg, Lars von Trier og Mads Mikkelsen.


Niunda þáttaröðin mun vera komin í vinnslu. Jyllands-Posten hrósar þeim félögum fyrir fyrsta þáttinn og segir þá hafa skemmtilega nálgun á miðaldra karla. ■

Járn – munnúði

Meira magn
- Miklu betra verð!



Fæst í völdum apótekum,
Hagkaup og Fjarðarkaup



Leikkonan Saga Garðarsdóttir er andlit OH MY COD!, nýja og náttúrulega andlits-serumsins frá Feel Iceland.

MYND/KÁRI SVERRISSON

Nýtt undraserum úr þorski

OH MY COD! er nýtt íslenskt andlits-serum frá Feel Iceland, unnið úr ensímum og kollageni úr þorski ásamt hýalúronsýru. Húð 55 kvenna á aldrinum 36 til 60 ára sýndi 65% meiri raka, 31% meira kollagen og 22%meiri teygjanleika eftir þriggja mánaða notkun. **2**



Áhrifin af því að bera ensím úr íslenskum þorski á húðina með OH MY COD! kalla sannarlega á upphrópun því árangur kemur fljótt í ljós og húðin verður unglegrí og rakameiri. MYND/KÁRI SVERRISSON

OH MY COD! andlits-serumið er nýjasta afurð Feel Iceland. Það er svo hreint og náttúrulegt að óhætt er að borða það, þótt ekki sé sérstaklega mælt með því.

Nafnið OH MY COD! varð fyrir valinu til að gera sem mest úr uppruna vörunnar, jafnvel þótt ekki sé svo aðlaðandi að bera þorsk framan í sig, en að sjálfsögðu er engin fiskilykt af andlits-seruminu.

Það er sannarlega óvanalegt að nota þorsk í fegrunarvörur, en erlendis eru seldar gríðarvinsælar andlitsmeðferðir með snigilsslímskremum og fuglaskitsmeðferðum. Íslenska aðferðin verður því þorskur í andlitið.

Með OH MY COD! er nýttur hluti þorsks sem áður var hent og því hefur varan jákvæð áhrif á umhverfið. Afurðir íslenska þorsksins, sem áður var fargað, eru nú notaðar í ólíklegustu vörur.

Feel Iceland kollagen er svo ekki aðeins að finna í nýja andlits-seruminu heldur einnig í hágæða fæðubótaefnum frá Feel Iceland sem vinna á móti seruminu innan frá.

Nafnið OH MY COD! ber uppruna vörunnar fagurt vitni, jafnvel þótt ekki þyki aðlaðandi að bera þorsk framan í sig, en að sjálfsögðu er engin fiskilykt af andlits-seruminu.

Oh my Cod! endurnýjar húðina

Í íslenska andlits-seruminu OH MY COD! er öflug blanda af ensímum og kollageni úr íslenskum þorski, auk hýalúronsýru.

Húð okkar er stöðugt að endurnýja sig. Ferlið byrjar í neðstu lögum húðarinnar, þar sem frumur margfaldast og færast svo upp á yfirborðið. Við fjarlægjum ensímið Trypsin úr þorski og notum það í OH MY COD! serumið. Trypsin er ensím sem líkaminn framleiðir sjálfur og spilar stórt hlutverk í



Andlits-serumið OH MY COD! er íslensk náttúruafurð unnin úr ensímum og kollageni íslensks þorsks.

endurnýjunarferli húðarinnar með því að fjarlægja dauðar frumur í efsta húðlagi og örva endurnýjun húðarinnar í kjölfarið.

Þorskensím eru hitastignæm og verða mjög virk þegar þau

komast í snertingu við hefðbundinn líkamshita og hjálpa húðinni að endurnýjast með því að leysa upp eldri húðfrumur. Með því að bera ensímin á húðina hjálpa þau við endurnýjun með því að brjóta niður eldri húðfrumur sem eykur teygjanleika og stuðla að sléttari húð. Því næst taka hýalúronsýra og kollagen til starfa og gefa húðinni aukinn raka, ásamt því að mýkja hana, styrkja og draga úr finum línunum.

Hannað fyrir andlit og háls

Feel Iceland er frumkvöðlafyrirtæki sem var stofnað af Hrönn Margréti Magnúsdóttur og Kristínu Ýr Pétursdóttur árið 2013. Það framleiðir fæðubótarefni og húðvörur og nýtir til þess hráefni úr hafinu sem áður voru ekki nýtt og jafnvel hent. Markmið Feel Iceland er að bæta liðan, kraft og fegurð á sjálfbæran hátt, fyrir líkama okkar og jörðina. Meðal vinsælla vara Feel Iceland er Age Rewind Skin Therapy sem inniheldur einstaka blöndu fyrir húðina. Hún inniheldur hýalúronsýru sem gegnir lykilhlutverki

þegar kemur að raka húðarinnar, kollgen sem er eitt aðal uppbygg-ingarprótein líkamans og gerir húðina stinna, og C-vítamín sem styður við kollagenframleiðslu líkamans.

Age Rewind virkar einstaklega vel með OH MY COD! andlits-seruminu. Saman mynda þessar vörur fullkomna tvennu fyrir heilbrigða og ljómandi húð.

„OH MY COD! serum er framleitt og þróað á Íslandi, og sérstaklega hannað fyrir andlit og háls. Það hentar öllum húðgerðum og inniheldur einungis níu innihaldsefni. Berið tvo til þrjá dropa á hreina húð. Sýnið varkárni þegar borið er í kringum augnsvæðið. Oh my Cod! serum er ofnæmisfrítt og án olíu, parabena og ilmefta. Inni-heldur fisk. ■

*Samkvæmt þriggja mánaða rannsókn á 55 konum á aldrinum 36 - 60 ára sem notuðu serumið 2x á dag í 3 mánuði

OH MY COD! andlits-serum fæst í Hagkaup, Lyfju, Lyf og heilsu og Heilsuhúsinu. Sjá feeliceland.com

Osprey Bakpokar

-eitt mesta úrval landsins!

Kestrel 38L Göngubakpoki

33.990 kr.

Lífstíðarábyrgð

Stillanlegt bak

Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur

Brjóstól á sleða og með neyðarflautu

Göngustafa festing

Hámarksöndun í baki

Flöskuvasar

Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna

Vasi á mjaðmabelti

Vasi í topploki

Netavasi með lyklahengju undir topploki

Hægt að opna á hliðinni

Netapoki

Tvískipt hólfi

Lykkja fyrir ísöxi

Svefnpokaólar



Aether 65L ♂ / Ariel 65L ♀
Burðarbakpoki
51.990 kr



Raptor 10L ♂ / Raven 14L ♀
Hjólalbakpoki
26.990 kr / 27.990 kr



Talon 22L ♂ / Tempest 30L ♀
Físléttur alhliða bakpoki
26.990 kr / 29.990 kr



Arcane Tote Pack 20L ♀ ♂
Gerður úr endurunnum efnum
19.990 kr



Transporter dufflar
Verð frá: **23.990 kr**



Hydraulics vatnspokar
Verð frá: **7.590 kr**



Regnplast í ýmsum stærðum
Verð frá: **4.190 kr**



Skipulagspokar
Þrír saman í einum pakka
6.490 kr



Seral 7
Mittistaska með vatnspoka
17.990 kr



Daylite Waist
Mittistaska fyrir nauðsynjar
6.490 kr



Daylite 13L
Alhliða bakpoki
11.990 kr



Daylite Duffel 30L
Alhliða taska
13.990 kr

Stingum af ...

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30 – 18, Laugardaga 11-15

Áhrifin kraftaverki líkust

Hvannarrótin frá ICEHERBS getur aukið lífsgæði með því að viðhalda heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás ásamt því að bæta meltinguna. Varan er 100% hrein, náttúruleg og án óþarfra fylliefna.

Friðrik Guðmundsson vaknaði á hverri nóttu til að pissa þar til hann fór að nota hvannarrót.

„Ég var alltaf að vakna og það kom fyrir að ég lenti í smávægilegum þvagleka. Einhver benti mér á að fara í heilsubúð til að fá eitthvað við þessu og þar var mér bent á hvannarrót. Ég var nú efins um þetta en ákváð samt að prófa og þetta reyndist vera lausnin fyrir mig,“ segir Friðrik. „Nú séf ég allar nætur og verð aldrei var við neinn þvagleka. Mér fannst breytingin alveg ótrúleg og það tók merkilega stuttan tíma, um viku eða tíu daga, fyrir vandamálið að hverfa alveg.

Þetta var eins og kraftaverk,“ segir Friðrik. „Ég er nú orðinn svolítið gamall og hélt að þetta væri bara aldurinn og hafði spurt lækni um þetta og hann sagði að þetta fylgdi aldrinum. Það hafði örugglega áhrif, en þetta leysti vandann.

Ég nota hvannarrót ennþá og tek eina töflu á dag, en ekki á neinum ákveðnum tíma,“ segir Friðrik. „Ég hef ekki orðið var við neinar aukaverkanir eða neitt slíkt, ég losnaði bara við vandamálið.

Ég myndi hiklaust mæla með hvannarrót fyrir alla sem glíma við þetta vandamál. Ég hélt að það væri



ekkert til við þessu og hafði prófað aðrar lausnir sem virkuðu ekki eins vel, þannig að þetta var bylting fyrir mig,“ segir Friðrik. „Ég vona að þetta geti hjálpað fleirum.“

Hvannarrótin frá ICEHERBS
Hvannarrót er úr íslenskri æti-hvönn, sem heitir á latínu Angelica archangelica. Æti-hvönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum krafti og rótin á plöntunni virðist vera virkari og hafa mun meiri örvandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarrótin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurtabeðmi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Æti-hvönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í norðurálfi til forna, en hún vex aðallega á norðlægum slóðum eða hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar plöntunnar hafa verið nýttir í gegnum tíðina



Friðrik Guðmundsson segir að hvannarrót hafi hjálpað honum griðarlega. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

en rótin var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum ofvirkrar þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás. Sýnt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg og fyrir utan jákvæð áhrif hennar á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppþembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið

gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi æti-hvannar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennd hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að æti-hvönnin sé einkar virk og öflug jurt.

Hrein náttúruafurð
Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna þær í hreinar, neytendavænar vörur fyrir viðskiptavinum.

„Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og notum engin óþörf fylliefni,“ segir Katrín Amni, framkvæmda-

stjóri Náttúrusmiðjunnar. „Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu.“

Hvannarrótin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Fæst einnig í nýrri vefverslun ICEHERBS iceherbs.is með frírrí heimsendingu ef pantað er fyrir 8000 kr. eða meira



Ætla að ganga þúsund kílómetra á árinu



Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

María Níelsdóttir og Rúnar Már Jónatansson settu sér það markmið í upphafi árs að ganga samtals eitt þúsund kílómetra fyrir árslok. Þau fara í göngu nær daglega, sama hvernig viðrar og hafa þegar lagt tæplega sjö hundruð kílómetra að baki.

„Við Rúnar höfum alla tíð hreyft okkur mikið. Ég æfði fótbolta í mörg ár og hann æfði skíði. Við hjónin höfum verið saman í golfi og förum mikið á skíði. Á síðasta ári varð ég hins vegar að taka því rólega því ég fór í hnéaðgerð og í kjölfarið mátti ég ekki reyna mikið á hnéð. Um áramótin fannst mér þó kominn tími til að fara af stað aftur og við Rúnar ákváðum að ganga 1.000 km árið 2021, sem eru um 3 km á dag. Við förum út að ganga daglega og látum veðrið aldrei stoppa okkur,“ segir María, sem vinnur á skrifstofunni hjá Minja-vernd.

„Við byrjuðum á að ganga á jafnsléttu í hverfinu okkar en við búum í Mosfellsbæ og þar er fjöldinn allur af góðum gönguleiðum. Við höfum líka farið Alftaneshringinn, Gróttuhringinn og Búrfellsgjána, gengið um Elliðárdalinn og í kringum Vífilsstaðavatn, svo eitthvað sé nefnt, en þetta eru allt skemmtilegar gönguleiðir,“ segir María.

Eftir að hún fór að styrkjast í hnénu fóru þau hjón að ganga á fellin í Mosfellsdalnum en þar er búið að stíka gönguleiðir upp á topp. „Við göngum oftast á Úlfarsfell, Mosfell, Reykjafell, Helgufell, Reykjaborg, Grímannsfell og Æsustaðafjall. Við erum tvisvar búin að ganga að eldgosinu, fyrst þegar það var nýbyrjað að gjósa og svo síðar þegar það var búið að laga leiðina að því. Svo höfum við gengið nokkrum sinnum á Esjuna. Mér finnst þetta allt skemmtilegar og hæfilega erfiðar gönguleiðir. Þegar komið er upp á fjallstopp er



yndislegt að horfa yfir landið og njóta í góðu veðri. Ein af mínum uppáhaldsgöngum er upp á Reykjafell, þaðan yfir á Æsustaðafjall og loks niður í Skammadal, en þar er þyrping skemmtilegra og skrautlegra húsa sem gaman er að skoða,“ segir María, sem fylgist með lengd hverrar göngu í gegnum smáforritið Steps í símanum. „Það telur bæði skref og kílómetra. Núna erum við kominn upp í 666 km, svo ég reikna með að við verðum búin að ná markmiðinu í haust. Við erum líka í golfi og hver hringur er um 6-8 km en við tökum það ekki með í þessa tölu.“

María nefnir að þau hjón séu heppin með vini og vandamenn,

sem einnig stundi göngur. „Við höfum gengið mikið með vina-hópum úr ýmsum áttum. Félags-skapurinn er frábær og skiptir ekki minna máli en göngurnar sjálfar. Það hefur líka verið hressandi andlega í kórónaveirufaraldrinum að hitta fólk og ganga saman. Um helgar eru göngurnar lengri en á virkum dögum og þá gerum við meira úr þessu og fáum okkur gjarnan kaffi með göngufélögum okkar. Þessar göngur hafa í raun verið algjör lífsbjörg í faraldrinum,“ segir hún.

Hreyfingin í forgang
María segir lítið mál að koma gönguferðum inn í daglega rútinu.

María og Rúnar hafa gengið tvisvar sinnum að gosinu og farið á flest fell í Mosfellsdal. María segir göngurnar hafa verið lífsbjörg í kórónaveirufaraldrinum. **MYND/ADSEND**

Um helgar eru göngurnar lengri en á virkum dögum og þá gerum við meira úr þessu og fáum okkur gjarnan kaffi með göngufélögum okkar. Þessar göngur hafa í raun verið algjör lífsbjörg í faraldrinum.

„Um leið og við komum heim úr vinnunni reimum við á okkur gönguskóna og förum út. Þetta er í forgangi hjá okkur. Stundum tökum við lítinn hring um hverfið en okkur finnst skipta máli að fara út og fá ferskt loft eftir vinnudaginn. Mér finnst líka hvetjandi að hafa markmið til að stefna að. Það ýtir okkur af stað. Við plönum ekki sérstaklega hvert við göngum á virkum dögum og förum bara þangað sem okkur langar hverju sinni en við plönum helgargöngur með nokkurra daga fyrirvara.“

Spurð hvort hún finni mun á sér eftir að þau fóru að stunda reglulegar göngur segir María að svo sé. „Ég er orðin miklu betri í hnénu, hef meira þrek og úthald og hef styrkst mikið frá áramótum. Þetta hefur líka þau áhrif að ég hugsa meira um mataræðið. Ég hef sjálfkrafa minnkað sykurinn og óhollustuna og hugsa meira um hvað ég set ofan í mig til að fá góða orku,“ segir María.

Í sumar ætla þau að fara hringinn í kringum landið og nota tækifærið til að kanna nýjar gönguleiðir. „Við stefnum á að ganga Leggjabrjót með góðum vinum. Svo ætlum við í eina göngu sem hefur lengi verið á dagskrá, eða frá Súðavík yfir í Arnardal, þar sem fjölskyldan á sumarhús. Við hlökkum mikið til að láta loksins verða að því.“ ■

MARKAÐURINN

MIDVIKUDAGUR 9. JÚNÍ 2021

23. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TAG Heuer

NOMOS
GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Glæsilegt úrval heimsþekktra
vörumerkja

MICHENSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

**Markaðsvirði Controlant
nágast 40 milljarða**

2 Útlit er fyrir ævintýranlegan tekjuvöxt fyrirtækisins og að þær verði um 15 milljarðar á árinu 2022 eftir að hafa numið tæplega einum milljarði í fyrra.

**Taconic fjármagnaði
yfirtöku Skeljungs**

2 Vogunarsjóðurinn, ásamt meðal annars Kviku og TM, kom að fjármögnun á skuldsettu yfirtökutilboði Skeljungs í byrjun ársins.

Rökrétt að fara á markað

5 Solid Clouds, sérhæft í herkænsku- og hlutverka-leikjum, stefnir á að gefa út tölvuleiki á þriggja ára fresti. Vilja stytta þann tíma sem það tekur að próa leiki.

**Íslenskar sultur
seldar í Publix**

6 Bandaríska verslanakeðjan hóf við upphaf mánaðar sölu á þremur gerðum af sultum frá íslenska fyrirtækinu Good Good í 1.268 verslunum. Veltan að tvöfaldast.

**Opinber fjármál
undir þrýstingi**

7 Engin regluleg úttekt fer fram á opinberum útgjöldum hér á landi. Ísland er í hópi sex landa af 33 innan OECD sem framkvæmir ekki slíka úttekt, segir hagfræðingur hjá SA.

Ásókn í bankabréfin

Óhætt er að segja að markaðurinn hafi tekið verðlagningunni á Íslandsbanka mjög vel. Ríflegur afsláttur í samanburði við markaðsgengi Arion banka skilar sér í verulegri umframeftirspurn. **Sjá síðu 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

OAKLEY hlaupa- og hjólaglæraugu.

* hlaupari Hlynur Andrússon * Oakley Sutro Lite

Opticalstudio.is Sími : 511 - 5800



Vogunarsjóðurinn Taconic Capital kom að fjármögnun á yfirtöku Skeljungs

hordur@frettabladid.is

Vogunarsjóðurinn Taconic Capital, sem var stærsti hluthafi Arion banka um nokkurt skeið, var meðal þeirra sem kom að fjármögnun á skuldsettri yfirtöku félagsins Strengs, sem hjónin Ingibjörg Pálmadóttir og Jón Ásgeir Jóhannesson og Sigurður Bollason fara meðal annars fyrir, á Skeljungi í byrjun ársins, samkvæmt staðfestum heimildum Markaðarins.

Auk Taconic, sem seldi allan 24 prósentu hlut sinn í Arion á fyrstu þremur mánuðum ársins, var yfirtakan fjármögnuð með aðkomu Kviku og TM. Stærstur hluti fjármögnunarinnar var hins vegar frá Arion banka og Íslandsbanka, umsjónaraðilar með yfirtökunni. Strengur, sem átti þá um 36 prósentu hlut, setti fram tilboð í alla hluti Skeljungs í nóvember í fyrra á genginu 8,315 krónur á hlut sem verðmat það á 16 milljarða.

Fáir hluthafar Skeljungs samþykktu yfirtökutilboðið, eða aðeins eigendur 2,56 prósentu hlutafjár, en í kjölfarið bætti Strengur við sig hlutum með kaupum á markaði – á gengi yfir 10 krónur á hlut – og varð meirihlutaeigandi með rúmlega 50 prósentu hlut í byrjun janúar. Markaðsvirði Skeljungs er í dag 20 milljarðar.



Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Skeljungs.

Viðskiptin við yfirtökuna, sem af þeim sem til þekkja eru sögð hafa verið einstaklega flókin í framkvæmd, voru fjármögnuð með veðlánnum frá bönkum, víkjandi lánnum, brúarlánnum auk eiginfjárfamlags.

Þegar yfirtökutilboðið var lagt fram undir lok síðasta árs boðuðu forsvarsmenn Strengs miklar breytingar á rekstri Skeljungs ef yfirtakan næði fram að ganga og vísuðu þá meðal annars til þess að félagið gæti ekki reitt sig á tekjur af bensínsölu á neytendamarkaði til lengri tíma lítið. Þannig yrði stefnt að því að selja ýmsar eignir á borð við lóðir, fasteignir og rekstrareiningar auk þess sem stjórnendur Strengs hafa lýst yfir vilja til að skrá Skeljung af markaði.

Á meðal þeirra eigna sem Skeljungur skoðar nú að selja frá sér er oliufélagið P/F Magn, dótturfélag Skeljungs í Færeyjum. ■

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Höður Ágísson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Tekjur Controlant nífaldast og metið á um 40 milljarða

Útlit er fyrir ævintýranlegan tekjuvöxt fyrirtækisins og að þær verði um 15 milljarðar á árinu 2022 eftir að hafa numið tæplega einum milljarði í fyrra. Miðað við síðustu viðskipti með bréf í Controlant hefur markaðsvirðið tvöfaldað á örfáum mánuðum.

hordur@frettabladid.is

Markaðsvirði íslenska hátæknifyrirtækisins Controlant, byggt á nýlegum viðskiptum með bréf í félaginu, hefur meira en tvöfaldað á aðeins um hálfu ári og nemur nú tæplega 40 milljörðum króna.

Tekjuvöxtur Controlant, sem hefur meðal annars verið í lykilhlutverki við dreifingu á bóluefni gegn COVID-19 fyrir lyfjarisann Pfizer, er mun meiri en fyrri áætlanir ráðgerðu en útlit er fyrir að tekjurnar á þessu ári nífaldist frá árinu 2020 og verði samtals 63 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 7,6 milljarða króna. Á næsta ári er búist við því að tekjurnar vaxi áfram og verði 125 milljónir dala, jafnvirði um 15 milljarða króna.

Guðmundur Árnason, fjármála- stjórnari Controlant, staðfestir þetta í svari til Markaðarins en aðalfundur félagsins fór fram í síðustu viku. Hann segir tekjuvöxtinn byggja að langmestu á samningum við núverandi viðskiptavinum en auk viðskipta við Pfizer, sem hefur staðið undir stærstum hluta teknanna, hefur Controlant meðal annars einnig gert samninga við lyfjafyrirtækin Merck, Roach og GlaxoSmithKline.

Vöxtur Controlant, sem er að miklum meirihluta í eigu íslenskra fjárfesta, hefur verið ævintýralegur en fyrirtækið þróaði hugbúnað og vélbúnað til að fylgjast með lyfjum og matvælum í flutningi svo hægt sé að fylgjast með ástandi og staðsetningu þeirra hvar sem er í heiminum.

Á aðalfundi Controlant, sem fór fram síðastliðinn fimmtudag, kom meðal annars fram að fyrirtækið hefði þurft að fjölga starfsmönnum að jafnaði um níu talsins í hverjum mánuði frá því í ársbyrjun 2020. Í dag starfa yfir 200 manns hjá fyrirtækinu, að langstærstum hluta á Íslandi, en samkvæmt áætlunum verða þeir orðnir um 300 talsins í árslok.



Guðmundur Árnason, fjármálastjóri Controlant, og Gísli Herjólfsson, forstjóri íslenska hátæknifyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

300

Áætlanir Controlant gera ráð fyrir að starfsmenn félagsins verði um 300 talsins í árslok en í byrjun síðasta árs voru þeir um 50.

Guðmundur segir að Controlant geri ráð fyrir að þessi vöxtur í ráðningum á nýju starfsfólki verði að meirihluta hér á landi en félagið sé hins vegar áfram að byggja upp starfsemi sína í Bandaríkjunum og Evrópu.

Afar lítill viðskipti hafa verið með hlutabréf í Controlant að undanfögnu en undir lok síðasta mánaðar seldu Akta sjóðir, samkvæmt heimildum Markaðarins, lítinn hluta bréfa sinna í félaginu á genginu 7 þúsund krónur á hlut – hlutafé félagsins er samtals 5,4 milljónir að nafnvirði – sem metur það því á um 38 milljarða króna. Talsverð spurn hefur verið eftir bréfum í Controlant en að sögn kunnugra hefur hins vegar verið lítill áhugi á meðal hluthafa að selja og benda sumir á að algengt sé verðmiði sambærilegra erlendra fyrirtækja, sem eru í jafn miklum vexti, sé um 20 til 30 sinnum tekjur þeirra.

Síðustu stóru viðskiptin með bréf í Controlant voru þegar sjóðurinn Frumtak I, sem fjárfesti fyrst í fyrir-

tækinu 2011, seldi í nóvember á liðnu ári rúmlega 11 prósentu hlut sinn fyrir um 2 milljarða. Miðað við þá sölu, sem var á genginu 3.200 krónur á hlut, var virði Controlant metið á 17 milljarða en á svipuðum tíma áttu sér einnig stað minni viðskipti sem fóru fram á lítilllega hærra gengi.

Á aðalfundi Controlant voru gerðar breytingar á stjórn félagsins en Ásthildur Otharsdóttir, sem hætti í stjórn Marels fyrr á árinu eftir að hafa verið stjórnarformaður í sjö ár, kemur ný inn og verður jafnframt stjórnarformaður en hún er í dag meðeigandi og fjárfestingastjóri hjá Frumtaki Ventures. Þá hefur Jørgen Rugholm, sem hefur starfað og verið meðeigandi hjá ráðgjafafyrirtækinu McKinsey í Danmörku í nærri 30 ár, einnig bæst við í stjórn Controlant en þau Svana Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Frumtaks, og Ingi Guðjónsson, fjárfestir og einn eigenda Lyfju, hafa á sama tíma farið úr henni. Aðrir stjórnarmenn eru Trausti Þórmundsson, Frosti Ólafsson og Kristín Friðgeirsdóttir.

Í árslok 2020 var sjóðurinn Frumtak II stærsti eigandi Controlant með 12,9 prósentu hlut en aðrir helstu hluthafar félagsins eru fjárfestingafélagið Stormtré, sem er í eigu Hreggviðs Jónssonar, eignarhaldsfélagið Lira, sem er í eigu hjónanna Halldóru Baldvinsdóttur og Valdimars Bergstað, og félagið Kaskur, sem er í eigu Inga Guðjónssonar. Þá fer Gísli Herjólfsson, forstjóri Controlant, með um 3 prósentu hlut. ■

Samtvinna Vörð við Arion banka

helgivifill@frettabladid.is

Arion banki mun með haustinu hefja vinnu við að samtvinna tryggingafélagið Vörð við rekstur bankans. Vörður mun þó áfram starfa sem sjálfstætt félag undir sínu vörumerki en starfsemin flyst í Borgartún 19 með haustinu. „Við erum að hrinda af stað sökn á tryggingamarkaði. Þetta er að okkar mati farsælasta leiðin til að þess,“ segir Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, í samtali við Markaðinn.

Bankinn keypti Vörð fyrir um fimm árum. Á þeim tíma hefur markaðshlutdeildin aukist úr 14,6 prósentum í 17 prósent.

Hann segir að erlendis hafi þau tryggingafélög vaxið mest á undanföllum árum sem séu annað hvort í eigu banka eða í nánú samstarfi við banka. Horft sé meðal annars til árangurs DnB en eftir að norsk bankinn fór að bjóða tryggingar samhliða annarri fjármálaþjónustu jókst markaðshlutdeildin frá því að vera fremur litil í um fjórðung.



Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka.

Benedikt segir að árangur slíks samstarfs megi þakka að starfsfólk í útibúum veiti nú í æ meira mæli virðisaukandi þjónustu en ekki hefðbundin afgreiðslustörf. Jafnframt skipti stafrænar dreifileiðir meira máli og slagkraftur þeirra sé meiri þegar þær séu samnýttar. „Arion appið fær um 26 milljónir heimsóknar á ári og það mun auka sýnileika á vöruframboði Varðar verulega,“ bendir hann á.

„Bankinn hefur ágæta yfirsýn yfir hvaða vörur henta hverjum viðskiptavini. Við stefnum á að fjölga viðskiptavinum beggja félaga, Arion banka og Varðar, en sóknin verður þó fyrst og fremst á vettvangi Varðar. Samstarfið skapar tækifæri til að auka tryggð

og styrkja samband okkar við viðskiptavinum. Þeir munu því njóta góðs af því að hafa þessa þjónustu á sömu hendi,“ segir Benedikt.

Samstarf Arion banka við Vörð verður að mörgu leyti sambærilegt samstarfinu við sjóðastýringuna Stefní. „Við nýtum styrk samstæðunnar. Þannig hefur Stefnir getað stækkað án þess að glíma við vaxtarverki sem tengjast innviðum. Sömu tækifæri felast í nánara samstarfi við Vörð. Tryggingafélagið mun geta vaxið án þess að glíma við vaxtarverki,“ segir hann.

Um 100 starfsmenn vinna hjá Vörði. „Það verður áskorun að koma öllu starfsfólkinu fyrir í Borgartúninu. Við munum þurfa að horfa á skipulagið heildrænt og finna lausnir hvað það varðar. Það er eitt af verkefnum næstu vikna. Það kemur sér vel að við höfum unnið að endurbótum á höfuðstöðvunum til að styðja við opið skrifstofurými og frjálst sætaval. Auk þess mun starfsfólk okkar nýta fjarvinnu í auknum mæli og þannig getum við bætt sætanýtinguna í húsinu,“ segir Benedikt. ■

Ein elsta starfandi bókaútgáfa landsins er til sölu.

Bókaútgáfan Setberg hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 1950. Fyrirtækið hefur sérhæft sig í útgáfu barnabóka síðustu ár og hefur velta verið á bilinu 30-50 m.kr.

Árlega eru gefnir út um 20 titlar, að mestu þýðingar á erlendum titlum og er dreifing góð í bókabúðir og helstu verslanir. Síðasta rekstrarár útgáfunnar var mjög gott og eru ágætis horfur framundan með nýjum möguleikum í rekstri.



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stílhrein sturta.

Sturtubotn fáanlegur í mörgu stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng. 8mm hert öryggisgler.



Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga lokað

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

Mikil spurn eftir ódýrum bréfum Íslandsbanka



Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh
@frettabladid.is



Hörður Ágísson
hordur
@frettabladid.is

Búist er við gríðarlegri umframeftirspurn í hluta-fjárútboði Íslandsbanka sem hófst í byrjun þessarar viku. Hana má einkum rekja til hagstæðrar verðlagningar í samanburði við Arion banka.

Hagstæð verðlagning á hlutum í Íslandsbanka, sem felur í sér verulegan afslátt ef miðað er við gengi bréfa Arion banka, er líklegt til að skila sér í gríðarlegri umframeftirspurn í hlutafjárútboði bankans sem hófst í byrjun þessarar viku.

Í útboðinu er leiðbeinandi verð á bilinu 71 til 79 krónur á útboðshlut. Hlutféð er þannig selt á genginu 0,77 til 0,85 af bókfærðu eigin fé bankans í lok fyrsta ársfjórðungs. Ef hlutféð verður selt á genginu 0,81 og ef gengi bréfa Arion banka er notað sem viðmið – gengið samsvavar því að markaðsvirði bankans sé um 1,25 af bókfærðu eigin fé – þá nemur afslátturinn sem er gefinn í útboðinu á bréfum Íslandsbanka ríflega 50 prósentum.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að á kynningarfundum sem Kvika eignarstýring stóð fyrir í vikunni – móðurfélagið Kvika banki er á meðal þeirra ráðgjafa sem koma að útboðsferlinu – hafi komið fram að á meðal ráðgjafa sé samhljómur um að hægt sé að réttlæta 25 prósentu hærri verðlagningu á Íslandsbanka heldur en efri mörk verðbilsins kveða á um. Efri mörk verðbilsins eru sem fyrr segir 79 krónur á hlut. Byggist matið meðal annars á þeim arðsemismarkmiðum sem Íslandsbanki hefur sett.

Stjórnendur bankans hafa gefið út að markmið hans sé að skila arðsemi eigin fjár á bilinu 8 til 10 prósent fyrir árið 2023 og yfir 10 prósent til lengri tíma. Hagnaður bankans á fyrsta ársfjórðungi nam 3,6 milljörðum sem jafngilti 7,7 prósentu arðsemi á ársgrundvelli.

Þá hefur einnig komið fram á kynningarfundum með fjárfestum að virðisbreytingar á útlánasafni bankans hafi verið jákvæðar í apríl og maí. Ólíkt Arion banka og Landsbankanum bókfærði Íslandsbanki engar jákvæðar virðisbreytingar á útlánasafni sínu í síðasta árshlutauppgjöri.

Viðmælendur Markaðarins á fjármálamarkaði eru á einu máli um að verðlagning bankans sé mjög hagstæð. Þó reyndist erfitt að finna viðmælendur sem voru tilbúnir að tjá sig undir nafni. Fjöldmörg fjármálafyrirtæki koma að útboðinu með einum eða öðrum hætti og er þeim óheimilt að tjá sig opinberlega um útboðið í ákveðinn tíma.


„Miðað við viðbrögðin á fyrsta degi útboðsins er óhætt að segja að markaðurinn sé að taka verðlagningunni mjög vel,“ segir einn af viðmælendum Markaðarins sem starfar á fjármálamarkaði.

Sama dag og útboðið hófst tilkynntu Bankasýsla ríkisins og Íslandsbanki að borist hefðu áskriftir fyrir öllum hlutum sem eru í boði í útboðinu, eða fyrir samantlagt meira en 50 milljarða króna.

Þessa miklu eftirspurn á fyrsta degi má einnig rekja til fyrirkomulagsins en útboðið er byggt upp þannig að það er hvati fyrir fjárfesta að skrá sig snemma fyrir sem stærstum hlut og á hærri enda verðbilsins.

Tveir erlendir fjárfestingarsjóðir, Capital World Investors og RWC Asset Management, og íslensku lífeyrissjóðirnir Gildi og LIVE, eru hornsteinsfjárfestar í útboðinu.

Capital Worlds Investors er hluti af bandaríska fjárfestingarísanum Capital Group sem er annar stærsti hluthafinn í Marel. Sjóðir á vegum samstæðunnar, sem byrjuðu fyrst að fjárfesta í Marel vorið 2018, eiga samtals 8,7 prósentu hlut í íslenska



Lágmarksupphæðin sem almennir fjárfestar geta skráð sig fyrir hefur aldrei verið eins lág í hlutafjárútboðum eftir fjármálahrunið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Útboðið kostar meira en tvo milljarða

Heildarkostnaður Íslandsbanka vegna tóku hlutabréfa bankans til viðskipta í Kauphöllinni er áætlaður 750 milljónir króna. Þetta kemur fram í lýsingu hlutafjárútboðsins.

Kostnaðurinn hlýst af yfirferð og staðfestingu lýsingarinnar, þar á meðal vegna yfirvinnu starfsmanna, kostnaði við tóku hlutanna til viðskipta hjá Nasdaq Iceland, þóknunum til ráðgjafa auk annars kostnaðar sem tengist beint tóku hlutabréfanna til viðskipta.

Sölutryggingarþóknun, aðrar þóknarir og kostnaður sem greiddur verður af ríkissjóði í tengslum við útboðið er áætlaður um 1.378 milljónir króna.

Samanlagður kostnaður Íslandsbanka og ríkissjóðs nemur því meira en 2 milljörðum króna.

Hreint andvirði til seljanda er áætlað kr. 41.236 milljónir að því gefnu að útboðsverð verði miðpunktur útboðsgengisbils, fjöldi hlutabréfa sem seldur verði sé miðpunktur milli 25 % og 31,8% af útgefnum hlutum í bankanum og heimild til að selja fleiri hlutabréf sé ekki nýtt.

hátækniyrirtækinu, samkvæmt upplýsingum frá greiningarfyrirtækinu Morningstar.

Aðrir erlendir fagfjárfestar munu taka þátt í lokuðu útboði og búast viðmælendur Markaðarins við því að eftirspurnin verði töluverð.

Nær þriðjungur af seldu hlutafé Íslandsbanka verður ráðstafað til hornsteinsfjárfestanna og viðmælendur Markaðarins telja að mjög stórum hluta af útboðinu verði ráðstafað til almennra fjárfesta. Upphæðin geti jafnvel numið 20 milljörðum króna, eða hátt í 40 prósentum af hámarksstærð útboðsins. Er því viðbúið að fagfjárfestar, aðrir en hornsteinsfjárfestarnir fjórir, fái mun minni hlut en þeir vilja.

Í tilboðsbók A, sem ætluð er almennum fjárfestum, er tekið við

áskriftum að fjárhæð 50 þúsund til 75 milljónir króna en áskriftir sem nema meira en 75 milljónum króna fara í tilboðsbók B.

„Það má búast við gríðarlegri umframeftirspurn í þessu útboði og þar af leiðandi verulegum skerðingum,“ segir einn viðmælandi.

Lágmarksupphæðin sem almennir fjárfestar geta skráð sig fyrir hefur aldrei verið eins lág í hlutafjárútboðum eftir fjármálahrunið. Er það í samræmi við yfirlýst markmið Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um að ýta undir þátttöku almennings í útboðinu. Þá verður leitast eftir því að skerða ekki áskriftir sem eru lægri en ein milljón króna.

Áætlað markaðsvirði bankans í útboðinu er því um 150 milljarðar króna að því gefnu að verð á útboðshlut verði við miðju leiðbeinandi verðbils. Ríkissjóður, eigandi bankans, mun að lágmarki selja 25 prósentu hlut en að hámarki 35 prósent. Ef ríkissjóður nýtir heimildina til fulls getur hann aflað 50 milljarða króna sem jafngildir um 15 prósentum af lánsfjárbörf hans í ár en samkvæmt fjárlögum nemur hún ríflega 350 milljörðum króna.

Góð skilyrði fyrir bankasölu

Viðmælendur telja að skilyrði fyrir sölu ríkissjóðs á Íslandsbanka séu mjög hagfelld og vísa til þess að lágvaxtaumhverfið hafi beint fjármagn inn á hlutabréfamarkaðinn og þrýst upp hlutabréfaverði.

„Þótt Seðlabankinn hafi hækkað vexti um 25 punkta þá er búist við frekar mildum vaxtaákvörðunum næstu mánuði. Við verðum því enn með tiltölulega lága vexti í sögulegu samhengi og það mun áfram beina fjármagni inn á markaðinn,“ segir einn viðmælandi.

Þöluandvirði í útboði Íslandsbanka

Verð á hlut	25%	35%
71 króna	32 milljarðar	45 milljarðar
75 krónur	34 milljarðar	48 milljarðar
79 krónur	36 milljarðar	53 milljarðar

Þá kemur sér einnig vel að íslenski hlutabréfamarkaðurinn var tekinn inn í vaxtamarkaðavísitölu MSCI í lok maí. Fjármagnsflæði inn á markaðinn hefur að einhverju leyti vegið upp á móti söluþrýstingnum sem skapast þegar innlendir fjárfestar selja hlutabréf til að búa sig undir þátttöku í útboði Íslandsbanka.

Eins og greint var frá í Markaðinum í gær hafa þrír nýir erlendir vísitölusjóðir, sem fjárfesta einkum í hlutabréfum félaga á vaxtarmörkuðum (e. frontier markets), bæst við hluthafahóp Arion banka á undanförunum dögum en Ísland var formlega tekið inn í vísitölu MSCI þann 28. maí síðastliðinn.

„Hin hliðin er sú að fjárfestar munu líklega fá minna í útboðinu en þeir vilja og þá sitja þeir uppi með lausafé sem þeir vilja ráðstafa aftur inn á markaðinn.“

Markaðsvirði hlutabréfa í Kauphöllinni nam um 1.798 milljörðum króna í apríl og hafði hækkað um 15 prósent frá áramótum. Hlutfall þess af vergri landsframleiðslu er 61 prósent en þá á eftir að taka skráningu Sildarvinnslunnar og skráningu Íslandsbanka með í reikninginn. Ef markaðsvirði Sildarvinnslunnar og Íslandsbanka er bætt við nemur hlutfallið rétt tæplega 70 prósentum.

Til samanburðar var það 37 prósent í apríl 2020 miðað við landsframleiðsluna árið á undan og 38 prósent í sama mánuði árið 2019. ■

Sundlaugar og jarðböð

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 9. júní 2021

Kynningar: Vök Baths, Björböðin, Secret Lagoon.



Roðagyllt kvöldsólin fyrir austan er töfrandi við náttúrulaugarar í Vök Baths sem er fullkominn áfangastaður fyrir þá sem vilja næra líkama og sál í beinni tengingu við íslenska náttúru. MYND/ADSEND

Einstök upplifun og kokteilar í fljótandi vökum austlenskrar náttúruparadísar

Vök Baths eru fyrstu og einu fljótandi náttúrulaugar Íslands. Þær liggja ofan á Urriðavatni í undurfagurri náttúru, skammt frá Egilsstöðum. Þar er hægt að skála í kampavíni og kokteillum á laugarbarnum, dást að stökkvandi bleikjum í vatninu, njóta dýrindis matar og velja sér handtíndar jurtir í tebolla beint úr heita krananum. **2**



Í Vök Baths er hægt að skála á laugarbarnum, fara í gufubað og köld úðagöng.



Aðalheiður með starfsfólki Vök Baths þar sem dekrað er við gestina.



Vök Baths er stutt frá Egilsstöðum.



Skálað í kampavíni á laugarbarnum.

„Vök Baths eru heitar náttúru-laugar sem liggja ofan á fögru Urríðavatninu, aðeins fimm mínútum frá Egilsstöðum. Þær eru fyrstu og einu fljótandi laugar landsins og fullkominn áningarstaður allra sem vilja upplifa beina snertingu við náttúruna og næra um leið líkama og sál,“ segir Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Vök Baths á Austurlandi.

Vakirnar uppgötvuðust þegar þær bræddu af sér snjó á ísi lögðu vatninu og nýttu konur í sveitinni vakirnar til þvotta í gamla daga. Þá fengu þær viðurnefnið Tuskuvakir.

Umgjörð lauganna er engri lík. Ósnortin náttúra, tignarleg fjöll, himinblátt vatn, fagur fuglasöngur og stökkvandi bleikjur upp úr vatninu, sem er mikið sjónarspil.

„Við opnuðum í júlí 2019 og síðan hefur bara verið gaman og viðtökurnar dásamlegar. Hönnun staðarins er í takt við umhverfið og upprunann, með tveimur fljótandi laugum sem eru í laginu eins og hitavakirnar sem mynduðust á vatninu. Fljótandi laugar eru nýnæmi á Íslandi en í þeim ná gestir að upplifa einstaka tengingu við náttúruna með útsýni í allar áttir, og þegar legið er í þeim er eins og maður sé ofan í köldu og iðilfögru vatninu, þótt legið sé í makindum í heitum uppsprettum Urríðavatns. Úr laugunum er svo beint aðgengi úr stiga ofan í vatnið og margir sem nýta sér að fara út í. Urríðavatn er þörungaríkt og hefur heilsusamleg og frískandi áhrif á húðina, sannkallað heilsubað,“ greinir Aðalheiður frá.

Mikið er lagt upp úr snyrtilegri og vandaðri aðstöðu fyrir gesti í Vök Baths.

„Auk fljótandi lauganna ofan í vatninu erum við með tvær heitar

laugar við strönd vatnsins, köld úðagöng og gufubað. Í búningsklefum eru góðar sturtur og læstir skápar og hægt að leigja sundfatnað og handklæði í móttöku,“ upplýsir Aðalheiður um glæsilega baðaðstöðuna.

Súkkulaðikaka með wasabi-is

Annað einstakt við Vök Baths er heillandi tebar sem enginn lætur fram hjá sér fara sem kemur í böðin.

„Borhola heitra uppsprettanna er rétt hægra megin við okkur og þaðan liggur koparrör beint í húsið til okkar þar sem við getum skrufað frá krana og fengið eina drykkjarhæfa heita vatnið beint úr borholu í bollann, og það líka afar ljúffengt. Á tebarnum bjóðum við gestum að velja handtíndar jurtir frá Móður Jörð í Vallanesi, svo sem myntu, sitrónumelissu og fleira gómsætt í jurtatebollann,“ upplýsir Aðalheiður á Vök Bistrot, gullfallegum veitingastað Vök Baths.

Þar er boðið upp á dýrindis bröns, súpur, smárétti og spennandi eftirrétti.

„Við gerðum könnun á meðal gesta okkar, um hvað þeir vildu helst sjá á matseðlinum, og flestir óskuðu eftir fleiri smáréttum og bröns, enda er dásamlegt að setjast að slíkum krásum þegar maður kemur svangur upp úr laugunum. Við erum með þrjá valmöguleika í boði í brönsinum í stað hefðbundins hlaðborðs vegna Covid. Ég mæli svo hiklaust með nýju blómkálsvængjunum og rauðrófuborgaranum, sem dæmi. Vanalega er ég engin rauðrófumanneskja, en drottinn minn hvað þeir koma á óvart og eru góðir,“ segir Aðalheiður sæl.

„Einn kokkanna kom með hug-



Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir er borgarmær sem tók við starfi framkvæmdastjóra Vök Baths í upphafi árs.



Gómsætar súpur fást á Vök Bistrot.



Smáréttir og bröns er vinsæll kostur.

Fljótandi laugar eru nýnæmi á Íslandi en í þeim ná gestir að upplifa einstaka tengingu við náttúruna með útsýni í allar áttir. Úr laugunum er svo beint aðgengi úr stiga út í Urríðavatn og margir sem nýta sér að fara út í. Oft má sjá stökkvandi bleikjur, sem er mikið sjónarspil.

Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir.

mynd að nýjum eftirrétti sem er heit súkkulaðikaka með wasabi-is og er algjört lostæti, en wasabi-rækt er hér handan við hornið. Svo erum við með heimabakaðar smákökur og döðlugott sem er alveg hættulega gott. Við höfum sjálfbærni að leiðarljósi í allri matseld og leggjum ríka áherslu á íslenskt hráefni úr heimabyggð. Því breytist matseðillinn reglulega yfir árið, eftir því hvaða hráefni er í boði hverju sinni.“

Dagsferð í Stuðlagil og Vök Baths

Heitu laugarnar á vökunum eru tvær. Önnur er 39-40°C heit, hin er um 41°C.

„Svo erum við með stóra laug sem hægt er að fara beint út í úr búningsklefa og þar er hægt að



Vök Baths eru einstakar, fljótandi náttúrlaugar sem liggja ofan á Urríðavatni, eins og sjá má á myndinni. Aðstöðuhúsið er glæsilegt og fellur fallega inn í náttúruna en þar er fyrsta flokks baðaðstaða og veitingastaður.

njóta lífsins á laugarbarnum okkar. Þar jukum við úrvalið að óskum viðskiptavina og erum nú komin með Aperol Spritz og Vita Bonakokteila á krana sem og Espresso Martini og Pornstar Martini sem er frískandi drykkur úr ástaraldini. Við erum einnig með áfengislausan Aperol Spritz og áfengislaust freyðivín, og bættum við Möet-kampavíni, svo nú er hægt að skála í fallegum glösum á laugarbarnum, sem er vinsælt hjá þörum því hér er vinsælt að eiga rómantísk stefnumót í fagurri náttúruumgjörð lauganna,“ upplýsir Aðalheiður.

Í samstarfi við Austra brugghús hafa þau þróað ljúffenga bjóra fyrir Vök Baths, þá Vökva og Vöku sem fást beint úr krana á laugarbarnum.

„Vökvi og Vaka munu jafnvel fást á fleiri veitingastöðum hér fyrir austan. Mig langar að taka inn fleira góðgæti frá Héraði, og hef nú þegar sett á matseðilinn grafið lamb með bláberjasósu og vinagrette frá Síreksstöðum. Við leggjum áherslu á að koma gestum okkar ánægjulega á óvart og tryggja ljúfa og skemmtilega upplifun, meðal annars með ómótstæðilegri dagsferð með rútu og leiðsögumanni í Stuðlagil þar sem komið er í laugarnar til okkar á eftir og borðaður góður matur.“

Ferðapjónustuhjartað sterkt

Sem fyrr segir er Vök Baths spölkorn frá Egilsstöðum, um fimm mínútum þegar komið er hinum megin við brúna yfir Lagarfljót.

„Það er styttra en að skjótast úr miðbænum í Hafnarfjörð en við erum líka að skoða samstarf við strætó og ferð með leigubíl kostar ekki nema 3.500 krónur. Nú er

allt að lifna við á ný og mikið líf og fjör. Við sjáum mikla fjölgun erlendra gesta og ég sé fram á gott sumar. Við hvetjum því gesti til að bóka sig fyrir fram á netinu og gerum líka sýnilegt á netinu ef það er uppselt,“ segir borgarbarnið Aðalheiður í fagurri umgjörð Vök Baths.

„Það var ferðapjónustuhjartað í mér sem kallaði á mig að koma austur og að taka hér við í upphafi árs. Mér fannst heillandi tilhugsun að koma á stað sem er enn í þróun. Tækifærin eru mörg og ég vil tengja þau við ánægju viðskiptavina. Reyndar voru 97,5 prósent gestanna frekar eða mjög ánægð með heildarupplifun af Vök Baths í könnun sem ég gerði í febrúar en það er áskorun að viðhalda því, bæta í og sýna í verki að við komum til móts við óskir gesta okkar, eins og á veitingastaðnum, laugarbarnum, í gufubaðinu með meiri hita og enn betri stiga úr laugunum út í vatnið. Á meðan gestirnir sjá að við vinnum í hlutunum náum við að viðhalda ánægju þeirra,“ segir Aðalheiður sem vill sjá fleiri landsmenn flytjast búferlum austur.

„Hér er mjög gott að búa og lifið getur varla orðið betra en að vera hér með börn. Hingað austur vantar líka allar tegundir fólks og í allar starfsstéttir; smíði, múrara, snyrtifræðinga, nuddara, viðskiptafræðinga og fleiri. Ég hvet landa mína því til að hugsa málið og skoða tækifærin sem liggja í paradís Austurlands.“ ■

Vök Baths eru á Vök við Urríðavatn, 701 Egilsstaðir. Sjá nánar á vokbaths.is. Sími 470 9500. Netfang: hello@vok-baths.is

Velkomin í eitt af 25 undrum veraldar

Sumarkort Bláa Lónsins veitir þér aðgang að endurnærandi jarðsjó Bláa Lónsins, einu af 25 undrum veraldar, allt fram til 30. september nk. Skapaðu augnablik sem ylja og njóttu alls þess sem Bláa Lónið hefur upp á að bjóða.



BLUE LAGOON
ICELAND

blaalonid.is

Hefur myndað yfir hundrað sundlaugar

Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari hefur tekið loftmyndir af nánast öllum sundlaugum á landinu. Hann segist eiga eina eftir sem verður tekin í sumar. Þetta hefur verið ævintýralegt ferðalag í miðjum heimsfaraldri.

Bragi hóf ferðalagið í upphafi Covid og það stóð fram í ágúst. „Ég á eina sundlaug eftir sem er norður á Ströndum. Þangað kemst maður ekki nema sjóleiðina. Ég á planaða ferð þangað í júlí,“ segir hann. „Ég tók bara útilaugar og þær eru allar teknar með dróna. Planíð mitt er að gefa út bók í haust með þessu verkefni og hún er komin vel á veg. Mögulega held ég sýningu í kjölfarið. Þetta verður fyrst og fremst ljósmyndabók þar sem ég segi frá því hvar myndirnar eru teknar,“ segir hann.

Þegar Bragi er spurður hvort eitthvað hafi komið honum á óvart á þessu ferðalagi, svarar hann: „Já, hversu sundlaugarnar eru margar en þær eru rétt rúmlega eitt hundrað. Langflestar laugarnar eru í notkun, spurning með tvær eða þrjár en í þeim var ekki vatn þegar ég kom á staðinn.“

Byrjaði í Eyjum

Bragi segir að kveikjan að þessu verkefni hafi orðið til í Vestmannaeyjum haustið 2019. „Ég var með drónann og tók ýmsar myndir yfir bæinn. Ég hálfpartinn villtist yfir á íþróttasvæðið og sundlaugina. Skaut nokkrum skotum niður á laugina og þegar ég skoðaði myndirnar eftir á sá ég að þetta var skemmtilegt sjónarhorn á sundlaug. Næst fór ég í hverfislaugina mína sem er Salalaug og sá strax að þetta gæti verið eitthvað áhugavert. Þegar Covid skall á, vinnan minnkaði og mig vantaði verkefni til að fást við auk þess sem enginn var í sundlaugum, datt mér í hug að það gæti verið sniðugt að nýta tímann. Þá hófst ég handa við að mynda allar sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu. Ég póstaði þeim á Facebook og fékk frábær viðbrögð. Það varð til þess að ég ákvað að taka mynd af öllum útilaugum á landinu. Ég hélt af stað markvisst um landið í þessum eina tilgangi,“ segir hann. „Vegna Covid voru fáir á ferð og laugarnar mannlausar.“


Bragi notaði drónann til að fá öðruvísi sjónarhorn á bæði formi og litum. „Mér fannst þetta mjög skemmtilegt verkefni og stundum nýtti ég líka þá náttúru sem var í kringum laugina. Ég kom á nokkra staði sem ég hafði ekki heimsótt áður eða ekki í meira en 30 ár.“

Myndrænar laugar

Þegar Bragi er spurður hvort hann hafi eignast uppáhaldslaug á þessu ferðalagi, svarar hann. „Myndrænt séð þá er mjög skemmtilegt útsvæði í Bolungarvík. Laugin sjálf er innanhúss en fyrir utan er svæði með rennibraut sem kemur skemmtilega út. Laugin í Grundarfirði er sömuleiðis mjög myndræn með skemmtilegum línunum í kring. Einnig get ég nefnt Seljavallalaug, náttúran þar kemur sterk inn. Þar var að vísu fólk en það gerði heilmikið fyrir myndina í það skiptið. Á Hofsósi fór ég hátt upp og tók víða mynd til að ná fjöruborðinu sem kom vel út. Ég mat það alltaf á staðnum hversu víð myndin ætti að vera en úti á landsbyggðinni er víða gríðarlega falleg náttúra í kring. Krossneslaug í Árneshreppi er til dæmis mjög skemmtilega staðsett. Einnig lítill laug í fjöruborðinu við Birkimel á Barðaströnd. Laugarnar eru alls konar á Íslandi og gaman að heimsækja þær,“ segir Bragi.



Elin Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is



Sundlaug Akureyrar býður upp á marga möguleika til útiveru.


MYNDIR/BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON



Sundlaugin á Hofsósi frá öðru sjónarhorni en flestir þekkja.



Seljavallalaug er vinsæll áningarstaður ferðamanna og mikil náttúruparadis.



Laugin á Seltjarnarnesi er venjulega fjölsótt en hún var lokuð vegna Covid.




Ævintýri Braga hófst í Vestmannaeyjum þar sem hann tók þessa mynd. Þá var verkefnið ekki fyrirhugað.

Myndar brúðhjón

Þar utan hefur hann sérhæft sig í brúðarmyndum af erlendum ferðamönnum. Sú starfsemi lagðist af í Covid en er að vakna aftur til lífsins. Hann er með síðuna icelandweddingphoto.com. „Ég finn að þetta er að fara í gang. Ég hef verið með tvær brúðarmyndatökur á síðustu dögum og önnur var við eldgosíð í Geldingadal. Ég er sjálfstætt starfandi ljósmyndari og það eru alls kyns verkefni sem koma upp í hendurnar á manni. Þetta eru mörg ólík verkefni sem gaman er að fást við.“ ■



Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari hefur verið á ferð og flugi síðasta ár til að mynda sundlaugar landsins.



Sundlaugin í Grundarfirði. Myndin hefur skemmtilegt form og líti.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL


KJARNAÐU ÞIG Í KRAUMA

Í **Krauma náttúrulaugum** kemstu í beina snertingu við kjarna íslenskrar náttúru þegar þú baðar þig upp úr hreinu og tæru vatni úr Deildartunguhverri sem er kælt með vatni undan öxlum Oks.

Fimm heitar laugar og ein köld umvefja þig með hreinleika sínum sem er tryggður með miklu vatnsrennsli og engum sótthreinsandi efnum.

Njóttu þín í gufuböðum og útisturtum eða í hvíldarherberginu við snark úr arineldi og fullkomnaðu daginn með notalegri stund á veitingastaðnum okkar sem býður upp á dýrindis rétti úr fersku hráefni úr héraði.

Láttu líða úr þér í náttúrulegu umhverfi.



Bókaðu á netinu – krauma.is



[kraumageothermal](https://www.kraumageothermal.is)
[kraumageothermal](https://www.kraumageothermal.is)

+354 555 6066
Deildartunguhver, 320 Reykholt

Slökun og kyrró í bjórbaði

Björböðin á Árskógssandi hafa opnað aftur og er tekið vel á móti gestum fimm daga vikunnar. Björböðin eru slakandi en um leið víta-mínrik. Boðið er upp á rútu-ferðir frá Dalvík og Akureyri.

Björböðin eru hluti af bruggverk-smiðjunni Kalda. Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri og eigandi, segir að allt frá stofnun fyrir fjórum árum hafi böðin verið ákaflega vel sótt bæði af Íslending-um og erlendum ferðamönnum. Sjálf kynntist hún björböðum á ferð um Tékkland árið 2008 sem var einstök upplifun.

Björböðin á Árskógssandi eru ekki einungis þau einu á Íslandi heldur á öllum Norðurlöndunum. Frábær veitingastaður er við björböðin þar sem boðið er upp á hráefni úr héraði. Fiskurinn kemur nýveiddur á borðið hjá gestunum enda er Árskógssandur sjávar-staður. „Við bjóðum líka góðar steikur og ýmsa smárætti. Flestir fá sér að borða eftir baðið og njóta ferðarinnar til fulls.“

Gott fyrir sálina

Agnes segir að það sé vinsælt fyrir pör að koma í bjórbað enda geta tveir farið í einu. Kerið er fyllt af óáfengum bjór, vatni, humlum og geri. „Þetta er ungur Kaldi sem ekki hefur fengið að gerjast. Einn-ig erum við með ger sem gefur í raun töframátt í baðið. Síðan eru humlarnir róandi fyrir sálina. Loks notum við baðsalt sem er gert úr bjór,“ útskýrir Agnes.

Hvert bað er í sérrými og þar er engin truflun nema fólk hringi bjöllu. Mælt er með að fólk fari nakið í bjórbaðið þar sem það er einstaklega gott fyrir húðina. „Bjórinn er mjög B-vítamínrikur og húðin verður silkimjúk á eftir. Bjórbað er sérstaklega slakandi og eftir baðið bjóðum við fólki að fara inn í sérstakt slökunarherbergi til að fá fullkomna hvíld. Margir



Björböðin á Árskógssandi eru sérlega góð ef fólk vill láta streituna líða úr sér.

MYNDIR/ADSENDAR



Bjórbað er ljúfur staður fyrir pör að njóta og slaka.



Frábært veitingahús er rekið í björböðunum þar sem er boðið upp á ferskt hráefni úr héraði.

”Þetta er ungur Kaldi sem ekki hefur fengið að gerjast. Einnig erum við með ger sem gefur í raun töframátt í baðið. Síðan eru humlarnir róandi fyrir sálina.

sofna þar,“ segir Agnes. „Böðin eru para- og vinavæn. Þetta er notalegt andrúmsloft og dekur. Við erum með bjórkрана við böðin og fólk getur fengið sér Kalda ef það vill,“ segir hún. „Við ráðleggjum fólki að fara ekki í sturtu strax eftir bjórbaðið heldur leyfa efnunum að setjast inn í húðina í að minnsta kosti sex tíma.“

Fallegt umhverfi

Bjórinn Kaldi hefur verið faán-legur í 15 ár og er afar vinsæll. Hægt er að fá hann í nokkrum bragðtegundum.

Agnes segist hafa lent í marg-vislegum ævintýrum frá því hún stofnaði Kalda en það sé ávallt skemmtileg áskorun. „Það er til dæmis ekki hægt að vera með björböð nema eiga bruggverk-smiðju,“ segir hún. Agnes segir að það sé góð hugmynd að byrja sumarfríið í bjórbaði og ná úr sér streitunni. Við björböðin er fallegt útsýni yfir til Hríseyjar en auk þess má sjá Kaldbak, Þorvaldsdal og Múlann. Á útisvæði eru heitir pottar. ■

Björböðin á Árskógssandi eru opin frá kl. 12-21 alla daga nema sunnu-daga og mánudaga. Veitingahúsið og barinn er opið á sama tíma nema til kl. 22. Hægt er að panta tíma á heimasíðunni bjorbodin.is eða hringja í síma 414 2828. Einnig er hægt að senda póst á bjorbodin@bjorbodin.is

Hætti að hlusta á raddirnar í hausnum á mér

Guðbjörg Gissurardóttir, útgefandi og viðburða-haldari, stingur sér til sunds alla virka daga vikunnar sér til heilsubótar. Hún syndir alltaf sömu vegalengd, fer í heitan og kaldan pott og gufu og segir þessa rútinu grunn að góðum degi.

sigriduringa@frettabladid.is

„Ég vakna snemma á morgnana og er mætt í Grafarvogslaugina klukkan hálf sjö. Ætli það séu ekki um fimmtán ár frá því ég fór að stunda sund en það var engin sér-stök regla á því. Fyrir þremur árum ákvað ég að taka sundið föstum tókum og mæta fimm sinnum í viku. Það tekst oftast,“ segir Guðbjörg, en hún er útgefandi og ritstjóri tímaritsins Lifum betur – Í boði náttúrunnar og ferðakort-anna Handpicked Iceland.

„Ég tók þá ákvörðun einn daginn að hætta að hlusta á raddirnar í hausnum á mér sem minna mig á hvað er gott að sofa aðeins lengur eða að veðrið sé eiginlega of vont til að fara í sund og í staðinn fer ég bara af stað. Á kvöldin tek ég til sundfötin, handklæði og föt og þá þarf ég ekkert að hugsa um þetta þegar ég vakna. Ég fer bara í úlpu yfir náttfötin, tek sundtöskuna mína og bruna beint út,“ segir hún.

Rútinan er góð

Guðbjörg syndir alltaf 500 metra.



„Ég er búin að koma mér upp góðri rútinu í sundinu. Þar sem ég syndi frekar stutta vegalengd nota ég sundfit til að reyna meira á mig. Ég syndi fyrstu 200 metrana á eðlilegum hraða og svo gef ég í næstu 300 metrana. Síðustu tvær ferðirnar syndi ég á mikilli ferð til að fá hjartað til að slá enn hraðar og reyna vel á lungun. Að þessu loknu er ég búin að pústa vel og þá fer ég í heitasta pottinn. Þar tek ég teygjur og teygji vel á handleggjum og fótum og öllum mögulegu vöðvum sem mér dettur í hug. Því

næst fer ég í kalda pottinn og þar geri ég öndunaræfingar. Þaðan fer ég í gufuna og geri styrktaræfingar. Oftast geri ég arm- og hné-beygjur. Ég þæli ekkert í því hvort það eru aðrir í gufunni, heldur geri bara mínar æfingar. Síðan slaka ég aðeins á í gufunni, dýfi mér svo aðeins í kalda pottinn og fer upp úr,“ segir Guðbjörg, sem æfði sund þegar hún var á unglingsaldri. Þessi daglega rúтина tekur rúman klukkutíma. „Þá fer ég heim og fæ mér morgunkaffið, sem maðurinn minn, Jón Árna-

son, lagar handa mér og svo taka dagleg verkefni við,“ segir hún.

Gott fyrir geðheilsuna

Guðbjörg segir að fyrir sig sé sund-ið grunnurinn að góðum degi. „Það heldur mér í góðu jafnvægi, góðu formi og heldur geðheilsunni í lagi. Sundið er góð alhliða hreyf-ing, ég fæ góðan skammt af súrefni og styrki ónæmiskerfið. Ég fæ líka heilmikið út úr sundinu með því að hafa þessa rútinu því þá næ ég að gera margt á stuttum tíma. Þar fyrir utan nota ég sundið til að æfa

í vikulokin breytir Guð-björg út af vananum og fer í spjall með vinkonum sínum í heita pottinum. Svo býður hún upp á heimagerðan kaffiskrúbb í sturtunni við miklar vinsældir.

MYND/ANTON BRINK

mig í núvitund. Ég er meðvituð um að vera í flæði, ekki hugsa og vera sem mest í núinu,“ segir hún

Á föstudögum breytir Guðbjörg aðeins út af vananum. „Ég á góðar vinkonur í sundinu. Við köllum okkur Silfurskotturnar því einn daginn tókum við eftir því að við vorum allar með silfurritaðar sundhettur. Í lok vikunnar förum við saman í infra-rauða gufu, sem er nýjung í Grafarvogslaug, og að henni lokinni tókum við spjall í heita pottinum. Á föstudögum býð ég þeim upp á heimagerðan kaffiskrúbb í sturtunni. Ég er að skora mörg prik þar,“ segir hún með bros á vör og bætir við að á laugardögum fari hún svo í sjósund með mömmu sinni og eiginmanni.

„Ég byrjaði að stunda sjósund fyrir einu og hálfu ári og fer helst alla laugardaga í Nauthólsvík og stundum í Guðlaugu á Akranesi. Mér finnst það gefa mér meiri tengingu við náttúruna en sundið. Þegar kórónuveirufaraldurinn stóð sem hæst í vetur og bæði sundlaugar og Nauthólsvíkin voru lokaðar fannst mér nauðsyn-legt að dýfa mér aðeins í kalt vatn. Við eigum sumarbústað í Kjósinni og þar fór ég út í kaldan hyl til að fá mína kælingu,“ segir Guðbjörg, sem hefur í mörgu að snúast þessa daganna og er m.a. að skipuleggja viðburðinn Lifum betur, heilsu-og umhverfisveislu í Hörpunni í haust. ■



SLÖKUN
VELLÍÐAN
UPPLIFUN

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

—

jardbodin.is

mælum með að bóka fyrirfram



Bikinisafn opnaði í þýska bænum Bad Rappenau í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Baðföt til heiðurs Bikíní-eyju

Bikíní eru einn af einkennis-
klæðnuðum sumarsins
þegar farið er í sund, sjó og
jarðböð. Þau eru eins fjöl-
breytt og þau eru mörg.

thordisg@frettabladid.is

Sumarið 1946 voru Bandaríkin
í heimsfréttunum eftir að hafa
varpað tveimur kjarnorku-
sprengjum á kóralrif og eyjuna
Bikíní í Kyrrahafinu. Ári síðar
kynnti franskri hönnuðurinn Louis
Réard klæðalítil baðföt í tveimur
hlutum og kallaði þau bikíní.

Honum gekk illa að fá nógu djarfa
fyrirsætu til að sýna bikíníið en
á endanum fékkst nektardans-
mæð til að klæðast bikíníi Réards
þar sem hann frumsýndi það í
Piscine Molitor, vinsælli sundlaug
í París. Með það sama urðu bikíní
sjóðheittur varningur sem konur
kepptust við að eignast og njóta sín
í á baðstöðum og við ströndina.

Bikíní sveiflast eftir tísku-
straumum hvers áratugar en þar
fer tíska í hringi eins og annars
staðar. Hér má sjá nokkrar af
þokkagjöfum heimsins klæðast
bikíníum síns tíma. ■



Kynbomban Jayne Mansfield 1950.



Goldie Hawn í grænu bikíníi 1968.



Racquel Welch á fánalitunum 1970.



Star Wars-leikkonan Carrie Fisher í metalbikíníi 1983.



Enska leikkonan Elizabeth Hurley í glitsteinabikíníi 2000.

STÓMASAMTÖK
ÍSLANDS
IS LAG

ÖBÍ

Stómasamtök Íslands
eru aðildarfélag
Krabbameinsfélagsins

STÓMAÞEGAR FARA Í SUND EINS OG ANNAÐ FÓLK

Í könnunum sem Stómasamtökin hafa látið gera á undanförnum árum kemur í ljós að yfirgnæfandi meirihluti landsmanna er jákvæður gagnvart því að fólk með stóma fari í sund eins og allir aðrir. Við þökkum stuðninginn og höldum ótrauð áfram að synda og hreyfa okkur.

Svipastu um eftir plakötunum okkar næst þegar þú ferð í ræktina eða sund.

Sjáumst!

Stómasamtök Íslands | stoma.is | stoma@stoma.is



Fallegt umhverfi og notalegt hveravatnið gera baðferðina í Gömlu laugini ógleymanlega upplifun.

MYND/
SVERRIR ARNAR
FRÍÐJÓFSSON

Náttúrulaug í fögru umhverfi

Gamla laugin, eða The Secret Lagoon, við Flúðir er einstök náttúrulaug. Fallegt umhverfið og hveravatnið gerir baðferðina að ógleymanlegri upplifun. Hægt er að kaupa drykki og snakk og njóta við sundlaugarbakkann í algjörri slökun.

Það er skemmtileg og notaleg náttúruupplifun að baða sig í Gömlu lauginni, eða The Secret Lagoon, sem er elsta sundlaug landsins. „Laugin var byggð árið 1891 en líklega hefur verið baðstaður á þessum slóðum um aldir, enda hverir með heitu vatni allt um kring. Hún var notuð fyrir kennslu allt til ársins 1947 en þá lagðist starfsemin af. Eigendur laugarinnar ákváðu að endurbyggja hana í sinni upprunalegu

mynd fyrir nokkrum árum og tóku hana algjörlega í gegn. Öllu grjóti var rædað upp á nýtt og ný mól sett í botninn. Jafnframt var byggð flott búningsaðstaða með skápum og sturtum, og göngustígar lagðir í kringum laugini. Náttúrulegt hveravatn rennur í hana og hitar hana upp,“ segir Agnes Szwaja, rekstrarstjóri The Secret Lagoon.

Laugin var opnuð á ný 2014 og hefur öðlast miklar vinsældir, ekki síst meðal erlendra ferðamanna. Sífellt fleiri landsmenn hafa uppgötvað þessa einstöku laug.

„Það tekur aðeins um 90 mínútur að keyra frá höfuðborgarsvæðinu í Gömlu laugini. Á Flúðum eru spennandi veitingastaðir og margs konar afþreying, svo auðvelt er að búa til spennandi dagsferð hingað

úr borginni og annað hvort byrja eða enda í Gömlu lauginni,“ segir Agnes og bætir við að margir flétti ferð í laugini saman við ferð til Þingvalla, að Geysi og Gullfossi og gisti jafnvel í nágrenninu. „Hér í kring er margt sem gaman er að skoða,“ segir hún.

Hagstætt verð
Eigendur Gömlu laugarinnar vilja að allir geti komið og dýft sér í vatnið, óháð fjárhag og því er verðinu stillt í hóf. „Við bjóðum upp á sérlega hagstætt verð, eða 3.000 kr. í aðgangseyri fyrir fullorðna. Það er frítt fyrir börn, 14 ára og yngri, sem koma í fylgd foreldra eða forráðamanna. Vegna öryggismála má hvert foreldri eða forráðamaður ekki vera með fleiri en þrjú börn með sér. Í sumar stefnum við á að hafa

Laugin er eitthvað svo ekta. Fjölskyldan sem á hana býr hér á svæðinu og vildi leggja sitt af mörkum til að byggja upp samfélagið.

opið frá klukkan 12-20 alla daga. Mesti annatíminn er yfirleitt frá klukkan 15.30-17.30 svo ég mæli með að koma fyrir eða eftir þann tíma, ef fólk hefur tök á því,“ segir Agnes og bætir við að hægt sé bóka tíma á vefsíðunni, www.secretlagoon.is.

Þegar Agnes er spurð hvað geri Gömlu laugini svona sérstaka segir hún að það sé einstakt að eigendurnir hafi fengið þá hugmynd að gera hana upp og lagt mikið á sig til að hún heppnaðist eins vel og raun ber vitni. „Laugin er eitthvað svo ekta. Fjölskyldan sem á hana býr hér á svæðinu og vildi leggja sitt af mörkum til að byggja upp samfélagið.“ ■

Nánari upplýsingar
www.secretlagoon.is

Böðum okkur upp úr Íslandi


Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Við Íslendingar höfum lengi búið svo vel að vera einn besti baðstaður veraldar, með okkar heita hveravatn, jarðsjó, náttúrulaugar og sundlaugar í næstum hverju einasta krummaskuði.

Nánar tiltekið má nefna að árið 2016 voru sundlaugarnar 163 talsins um land allt. Þess má geta fyrir áhugamenn og -konur um laugar á Íslandi að á vefnum sundlaugar.com er hægt að skrá sig inn og haka við þær laugar sem fólk hefur sótt. Þannig er auðvelt fyrir alla að halda utan um sundlaugaheimsóknir sínar og komast að því hverjar eru eftir. Það kemur eflaust flestum á óvart hve fáar laugar það hefur raunverulega sótt heim.

Hið forna bað
Frá fyrstu tíð hafa Íslendingar notað jarðvarma landsins til böðunar enda hefur jarðhitavatnið óneitanlega verið eitthvað sem heillaði kalda og blauta landnema. Vitað er um þrettán laugar sem Íslendingar til forna notuðu sem baðstaði en einungis fáar af þeim eru nothæfar enn í dag. Snorra-laug í Reykholti við Hvítársíðu, sem kennd er við Snorra Sturluson (1178-1241), er ein þeirra þrettán upprunalegu og er talin hafa verið hlaðin á 13. öld. Tveir aðalhverir finnast þar, Skrifla og Dynkur. Á tímum Snorra var vatni veitt í Snorralaug úr Skriflu eftir um 120 m löngum neðanjarðarstokki.



Rík hefð er fyrir baðstöðum á Íslandi enda nóg af jarðhitavatni til að fylla 163 sundlaugar vitt og breitt um landið. **FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

 VisitAkranes

Velkomin til Akraness





40 mín akstur frá Reykjavík



VIÐ ERUM HÉR

 Opið allt árið um kring

 Gudlaug.NaturalPool

GUÐLAUG

Guðlaug er heit laug sem staðsett er í flæðarmálinu við Langasand

Verið hjartanlega velkomin að koma og njóta við náttúruperluna sem Langisandur er, tilvalið að baða sig í sjónum og njóta útsýnis yfir allan Faxaflóa

Útiklefar og útisturtur eru á staðnum

» **Á ákveðnum tímapunkti þótti ástæða til að brydda upp á sundkennslu á ný enda sérlega nýtileg íþrótt fyrir þjóð sem lifði að stórum hluta á fiski-miðum landsins.**

Baðlauga í Reykholti er oft getið í gömlum heimildum enda hefur þetta þótt sérlega áhugaverð framkvæmd. Frá lauginni lágu jarðgöng til bæjarhúsa Snorra og hafa þau verið grafin upp að hluta. Laugin sjálf eins og hún er í dag er ekki upprunaleg heldur endurgerð í þeirri mynd sem talið er að hún hafi verið í. Ekki er leyfilegt að baða sig í Snorralaug og er það heldur ekki æskilegt. Hverinn Skrifla hefur tekið nokkrum breytingum frá þrettánda öld og vatnið sem lekur í lauginna er sjaldnast við hentugan baðhita.

Endurreisn sundsins
Almennt er talið að Íslendingar hafi verið syndir til forna en eftir því sem á leið fór sundkunnátta Íslendinga dvínandi. Á ákveðnum tímamarki þótti ástæða til að brydda upp á sundkennslu á ný enda sérlega nýtileg íþrótt fyrir þjóð sem lifði að stórum hluta á fiskimiðum landsins. Samkvæmt Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni á netinu, var fyrsta sundnámskeiðið haldið á Íslandi árið 1821 af Jóni Þorlákssyni Kjærnested í sundhyl í Reistará í Eyjafirði. Einnig stóð hann fyrir sundkennslu í Steinsstaðalaug og er talið vel líklegt að Fjölnismenn, eða einhverjir þeirra, hafi þá verið meðal nemenda Jóns síðar enda voru Jónas Hallgrímsson og Brynjólfur Pétursson við nám í Goðdölum og Konráð Gíslason átti heima skammt frá. Jón var síðan með sundkennslu í Lauglæknum

í Reykjavík árið 1824. Seinna var lækurinn stíflaður, breikkaður og dýpkaður, svo lítil laug myndaðist. Árið 1884 var fyrsta sundfélag Íslands stofnað en það bar nafnið Sundfélag Reykjavíkur. Þegar ungmennafélög voru stofnuð í upphafi tuttugustu aldar fóru þau í að hlaða sundstaði víða. Þá hlóðu þau sundgarða og bjuggu til hylí í lækjum og ám, með jarðhita jafnt sem isköldu bergvatni. Fyrsta steypa sundlaugin á Íslandi var gerð í Laugardal við Reykjavík árið 1908 þar sem heitu vatni úr Þvottalaugunum var veitt í lauginna og köldu úr Gvendarbrunnum. Eftir árið 1930 fjölgaði byggingu sundlauga á Íslandi mikið, og á árunum 1931-1950 voru 44 sundlaugar byggðar.

Staðreyndir um klór
Langalgengasta söthreinsiefnið í sundlaugum hér á landi í dag er klór, en í vatni myndar klórlausnin svokallaða hýpóklórsýru. Hitaveituvatn í Reykjavík er afar basískt með PH-gildi í allt að 9,5. Svo basískt umhverfi gerir klórinn nánast óvirkan sem hreinsiefni. Vandinn er oftast leystur þannig að vatnið er gert súrara til þess að vega upp á móti basísku umhverfinu. Til þess er oft notuð saltsýra og að undanfögnu hefur aukning verið í notkun kolsýru. Ástæðan fyrir óþægindum sem baðgestir kvarta stundum undan, eins og klórlykt, augnsvíða og fleira, er til komin vegna of mikilla klóramína í laugarvatninu. En klóramín eru efni sem myndast þegar klór „oxar“ svita og þvag frá sundlaugargestum, þ.e. svitinn og þvagið taka til sín súrefnisatóm frá klórnum. Hin eiginlega klórlykt kemur því ekki af klórnum sjálfum heldur afleiðingum hans.

Í dag er svo komið að Íslendingar ljúka ekki skólakylðu sinni nema vera orðnir syndir og mælist sundkunnátta á Íslandi með hæsta móti í heiminum. Sund er ein helsta almenningisíþrótt Íslendinga og sækja margir sundstaði daglega, hvort sem ætlunin er að telja ferðir í djúpu lauginni eða skeggræða pólitík í heita pottinum. ■



EKKI LÁTA BITVARGINN ERGJA ÞIG Í SUMAR!



Rökrétt skref að Solid Clouds fari á markað

Solid Clouds, sem er sérhæft í herkænsku- og hlutverka-leikjum, stefnir á að gefa út tölvuleiki á þriggja ára fresti. Hluti viðskiptamóðelsins er að stytta þann tíma sem það tekur að þróa leiki.

helgivifill@frettabladid.is

Solid Clouds, sem fjárfest hefur fyrir um milljarð í tæknigrunni til framleiðslu fjölspilunarleikja, stefnir á skráningu á First North-hliðarmarkaðinn í sumar. Stefán Gunnarsson, meðstofnandi og forstjóri Solid Clouds, segir að horft sé til þess að selja um það bil 25-30 prósent hlut í fyrirtækinu til að fjármagna gerð tölvuleikja en næsti tölvuleikur félagsins mun koma út um mitt næsta ár. Ekki sé hægt að gefa upp hve stórt útbúið verði að svo stöddu. „Hluthafar eru 172. Þetta er því skynsamlegt næsta skref í sögu félagsins,“ segir hann.

Á meðal hluthafa Solid Clouds eru, fjárfestingafélagið Kjölur sem leiddi fjármögnun GreenQloud, Sigurður Arnljótsson, einn af stofnendum CCP, Brimgarðar sem er í eigu fjölskyldunnar sem á heildversluna Mata en hún fjárfesti líka í CCP, og Silfurberg sem er í eigu hjónanna Friðriks Steins Kristjánssonar og Ingibjargar Jónsdóttur en þau hafa fjárfest umtalsvert í sprotum. Erlendu leikjafjárfestarnir Sisú Game Venture og Vilano Capital eru jafnframt á meðal hluthafa.


Það tók fjögur ár að þróa fyrsta fjölspilunartölvuleik fyrirtækisins, Sovereign Space, en stefnt er að því að það muni taka eitt og hálft ár að ljúka við gerð næsta leiks sem ber nafnið Frontiers. „Við viljum gefa út tölvuleiki á þriggja ára fresti. Það dregur úr áhættu í rekstri að hafa nokkra tekjustofna í stað þess að treysta á einn tölvuleik og eykur það verðmæti fyrirtækisins. Hluti af viðskiptamódeli okkar er að flýta þeim hraða sem það tekur að þróa leiki,“ segir Stefán.

Solid Clouds er sérhæft í herkænsku- og hlutverkaleikjum. Tekjur af þeim eru hvað mestar að meðaltali á hvern spilara. „Við erum ekki geimleikjafyrirtæki, jafnvel þótt fyrstu tveir leikirnir séu af þeim tegu. Við erum leikjafyrirtæki. Sá næsti verður ævin-týraleikur,“ bætir hann við.


Áætlað er að tekjurnar verði 1,6 milljarðar króna árið 2022 og um 4,4 milljarðar króna ári síðar. Reiknað er með því að hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta verði 173 milljónir á næsta ári, samkvæmt fjárfestakynningu sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Stefán segir að Sovereign Space hafi að mörgu leyti gengið vel og vakið athygli. „PC Gamer, virtur fjölmiðill um tölvuleiki, sagði til dæmis að leikurinn væri einstakur í sínum flokki. Vandinn var að tekjur á hvern spilara voru

Spilun eftir tækjum



Tekjur eftir svæðum



að meðaltali 60 sent á dag – sem er ágætt – nema hvað sumir keppnautar okkar voru að fá töluvert meiri tekjur. Við höfum því breytt tekjumódeli Frontiers og byggir það á módeli tekjuhæstu leikja sem fá allt að þrjá Bandaríkjadali á dag að meðaltali frá notendum. Við teljum að fyrstu útgáfur Frontiers muni fá 1,6 Bandaríkjadali að meðaltali greiddar frá spilurum en stefnan er svo sett á þrjá dali,“ segir hann.

Starfsmenn Solid Clouds eru nú 17 auk erlendra verktaka en stefnt er á að fjöldinn verði 25 á næsta ári. „Ekki er horft til þess að fjölga starfsfólki hröðum skrefum með hlutfjáraukningunni,“ segir hann.

Leikjamaarkaðurinn hefur vaxið um tíu prósent á ári á undanförmum árum. „Það sér ekki fyrir endann á þeim vexti á næstu tveimur áratugum. Sífellt fleiri spilarar bætast í hópinn,“ segir Stefán. Leikjaíðnaðurinn veltir nú meira en tónlist og kvikmyndahús til samans. „Næst mun leikjaíðnaður taka fram úr sjónvarpinu,“ segir hann.

Leikjaíðnaðurinn velti um 175 milljörðum Bandaríkjadala í fyrra. Um 49 prósent af tekjunum má rekja til snjallsíma, 22 prósent til PC-tölva og 29 prósent til leikjatölva. „Frontiers verður í boði fyrir snjallsíma og PC-tölvur. Það er um 71 prósent af kökunni,“ segir Stefán.

Markaðurinn sem sótt er á er 15 milljarðar Bandaríkjadali að stærð og einblínt er á spilara frá Vesturlöndum til að byrja með. „Það eru feikileg tækifæri framundan,“ segir hann. ■



Stofnendur Solid Clouds, Stefán Björnsson fjármálastjóri og Stefán Gunnarsson framkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skattahvatar og skráning sprota á markað gætu valdið straumhvörfum

„Nýlegir skattahvatar og ef vel gengur að skrá nokkurn fjölda frumkvöðlafyrirtækja í Kauphöll mun saman valda straumhvörfum í nýsköpun á Íslandi,“ segir Stefán Björnsson, meðstofnandi og fjármálastjóri Solid Clouds. „Við eigum að geta þrefaldað eða fjórfaldað tækniiðnað hér á landi miðað við umsvifin á hinum Norðurlöndunum,“ bætir hann við.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kom því til leiðar að einstaklingar sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum sem uppfylla tiltekin skilyrði fyrir allt að 15 milljónir króna geta lækkað tekjustofn sinn um 75 prósent af fjárhæðinni. „Það þýðir að þeir sem borga tekjuskatt geta fengið um 28 til 35 prósent af fjárfestingunni til baka í formi skattaafsláttar. Með þessum aðgerðum er ríkið að leggja sitt af mörkum til að draga úr áhættunni sem fólgin er í að leggja fé í sprotafyrirtæki,“ segir fjármálastjórinn.

Stefán segir að þau lönd sem vilji ná langt í nýsköpun – enda sé hagkerfum sem byggja á náttúruauðlindum sniðinn þröngur stakkur – bjóði mörg hver upp á umtalsverðan stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Það geri til dæmis Bretar sem hafa náð miklum árangri á undanförmum árum.

Bretar byggja stuðning sinn á þremur stöðum, að hans sögn. Öflugum tækniþróunarsjóði, endurgreiðslum af kostnaði við rannsóknir og þróun og að fjárfestar geti fengið í sumum tilvikum allt að 87,5 prósent af fjárfestingum í sprotafyrirtækjum til baka í formi skattaafsláttar. „Á síðustu árum

hefur Bretland siglt fram úr öðrum Evrópuþjóðum þegar lítið er til fjárfestinga í ungum tækniyfyrirtækjum. Fjárfestingarnar eru meiri en hjá Frakklandi og Þýskalandi til samans,“ segir Stefán.

Hann segir að 60 prósent af þeim sem fjárfesti í sprotafyrirtækjum í Bretlandi séu einstaklingar, yfirleitt efnaðir, en aðeins 17 prósent af fjárfestingunni komi frá vísisjóðum. Eins fari fyrirtæki tiltölulega snemma á markað þar í landi.

Önnur lönd eins og Svíþjóð hafi beitt markaðslausnum til að örva fjárfestingu í nýsköpun. „Á undanförmum árum hafa 60-90 fyrirtæki á ári verið skráð á First North-markaðinn í Svíþjóð. Þau hafa oft engar tekjur eða eru ekki farin að skila hagnaði. Þeim sem greiða í sænska lífeyrissjóði er boðið að leggja lítinn hluta af sparnaðinum í vaxtarfyrirtæki. Slíkt getur gefið betri ávöxtun og frumkvöðlafyrirtæki fylgja oft ekki sömu verðsveiflum á hluta-bréfaverði og hefðbundin rekstrarfyrirtæki. Ef okkur mun vegna jafn vel og Svíþjóð að þessu leyti ætti að vera hægt að skrá þrjú til fjögur sprotafyrirtæki á ári í Kauphöllina,“ segir Stefán.

Forstjóri og fjármálastjóri Solid Clouds tóku þátt í fyrsta hlutfjárlutboði CCP tölvuleikjaframleiðandans. Þeir hefðu kosið að fleiri nýsköpunarfyrirtæki hefði farið á markað. „Skráning á markað gerir það sömuleiðis að verkum að fjárfestar geta losað um hagnað og fjárfest í öðrum frumkvöðlafyrirtækjum og koma þannig hringrás af stað. Það er mikilvægt fyrir nýsköpunarumhverfið,“ segir Stefán.

Sigurlína er stjórnarformaður Solid Clouds

Sigurlína Valgerður Ingvadóttir er stjórnarformaður Solid Clouds. Hún er fyrrverandi framleiðandi tölvuleiksins FIFA sem þróaður er af Electronic Arts en hún styrði áður framleiðslu tölvuleiksins Star Wars Battlefront og hefur unnið fyrir CCP. Ólafur Andri Ragnarsson, sem stofnaði meðal annars Betware sem selt var til Novomatic árið 2013 fyrir um þrjá milljarða og leikjafyrirtækið Raw fury í Svíþjóð, er varaformaður. Aðrir í stjórninni eru Eggert Árni Gíslason, sem fjárfesti meðal annars í CCP og er framkvæmdastjóri Mata, Guðmundur Ingi Jónsson, annar eigandi Kjalar sem fjárfesti meðal annars í GreenQloud sem selt var á 5,3 milljarða til NetApp og Svanhvit Friðriksdóttir, sérfræðingur í almannatengslum og markaðssetningu.

Telja að gjaldeyrisflæði hagkerfisins verði neikvætt á árinu

thg@frettabladid.is

Gjaldeyrisflæði hagkerfisins verður neikvætt um 26 milljarða króna á þessu ári, ef marka má nýlega greiningu Viðskiptaráðs. Til grundvallar greiningunni liggur spá Seðlabankans um viðskiptahalla þjóðarbúsins og sú forsenda að gjaldeyriskaup lífeyrissjóða fari aftur í sitt hefðbundna far. „Þar togast á annars vegar minni þörf til eignadreifingar erlendis þar sem hlutfall erlendra eigna hefur hækkað og hins vegar að sjóðirnir hafa stækkað mikið á síðustu misserum,“ segir í umfjöllun

Viðskiptaráðs, sem var send til aðildarfélaga fyrr í vikunni.

Viðskiptaráð gerir ráð fyrir að Seðlabankinn verði hlutlaus í inn-gripum á gjaldeyrismarkaði á árinu. Jafnframt er lítið svo á að innstreymi erlends fjármagns snúist við og verði óvenju mikið: „Þegar þessir liðir eru teknir saman sést að enn vantar 26 milljarða króna annars konar gjaldeyrisinnstreymi til að jafna gangi upp. Athuga skal að hin árin hefur þessi liður verið neikvæður svo að ef þessi sviðsmynd á að ganga upp þarf að koma óvenju mikill styrkingarþrýstingur úr



Konráð Guðjónsson, hagfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

öðrum áttum, hvort sem það er vegna erlendra lántöku eða viðskipta bankanna,“ segir í greiningunni.

Meðal annarra umfjöllunarefna Viðskiptaráðs er hvort hagkerfið

standi undir frekari styrkingu krónunnar. Vísbendingar hafi verið um að krónan hafi verið of sterk frá sumri 2017 og fram til haustsins 2018, en þá birtist mikill fjöldi fréttar um vandræði útlutningsgreina. Rekstrarvandi WOW Air komst þá í hámail, sem leiddi til þess að krónan veiktist um 11 prósent á síðustu mánuðum ársins 2018.

Viðskiptaráð bendir á að þrátt fyrir allt sé gengi krónunnar í dag um 7 prósentum yfir jafnvægisraungengi hagkerfisins samkvæmt mati Seðlabankans. Jafnvægisraun-

gengi er það gengi sem talið er samræmast ytri stöðugleika íslenska hagkerfisins.

„Enn fremur er margt óljóst um gjaldeyrisflæðið og miðað við framangreinda sviðsmynd er ekki endilega augljóst að það verði sérstakur styrkingarþrýstingur á yfirstandandi ári. Þá er ótalin sú staðreynd að í samhengi við framleiðni er launakostnaður hér sögulega hár í samanburði við viðskiptalönd, sem varpar ljósi á samkeppnishæfnina sem sýnir að lítil innstæða er fyrir frekari styrkingu,“ segir Viðskiptaráð. ■

■ Skotsilfur



Kvik stjórn


**Kristín Friðgeirsdóttir**

fjármálastjóri Sýnar.

Sýn greindi í gær frá því að Kristín Friðgeirsdóttir hefði verið ráðin fjármálastjóri

félagsins og ekki leið á löngu þar til Kvika tilkynnti að Kristín hefði sagt sig úr stjórn bankans vegna nýja starfsins. Nú þegar samruni TM og Kviku er genginn í gegn er sameinað félag knúið til að boða til nýs hluthafafundar svo að unnt sé að fá nýjan stjórnarmann í stað Kristínar. Aðeins tveir mánuðir eru síðan ný fimm manna stjórn var kjörin til að leiða félagið eftir sameininguna. En hvers vegna getur Kvika ekki kallað inn varamann? Annar varamaðurinn, Inga Björg Hjaltadóttir, sagði sig einnig úr stjórninni í maí vegna skuldbindinga í öðrum störfum og kvaðir um kynjahlutföll koma í veg fyrir að hinn varamaðurinn, Sigurgeir Guðlaugsson, geti fyllt í skarðið. Ekki verður komist hjá öðru stjórnarkjöri en Kvika hefði helst viljað spara sér ómakið. ■

Spænska kauphöllin fagnar 190 ára afmæli á árinu



Kauphöllinni í Madrid var komið á legg 1831 og fagnar hún því 190 ára afmæli sínu í ár. Árið 1893 voru svo núverandi höfuðstöðvar vígðar af ríkjandi drottningu þess tíma, hinni austurrísku Maríu Kristínu. Úrvalsvísitala spænska markaðarins (ES35) hefur hækkað um 18 prósent á einu ári. **FRÉTTABLAÐID/EPa**

Opinber fjármál undir þrýstingi

**Anna Hrefna****Ingimundardóttir,**

forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Opinberum fjármálum þróaðra ríkja hefur undið fram með merkilega áþekkkum hætti síðastliðna öld. Umsviðin hafa almennt aukist og síhækkandi hlutfall opinbers fjár rennur til tilfærslukerfa, þ.e. ýmiss konar bóta. Þá hafa kröfur haldið áfram að aukast um bætt gæði og aukid umfang opinberrar þjónustu. Einnig hefur almennt hægt á hagvexti og framleiðni í iðnríkjum undanfarna áratugi og horfur eru á að sú þróun haldi áfram samhliða hækkandi lífaldri. Samneyslan eykst stöðugt á meðan fyrirséð er að hlutfallslega færri vinnandi hendur munu standa undir henni.

Opinber fjármál eru af þessum sökum undir sífellt meiri þrýstingi. Þróunin hefur orðið mörgum ríkjum hvatning til að styrkja umgjörð fjármálanna með því að þróa aðferðir sem stuðla að auknu aðhaldi, meira gagnsæi og aukinni framsýni þegar kemur að meðföllum almannaþjárf. Úrlausnarefnin geta verið flókin og vírst ófyrstíganleg, en hægt er að draga lærdóm af reynslu annarra ríkja og taka sér til fyrirmyndar það sem vel hefur heppnast annars staðar. Flest þróuð ríki eru komin lengra á veg en Ísland í þessum efnun.

Langtímaáskoranir

Viðá erlendis er það sjálfsgöð krafa af hálfu skattgreiðenda að hægt sé að sýna fram á ávinning af ráðstöfun skattfjár, að stjórn mála- og embættismenn séu látnir sæta ábyrgð í sínum störfum og að tryggt sé að hin viðamiklu opinberu kerfi séu rekin með sjálfbærum hætti. Á Íslandi er umræðan önnur. Kröfur

um aukin útgjöld til ýmissa málaflokka eru stanslausar án þess þó að gerð sé sú krafa að árangurinn sé metinn samhliða. Til að úr þessu megi bæta þarf að eiga sér stað skýr stefnumótun og skipulögð greiningarvinna sem miðlað er til þingheims og almennings á skiljanlegan máta.


Ekki þarf aðeins að greina skammtímaáhrif af verkefnum hins opinbera heldur einnig hvernig fyrirséð er að fjármagna eigi þau kerfi og réttindi sem til staðar eru horft áratugi fram í tímann. Nýverið birti fjármála- og efnahagsráðuneytið í fyrsta sinn áætlun um langtímahorfur í efnahagsmálum og opinberum fjármálum til 30 ára. Slík greining er verulega til bóta en hún leiðir í ljós að miðað við gefnar forsendur verði heildarafkoma hins opinbera neikvæð frá 2026 til loka tímabilsins. Vissulega ríkir óvissa um gefnar forsendur, en móta þarf viðbragðsáætlanir engu að síður. Alþingi tekur hins vegar ekki til umfjöllunar greiningar á sjálfbærni ríkisfjármála til lengri tíma lítið, þó þar sé nú fjallað um fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem tekur til fimm ára tímabils. Flest önnur lönd innan OECD ræða sjálfbærni ríkisfjármála á þingi.

Fyrsta skrefið af mörgum

Í kjölfar fjármálaáfallsins 2008 hófst vinna með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem leiddi að endingu til laga um opinber fjármál sem tóku gildi 2016. Lögunum er meðal annars ætlað að skýra stefnumótun yfirvalda og tengja fjárveitingar saman við árangursmat svo gera megi upplýstar umbætur á opinberum rekstri. Lagasetningin var framfaraskref. Enn skortir þó á að fyrir liggi skýrir árangursmælikvarðar og stefna hjá ráðuneytum sem er raunverulega framfylgt.

Stefna af þessu tagi ætti í raun að vera grundvallarplagg hvers ráðuneytis og opið almenningi. Þannig gæfist færi á rýni og gagnrýni á það starf sem þar fer fram, sem gefur

/// Innleiðing árangurstengdra fjárlagagerða vísitala



”
Ýmis verkefni eru börn síns tíma en hefur verið viðhaldið af vana eða pólitískum hentugleika þótt skynsamlegra væri að afleggja þau svo ráðast megi í önnur og þarfari verkefni.

skattgreiðendum möguleika á að draga stjórnmálamenn til ábyrgðar þegar markmið eru óskýr eða árangurinn ófullnægjandi.

Ísland skemmra á veg komið

Flest iðnríki nota fjölda mismunandi aðferða til að veita upplýsingar um gæði opinberra fjármála, svo sem úttekt á opinberum útgjöldum og árangurstengda fjárlagagerð, sem tengir opinberar fjárveitingar við stefnur og árangursmælikvarða sem best eiga við í hverjum málaflokki. Engin algild regla er til um hönnun slíkra mælikvarða heldur fer það eftir stefnu og markmiðum

stjórnvalda í hverju landi hverjir mælikvarðarnir eru. Mikilvægt er þó að mælikvarðarnir hafi þýðingu í átt að tilteknu markmiði og veiti upplýsingar um það hvernig stjórnvöldum ferst úr hendi að ná tilætluðum árangri.

Úttekt á opinberum útgjöldum er ætlað að koma auga á tækifæri til sparnaðar og skerpa á forgangsröðun með því að endurmeta þörf á áframhaldi verkefna sem eru til staðar. Ýmis verkefni eru börn síns tíma en hefur verið viðhaldið af vana eða pólitískum hentugleika þótt skynsamlegra væri að afleggja þau svo ráðast megi í önnur og þarfari verkefni. Til að tryggja virkni slíkra úttekta þurfa þær að njóta stuðnings og vera óháðar hagsmunagæslu frá ráðuneytum og öðrum hagsmunaaðilum. Engin regluleg úttekt fer fram á opinberum útgjöldum hér á landi. Ísland er í hópi sex landa af 33 innan OECD sem framkvæmir ekki slíka úttekt.

Árangurstengda fjárlagagerð er unnt að innleiða með ýmsum hætti eftir því hvaða umgjörð hentar hverju landi, en Ísland er skemmra á veg komið en öll önnur OECD lönd hvað varðar innleiðingu á slíkri stefnu. Stefnumótunin felst

í grundvallaratriðum í því að settir séu árangursmælikvarðar fyrir mikilvægustu málefni ráðuneyta með það fyrir augum að standa vörð um gæði opinberrar þjónustu á meðan dregið er úr sífældri úþpenslu ríkisútgjalda.

Sem dæmi má nefna að hjá heilbrigðisráðuneytinu ættu að lágmarki að liggja fyrir miðlægir biðlistar þar sem skráning fer fram með samræmdum og skipulögðum hætti á þeim fjölda fólks sem biður eftir þeirri heilbrigðisþjónustu sem hinu opinbera er gert að veita og hversu lengi beðið hefur verið. Þannig væri hægt að fylgjast með því hvort þjónusta við notendur heilbrigðiskerfisins væri að batna eða versna á mælikvarða biðtíma og ætti ráðherra að móta skýra stefnu til umbóta ef þjónustunni væri ábótavant.

Það ætti að vera lágmarkskrafa af hálfu skattgreiðenda að stjórnvöld, sem hafa skattlagningarvald og fara með mörg hundruð milljarða af almannafé á ári hverju marki sér skýra sýn sem varðar umbætur á hverju því málefnaviði sem hið opinbera ber ábyrgð á. Þó margt hafi áunnist á undanföllum árum í þessum efnun eru enn eru fjölmörg tækifæri til úrbóta. ■

Íslenskt matvælafyrirtæki komið í úrslit

Stærsta áskorun Responsible Foods verður að koma útflutningi á fullt og selja vörur á erlendum mörkuðum. Markmið félagsins er að vera fyrst og fremst útflutnings-fyrirtæki.

helgivifill@frettabladid.is

Sprotafyrirtækið Responsible Foods, sem þróað hefur heilsunasl undir vörumerkinu Næra og selt til Asíu og Bandaríkjanna, komst nýverið í úrslit World Dairy Innovation Awards og keppir meðal annars á móti stórum alþjóðlegum fyrirtækjum. Þetta segir dr. Holly T. Kristinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Á meðal hluthafa eru Mjólkursamsalan, Loðnuvinnslan, Lýsi og Ó. Johnson & Kaaber.

„Reponsible Foods (RF) er í úrslitum fyrir bestu mjólkurpróteinvör-una, sem er ostanasl með 76 prósent próteini, besta mjólkurvörunaslið sem er skyrnaslið og besta nýja vörumerkið eða fyrirtækið,“ segir hún í samtali við Markaðinn.

Holly, sem er matvæla og nær-ingarfræðingur, stofnaði fyrirtækið árið 2019. Hún starfaði lengi í mat-væla- og innihaldsefnaðnaðnum í Bandaríkjunum og flutti til Íslands í desember 2015 til að vinna sem verkefnastjóri hjá Matis. „Hug-myndin á bakvið stofnun RF var að sameina einstaka vinnslutækni og íslensk hráefni til að þróa og fram-leiða hollar lítið unnar hágæða nasl-vörur bæði fyrir erlendan og inn-lendan markað,“ segir hún og nefnir að hana langi til að koma Íslandi á kortið í flokki hollra naslvara sem sé í ör-um vexti.

„Neytendur eru sífellt meira að sækjast eftir vörum sem eru hollar, lítið unnar og innihalda hágæða sjálfbær hráefni sem er einmitt það sem RF hefur fram að færa. Hjartað í starfsemi RF er tækni sem fyrir-tækið er með einkaleyfi á. Tæknin gerir það mögulegt að þurrka mis-munandi hráefni mjög hratt við lágt hitastig þannig að bragðgæði og næringarinnihald þeirra haldist,“ segir Holly.

Fram hefur komið á vef Markað-arins að RF lauk í fyrra yfir hundráð milljóna króna fjármögnun. „Fyrir-tækið setti sínar fyrstu vörur á markað síðasta haust og fór salan strax vel af stað og er ljóst að land-inn kann vel að meta þessa nýjung á markaðnum. Vörurnar fást í nær öllum stórverslunum landsins og einnig smærri verslunum. Í vinnslu fyrirtækisins að Grandagarði í Reykjavík er framleitt stökkt og



Neytendur sækjast eftir vörum sem eru hollar, lítið unnar og innihalda sjálfbær hráefni, segir Holly. MYND/ADSEND

próteinríkt nasl úr mismunandi tegundum af íslenskum ostum auk þess sem fyrirtækið framleiðir algjöra nýjung á heimsvísu sem er poppað nasl unnið úr fersku íslensku skyri. Skyrneysla hefur vaxið mikið erlendis síðustu ár en hingað til hefur ekki fengist nasl framleitt úr skyri. Varan, sem er með langt geymsluþol, á eftir höfða til breiðs hóp neytenda,“ segir hún.

Nú er unnið að því að setja upp seinni vinnslu RF í samtarfi við Loðnuvinnsluna á Fáskrúðsfirði. Þar verða þróaðar og framleidda naslvörur úr mismunandi íslensku

sjávarfangi. „Þetta verður alveg ný tegund af fiskinasli sem verður laust við fiskilyktina sem einkennir harð-fisk og verður með framúrskarandi bragðgæði. RF hefur unnið mikla þróunarvinnu tengt naslinu og fengið meðal annars ómetanlegan styrk frá Tækniþróunarsjóði sem hefur stutt við þessa þróun. Naslið hefur fengið frammúrskarandi við-tökur í neytendaprófum, bæði hér-lendis og erlendis,“ segir Holly sem telur að varan eigi mikla möguleika á erlendum mörkuðum þar sem ekkert sambærilegt nasl sé til staðar úr sjávarfangi.

„Hin mikla fiskilykt og bragð sem einkennir harðfisk höfðar ekki til allra, en þessi nýja vara hefur meðal annars fengið hæstu einkunn hjá neytendum sem jafnvel borða ekki venjulega fisk, hvað þá harðfisk. Félagið stefnir líka á mikla aukn-ingu á útflutning á vörum sínum á árinu með áherslu á markaði þar sem eftirspurn eftir hollum naslvör-um er mikil. Áhersla verður fyrst á skyrnaslið og tvær tegundir af osta-nasli sem eru þegar í framleiðslu og síðar fiskinaslið þegar framleiðslan fer í gang fyrir austan,“ segir hún.

Aðspurð um áskoranir tengdar

”

Hugmyndin á bak við stofnun RF var að sameina einstaka vinnslutækni og íslensk hráefni til að þróa og framleiða hollar, lítið unnar hágæða naslvörur bæði fyrir erlendan og innlendan markað.



Holly T. Kristinsson, framkvæmdastjóri Responsible Foods.

rekstrinum segir Holly að fyrsta áskorunin hafi verið að tryggja félaginu nægt fjármagn til að koma hugmyndinni á framkvæmdastig. Það hafi tekið sinn tíma. Hún sé afar þakklát að hafa fengið styrki frá Tækniþróunarsjóði, Matvæla-sjóði, Framleiðnisjóði og Nýsköp-unarsjóði námsmanna til að styðja við rannsókn- og þróunarstarf sitt. Fjárfesting frá fyrirtækjum og ein-staklingum hafi einnig skipt sköp-um til að koma starfseminni af stað.

Eins hafi tekið á að koma fyrir-tækinu á rekspöl í Covid-heims-faraldrinum. „Ein stærsta áskorunin var að setja upp vinnsluna og fram-leiðsluna í miðjum Covid-faraldri sem þýddi miklar tafir á köflum við uppsetninguna. Ferðatakmark-anir voru líka mikil áskorun þar sem mjög mikilvægt er að fara á sölusýningar og hitta fólk í persónu þegar verið er að koma nýtti vöru á markað. Þar að auki setti skortur á erlendum ferðamönnum strík í reikninginn, enda mikilvægur kúnnahópur á fyrstu stigum félags-ins.

Stærsta áskorunin fram undan verður að koma útflutningi á fullt og selja vörurnar á erlendum mörk-uðum enda er markmið félagsins að vera fyrst og fremst útflutningsfyr-irtæki. Samhliða útflutningi þarf að skala upp framleiðsluna sem verður kostnaðarsamt,“ segir hún. ■

Publix selur íslenskar sultur frá Good Good

helgivifill@frettabladid.is

Bandaríska verslanakeðjan Publix hóf við upphaf mánaðar sölu á þrem-ur gerðum af tvurtum frá íslenska fyrirtækinu Good Good í 1.268 verslunum. „Þetta er í fyrsta sinn sem stór erlend verslanakeðja ákveður að selja vörur frá okkur í öllum sínum verslunum. Yfirleitt hafa verslana-keðjur byrjað á að selja vörurnar í 100-300 verslunum til að sjá hvernig salan gengur,“ segir Garðar Stefáns-son, framkvæmdastjóri Good Good, í samtali við Markaðinn.

Flestar verslanir Publix eru í Flór-íða en þær eru einnig stafræktar í sex öðrum ríkjum: Alabama, Georgíu, Norður- og Suður-Karólínu, Tenn-essee og Virgíníu. Garðar segir að Publix bjóði upp á gott úrval af gæðavörum á hagstæðu verði.

Fyrir mánuði hóf verslunin 7/11 í Kanada að selja tvær tegundir af

Ketóstöngum í 640 verslunum. Nú fást vörur frá Good Good í 7.000 verslunum í 21 landi, þar með talið Amazon, Wholefoods, Walmart, El Corte Ingles, Safeway og Meijer.

Good Good selur matvöru sem er án viðbættis sykurs og er sætt með náttúrulegum sætuefnum sem henta meðal annars þeim sem eru á ketó-mataræði. Má nefna sultur, súkkulaðismjör, síróp og ketóstangir. „Sulturnar njóta langmestra vinsælda hjá okkur,“ segir Garðar. Um 45 prósent af sölnunni í fyrra mátti rekja til sultanna og 21 prósent til ketóstanganna.

„Við erum matvælahönnuðir. Í raun er þetta ekki ósvipað dönskum húsgagnahönnuðum. Þannig er mál með vexti að dönsk hönnunarvara er oft hönnuð í Danmörku en fram-leidd í Austur-Evrópu. Good Good er íslenskt matvælafyrirtæki, vörurnar eru hannaðar hér á landi en fram-

”

Við erum á fleygiferð.



Garðar Stefáns-son, framkvæmdastjóri Good Good.

leiðslan er útvistuð til framleiðanda í Hollandi. Við erum með lager þar í landi og í Bandaríkjunum,“ segir hann og nefnir að með þeim hætti sé varan nær mörkuðum sem dragi úr flutningskostnaði og hægt að flytja vörur hraðar til viðskiptavina.

„Við erum á fleygiferð,“ segir Garðar um vöxtinn. „Horft er til þess að fyrirtækið muni hafa um 9,8 milljón Bandaríkjadala í tekjur í ár sem yrði tvöföldun á milli ára,“ segir hann. Fyrirtækið óx um 171 prósent á milli áráanna 2019 og 2020. Salan á alþjóðlegum markaði í fyrra var 4,6 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 555 milljónir króna. Mest var salan til Bandaríkjanna eða 1,8 milljónir Bandaríkjadala en salan hérlandis nam 747 þúsund Bandaríkjadölum, jafnvirði tæplega 100 milljónum króna.

„Starfsmenn Good Good voru tveir í fyrra en nú erum við níu,

þar af tveir sölumenn í Bandaríkj-unum. Aðrir starfa á Íslandi en við erum með fjölbreyttan hóp af frá-bæru fólki þar með talið Íslendinga, Ameríkana og Breta hér á landi,“ segir Garðar. Auk sölumanna á Austur- og Vesturströnd Bandaríkj-anna eru í starfsmannahópnum sér-fræðingur í að stýra aðfangakeðju, annar í gæðamálum, markaðsstjóri og sérfræðingur í netviðskiptum. „Við seljum mikið á netinu, til dæmis á Amazon, í gegnum okkar eigin síðu og Walmart.com,“ bendir hann á.

Fram kom í fréttum fyrir um ári að fyrirtækið hafi fengið 400 millj-ónir króna í nýtt hlutafé frá fjár-festum. Stærsti hlutafi Good Good er Eignarhaldsfélagið Lyng, móður-félag Icepharma, með 51 prósents hlut og SNV holding í eigu Svan-hildar Nönnu Vigfúsdóttur á 15 prósentu hlut. ■

Skoðun

Þórður Gunnarsson



Umhverfis- eða náttúruvernd?

Umhverfismál eru meðal allra mikilvægustu áskorana og verk-efna samtímans. Til að árangur náist í þeim efnum þurfa að vera fyrir hendi trúverðug markmið sem er raunhæft að ná. Til dæmis er með öllu ómögulegt að láta af notkun olíu og gass á allra næstu áratugum. Hins vegar er fyllilega raunhæft að allri nýrri eftirspurn eftir orku verði annað með umhverfisvænni orku-gjöfum. Einnig er raunhæft að draga smátt og smátt úr notkun kolefnisorkugjafa, en það gerist ekki yfir nótt.

Skerpa þarf á skilgreiningum í umræðu um umhverfismál á Íslandi. Náttúruvernd, eða landvernd er sjónarmið sem oftast er ekki felur í sér að ekki megi raska náttúrunni á neinn hátt eða hrófla við nokkrum sköpuðum hlut. Náttúruverndarsinnar á Íslandi sigla oft undir flaggi umhverfisverndarsinna, þó svo að síðarnefndi hópurinn sé ekki á móti því að nýta náttúruauðlindir til að tryggja aðgang að rafmagni.

Ef ætlunin er að rafvæða allan bílaflota landsins þarf til þess um 300 megavött af uppsettu afli, eða sem nemur um 1,5 teravattstundum af raforku. Ef ætlunin væri að skipta jarðefnaeldsneyti í öllum samgöngumáta út, þar með talin skip og flugvélar, þyrfti til þess um 10 teravattstundir til viðbótar við þá raforku sem nú er framleidd. Til samanburðar er árleg raforkuframleiðsla á Íslandi um 20 teravattstundir. Ef þetta væri markmiðið mætti ekki slá af við áframhaldandi virkjanir vatnsfalla og jarðvarma landsins, heldur þvert á móti.

Orka verður ekki til úr engu og framleiðsla hennar hefur alltaf í för með sér umhverfiskostnað. Sú ákvörðun hefur verið tekin af þjóðum heims að samdráttur í útblæstri gróðurhúsalofttegunda sé brýnasta verkefnið.

Til þess að svo megi verða þarf að stífla vatnsföll, bora eftir jarðhita, framleiða vindmyllur og sólarcellur. Að sama skapi þarf að efla flutningskerfi raforku um allan heim, eigi hún að vera lykilorkugjafinn. Allt mun þetta kalla á mikla notkun byggingahráefna og landsvæða. Orkuskiptin eru ekki ókeypis og hafa sinn umhverfiskostnað. ■

Sjóðurinn Algildi hagnast um 420 milljónir

hordur@frettabladid.is

Fagfjárfestastjóðurinn Algildi, sem er stýrt af Jóhanni Gísla Jóhannessyni og var stofnaður vorið 2019, skilaði rúmlega 424 milljóna króna hagnaði á síðasta ári borið saman við 91 milljónar hagnað á árinu 2019.

Eignir sjóðsins, sem var með um 38 prósenta raunávöxtun á árinu 2020, námu 1.513 milljónum í árslok og eigið fé var um 1.372 milljónir. Fjármunatekjur Algildi, sem er

lokaður sjóður aðeins ætlaður stofnana- og fagfjárfestum, námu samtals 653 milljónum á árinu 2020 en vaxtagjöld og þóknanir voru hins vegar rúmlega 200 milljónir.

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi samlagshlutafélagsins sem rekur sjóðinn kemur fram að fjárfestingafélagið Stoðir séu stærsti hluthafi Algildi með um 27 prósenta hlut. Aðrir helstu hluthafar eru meðal annars tryggingafélagið VÍS, eignarhaldsfélagið Sæfé og Kvika banki. ■



Frjáls félagasamtök á borð við SÁÁ og Krabbameinsfélagið virðast ekki vera velkomin í hinu nýja, miðstýrða, marxíska heilbrigðiskerfi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins.



Tacchini

VEST

Costela
Hönnun Martin Eisler

Hannaður árið 1950. Fagurfræðileg og hagnýt hönnun stólsins tryggir óaðfinnanleg þægindi með tré rifjum sem faðma sætisbakið.

50.000 kr
Kaupauki fylgir öllum
Costela hægindastólu í Júní.



Sterkari saman
í sátt við umhverfið



LITRÓF



GuðjónÓ

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

NÝ SENDING AF SUNDFÖTUM

SUNDBOLIR - SUNDKJÓLAR - BIKINÍ - TANKINÍ

Stærðir frá 14-30 eða 42-58

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is

Eða komdu í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy



FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VERSLAD ER FYRIR
5000 KR EÐA MEIRA



Sundbolur
13.990 kr
Stærðir 42-54



Tankiní toppur
9.990 kr
Stærðir 42-56




Bikíní toppur
8.990 kr
Stærðir 42-54



Sundbolur
9.990 kr
Stærðir 42-56



Sundbolur
11.990 kr
Stærðir 42-56



Sundkjöll
8.990 kr
Stærðir 42-58

Julia Hantschel, leiðari óbó-leikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands, segist hafa byrjað að setja sér hlaupamarkmið fyrir um þremur árum síðan. Síðustu helgi hljóp hún 53 km í Hengill Ultra Trail á rúmum átta klukkustundum.

Julia hefur alltaf hlaupið eitthvað og stundaði meðal annars útihlaup á tvítugsaldri til þess að halda sér í formi. „Hlaupin hafa alltaf verið lógísk hreyfing fyrir mér enda stunduðu pabbi og bróðir minn báðir mikið hlaup þegar ég var litil. Sjálf fór ég ekki að taka hlaupin alvarlega og setja mér markmið fyrr en fyrir þremur árum síðan. Það var eftir að ég fékk stöðugt starf í sinfóníuhljómsveit í Svíþjóð og í kjölfarið hér á Íslandi, en þá gat ég gefið mér meiri tíma í áhugamál mín, eins og hlaupið,“ segir Julia.

Þarf ekki að bóka tíma í hlaup
Julia segist elska að hlaupa. „Ég kann sérstaklega vel að meta andlega árangurinn, sem mér finnst meiri í hlaupinu en sá líkamlegi. Það hjálpar mér líka í mínu starfi sem óbóleikari að spila tónlist og koma fram, að þjálfa hugann og ná betri fókusi og stjórn. Svo fylgja líka líkamlegir kostir hlaupinu, ég er bæði heilbrigðari og fæ meira frískt loft.“

Það er líka kostur að hlaupin liggja svo beint við. Þau eru einfaldari en margt annað. Það er auðveldara að stunda hlaup heldur en til dæmis sund eða annað. Þú getur farið út að hlaupa hvenær sem þú vilt, og þarft ekki að fara á sérstakan stað, bóka tíma eða stunda þau á einhverjum opnunar-tíma. Ég hleyp allt árið og reyni að hlaupa líka á veturna, en ekki eins mikið og á sumrin. Ef veðrið er of slæmt þá fer ég ekki út, allavega ekki mjög lengi.“

Julia segist alltaf hafa verið heilluð af langhlaupum og lesið mikið um þau. „Ég hélt samt aldrei að ég myndi nokkurn tíma skrá mig í maraþon, hvað þá langt maraþon á fjöllum. Síðustu þrjú ár hef ég náð að setja mér markmið í hlaupunum og síðustu jól las ég bók sem hafði mjög hvetjandi áhrif á mig. Bókin heitir Born to Run og er eftir Christopher McDougall. Christopher heldur því fram í bókinni að maðurinn sem tegund sé hannaður til þess að hlaupa og að það sé mjög náttúrulegt fyrir honum. Hann skoðar langhlaup frá mörgum mismunandi sjónarhornum og maður fer að trúa því að maður geti í alvöru stundað langhlaup. Því líkaminn er hannaður til þess. Bókin er mjög vel skrifuð og inniheldur margar



Julia hljóp 28 km í Eldslóðarhlaupinu 2019.



Julia Hantschel tók þátt í Hvítasunnuhlaupinu fyrir nokkrum vikum með vinkonu sinni Melkorku Ólafsdóttur.



Bláskógahlaupið 2019. Julia hljóp 16 km.

Myndi hiklaust gera þetta aftur



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

sögur af fólki sem hleypur og fékk mig til að íhuga hvort ég gæti ekki sjálf stundað langhlaup. Ég ákvað því að taka afskarið og skrá mig í hlaupið. Þetta er mitt fyrsta stóra hlaup og er stærsta markmið sem ég hef sett mér.“

Tók tólf tíma að liða eðlilega
Julia hljóp 53 kílómetra í Salomon Hengill Ultra maraþoninu laugardaginn 5. júní síðastliðinn. Leiðin sem er með 2.000 m hækkun, hefst í Hveragerði, upp Reykjadal að Ölkelduhnjúk, áfram inn að Hengli, yfir fjallgarðinn, niður Sleggjubeinsskarð og þaðan til baka.

„Ég var mjög taugaóstyrk áður en ég byrjaði að hlaupa leiðina, en líka mjög spennt. Ég vissi að ég hafði aldrei gert neitt þessu líkt áður og ég vildi virkilega vita hvernig þetta væri, hvernig manni liði. Ég get skipt hlaupinu í þrjú stig

hjá mér. Ég naut mín í botn fyrstu tvo tímuna. Svo varð veðrið mjög vont og það eina sem ég hugsaði um var að halda áfram og klára. Ég gat ekki leitt hugann að neinu öðru. Ég var bara að reyna að komast upp á fjallið og niður. Ég reyndi að halda á mér hita og halda mér á lífi eiginlega. En í lokin fór ég að njóta mín aftur því ég var svo agndofa og stolt að mér hefði tekist að komast svona langt. Þegar ég kláraði hlaupið og kom niður af fjallinu var mér ískalt og það tók mig örugglega um tólf tíma að liða eðlilega aftur. Það tók mig langan tíma að hitna aftur og maginn var í uppnámi. Um nóttina fékk ég krampa í fæturna. Ég er enn að jafna mig og er enn smá aum og illt, en mér líður vel.

Hlaupið allt tók mig átta og hálfa klukkustund, og ég var alls ekki fyrst í mark eða með þeim fyrstu. Fyrsta í mínum aldursflokki kom í

mark um tveimur klukkustundum á undan mér og sumir kláruðu á ellefu tímum. Ég var þarna einhvers staðar á milli. Veðrið var líka frekar vont svo það hægði á öllum held ég.“

Myndirðu gera þetta aftur?
„Ég myndi ekki hika við að gera þetta aftur og ég veit núna hvað gekk vel hjá mér og hvað ég myndi vilja bæta hjá mér.“

Hengill Ultra hlaupið bauð ekki bara upp á 53 km. Einnig í boði að hlaupa 5 km, 10, 53, 106 og svo 160 km sem eru 100 mílur. Aðspurð hvort hún myndi geta hugsað sér að taka þátt í 160 km hlaupinu segir Julia að hún myndi kannski ekki stefna að því næst að hlaupa svo langt á fjallaslóða, en hana langar til þess að taka einhvern tímann þátt í slíku langhlaupi á jafnsléttu. „Mig langar líka að taka þátt í Laugavegshlaupinu næst sem er 55 km.“ ■

„... það eina sem ég hugsaði um var að halda áfram og klára. Ég gat ekki leitt hugann að neinu öðru. Ég reyndi að halda á mér hita og halda mér á lífi eiginlega.“

NÆRING, HEILSA OG LÍFSSTÍLL

Föstudaginn 18. júní mun Fréttablaðið gefa út sérblaðið Næring, heilsa og lífsstíll.

Blaðið mun ná afar vel til þeirra sem ætla að halda sínu striki í sumar með hreyfingu, útivist og hollu og næringarríku mataræði.

Tryggðu þér pláss í mest lesna blaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi
er opin allra virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bátar

MARÁS

TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÓNSK GÆÐI!

Léttir Kraftmiklir
Fyrirferðalítillir Sparneytnir
Hljóðlátir 3,5-250 hð

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Tilkynningar

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu
sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178,
105 Reykjavík S. 4900095 / info@
accountant.is | www.accountant.is

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta. Málum
hverskonar mannvirki innan sem
utan. Vönduð vinna unnin af
fagmönnum. Nánari upplýsingar
891 9890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikael S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsviðgerðir,
Pakmálning, Málning o.m.fl.
runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Töfluskripti, myndslimar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

STARFSMENN
til fjölbreyttra
starfa um lengri
eða skemmri tíma

PROVENTUS
Starfsmannþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Húsnæði

Geymslúhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!
Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is
Opð mán - fös 11-16,
Skiopholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Mikið úrval
Verð við allra hæfi



TILBOÐ

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með
höfuðpúðum og skammel, grár. St.
90X220 og skammell 70X85. Tilboð
óskast S. 663 3313

**FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS**

gjofsemgefur.is
907 2002

 Hjálparstarf
kirkjunnar

**GEFÐU
VATN**

gjofsemgefur.is
907 2003

 Hjálparstarf
kirkjunnar

Skipulagslýsingar

Skipulagslýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

- Nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði við Snókalönd við Bláfjallaveg
- Uppland Hafnarfjarðar – breyting á skilmálum fyrir frístundabyggð FI – Sléttuhlíð og Klifsholt.

Á fundi Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 26. maí sl. var samþykkt að breyta aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem felst í að afmarkað verður nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði merkt AF5 á þegar röskuðu landi við Bláfjallaveg. Einnig var samþykkt að breyta sama skipulagi fyrir frístundabyggðina í Sléttuhlíð og Klifsholti en breytingin nær til skilmála og gerir ráð fyrir að heimila gistiaðstöðu í flokki II í Sléttuhlíð og Klifsholti (FI)

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Hægt að skoða skipulagslýsinguna á vef Hafnarfjarðarbæjar hfj.is/skipulag. Einnig verða þær til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði Norðurhelli 2.

Ábendingum skal þeim skilað á skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en **8.7.2021** eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjörður
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is



Til sölu

Allt fyrir veitingahús- atvinnueldhús og kaffihús



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is



geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is



www.verslun.is

Tilkynningar



EYJAFJARDARSVEIT

Skrifstofa: Skólátröð 9 · 605 Akureyri

Sími: 463 0600 · www.eyjafjardarsveit.is

Stokkahlaðir, Eyjafjardarsveit –
auglýsing deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Eyjafjardarsveitar samþykkti á fundi sínum 3. júní 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði í landi Stokkahlaða skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til tveggja atvinnuhúsa á svæði sem auðkennt er athafnasvæði AT4 í gildandi aðal-skipulagi sveitarfélagsins.

Skipulagstillagan liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins frá 14. júní til 26. júlí 2021 og er auk þess aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, esveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn frestur til mánudagsins 26. júlí 2021 til að gera athugasemdir við skipulagstillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólátröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi



Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum

ráðningarstofa

RÁÐUM EHF · Sími 519 6770 · www.radum.is · radum@radum.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Til sölu

ÚTSALA Á SUMARDEKKJUM!

ALLT AÐ
30% AFSLÁTTUR

ROADSTONE N7000 235/30R22 90W	14.990 kr.
PIRELLI P-ZERO NCS (Noise Cancelling System) 255/40R21 <i>Volvo XC60, Audi Q5, BMW X3, X4, Mercedes EQC, GLC, VW ID.4</i>	44.990 kr.
PIRELLI SCORPION Z ASS 305/45R20 112V <i>BMW X5, Dodge Ram1500/2500, Mercedes GLE ofl.</i>	19.990 kr.
KUMHO PS71 225/35R20 90Y <i>BMW 3, 4 Mercedes C, VW Golf, Passat ofl.</i>	19.990 kr.
DUNLOP SP SPORT MAXX RACE 245/35R20 91Y <i>Tesla Model 3, BMW 5, 6, 8 Mercedes CLS, E, Volvo S60/V60, Skoda Superb ofl.</i>	34.990 kr.
GOODYEAR EAGLE F1 ASY SUV AT 255/55R19 111W <i>Mercedes M, GLE, BMW X5, Land Rover Disco 3,4,5, Porsche Cayennen, VW Touareg, Jeep Grand Cherokee, Jaguar F-Pace, Volvo XC90 ofl.</i>	26.990 kr.
DUNLOP SP SPORT MAXX RT 275/40R19 101Y <i>BMW 5,7, X3,X4 Tesla Model S, Mercedes CL, S Ford Mustang ofl.</i>	24.990 kr.
CONTINENTAL CROSSCONTACT UHP 295/45R19 109Y <i>Mercedes M ofl.</i>	28.990 kr.
CONTINENTAL Pro Contact TX 225/45R18 91V <i>Audi A4, A5, VW Passat, Honda Accord, Mercedes A, B, C, E, CLA, CLC ofl.</i>	27.990 kr.
DUNLOP GRANDTREK AT 3 235/65R17 108H <i>Audi Q5, BMW X5, Hyundai SantaFe, Tucson, Mercedes GLC, M, GLE Porsche Cayenne, Volkswagen Touareg, Volvo XC60, XC90 ofl.</i>	22.990 kr.
LASSA Competus H/P 215/60R17 96V <i>BMW X1, Audi Q3, Dacia Duster, Nissan Quashqai, X-Trail, Mazda CX3, Honda CRV ofl.</i>	16.990 kr.
PIRELLI CINTURATO P7 CINT P7 205/55R16 91V <i>Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.</i>	14.490 kr.
LAUFENN LK01 S FIT EQ 205/55R16 91H <i>Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.</i>	10.990 kr.
NOKIAN I-LINE 205/55R16 91H <i>Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.</i>	11.990 kr.
HANKOOK K115 VENTUS PRIME 2 205/55R16 91V <i>Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.</i>	10.990 kr.
PIRELLI CINTURATO P1 195/65R15 91V <i>Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.</i>	12.990 kr.
HANKOOK K425 KINERGY ECO 195/65R15 91H <i>Toyota Corolla, Avensis, Auris VW Golf, Nissan Leaf, Hyundai i30 omfl.</i>	10.990 kr.
GOODYEAR EFFICIENTGRIP PERFORMANCE 185/65R15 88H <i>Toyota Yaris, Hyundai i20, Renault Clio, VW Polo, KIA Rio, Nissan Note, Toyota Corolla ofl.</i>	13.990 kr.
PIRELLI CINTURATO P4 185/65R15 88T <i>Toyota Yaris, Hyundai i20, Renault Clio, VW Polo, KIA Rio, Nissan Note, Toyota Corolla ofl.</i>	13.990 kr.

TIL AFHENDINGAR STRAX

TYRES
DIRECT

PANTANIR Í SÍMA 578 8210 EÐA
SALA@TYRESDIRECT.IS



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

KING
KOIL
LUXURY
CAREER


KING KOIL

2021 LÍNAN AF KING KOIL ER KOMIN



KOMDU OG UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM

2021 LÍNAN FRUMSÝND Í REKKJUNNI



„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvöldari eftir að ég fór að sofa á King Koil.

Ég mæli persónulega og faglega með King Koil.“

Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.


Kírópraktor/ Framkvæmdastjóri

Kírópraktorstofa Íslands

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Veðurspá Miðvikudagur



Suðlæg eða breytileg átt 3-8 í dag. Skýjað og sums staðar smáskúrir, en bjart með köflum eystra. Vaxandi austanátt og fer að rigna syðst seint í kvöld. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast á A-landi. ■

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

- LÁRÉTT**

 - 1 ÆRSLAHLÁTUR
 - 5 SKJÖGT
 - 6 KUSK
 - 8 GRANALDIN
 - 10 TITILL
 - 11 KÆLA
 - 12 NÝLEGA
 - 13 KRAFTA
 - 15 AFHENTIRU
 - 17 SÉRHLÍFINN
- LÓÐRÉTT**

 - 1 SKERFUR
 - 2 LÉTTA
 - 3 FLÖKTA
 - 4 MEIÐA
 - 7 TILHÆFU-LAUS
 - 9 MISNOTA
 - 12 VÆTTA
 - 14 EFTIRSÓKN
 - 16 Í RÖÐ

LÁRÉTT: 1 flíss, 5 ríð, 6 íða, 8 ananas, 10 ma, 11 ísa, 12 áðan, 13 afra, 15 garstu, 17 látur. LÓÐRÉTT: 1 framlag, 2 lína, 3 íða, 4 slasa, 7 ósannur, 9 niðast, 12 álfa, 14 fál, 16 tu.

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
			12		
13	14				
15				16	
	17				

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir (1.990) átti leik gegn Lenku Ptácníková (2.107) á Íslandsmóti kvenna.

57...Rd4+! 58. Rxa3 Rf5+ 59. Kf4 Rxe7 og skákinni lauk með jafntefli nokkru síðar og þær komu hnífjafnar í mark. Úrslitaeinvígi fer fram fimmtudaginn 24. júní nk. Jóhanna Björg varð Íslandsmeistari kvenna í hraðskák en mótið fór fram á sunnudaginn. Hún vann Guðlaugu Þorsteinsdóttur í úrslitaeinvígi.

www.skak.is: Brim-mótið hefst á föstudaginn. ■

Sudoku

8	3							
		5	4	3	7	1	2	
			5		9			3
				5	8	3	7	
9	8			6				
2		7	9					
		1					6	4
	2				5	8		
	6			1	7			


		5						6
						4		1
			4		9			
	1	3		8	5			7
				7		2		
6			9	2				3
3		1	5	9				
	9		7		6	3		2
			8			5		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



HEILSUDÝNUR OG -RÚM

MJÚK- OG DÚNVÖRUR

SVEFNSÓFAR

SMÁVÖRUR

STÓLAR

SÓFAR

BORÐ

DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORGI

OPIN Á SUNNUÐ.

KL. 13-17

Sumar útsalan í fjórum verslunum

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



Sumarútsala

ALLT AÐ

{ 60% }

AFSLÁTTUR



Halla Þórlaug fær Maistjörnuna í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Halla Þórlaug fékk Maistjörnuna

kolbrunb@frettabladid.is

Rithöfundasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskóla-bókasafn veittu í gær verðlaun fyrir ljóðabók sem kom út á árinu 2020. Verðlaunin, sem bera heitið Maistjarnan, voru afhent í fimmta sinn við hátíðlega athöfn í Þjóðar-bókhöðunni. Maistjörnuna fyrir ljóðabók ársins 2020 hlýtur Halla Þórlaug Óskarsdóttir fyrir bókina Þagnarbindindi.

Í umsögn dómnefndar um verð-launabókina segir: „Þagnarbindindi er áhrifarík ljóðsaga sem sver sig í ætt við ýmis eftirtektarverð verk

frá síðasta áratug, jafnt innlend sem erlend, þar sem konur skrifa á hugdjarfan og hispurslausan hátt um sára og erfiða reynslu. Hér tekst skáldið meðal annars á við ástarsorg, móðurmissi og móður-hlutverkið og nær að draga upp margræða mynd af reynsluheimi ungrar konu sem er að stíga inn í fullorðinsárin og takast á við áföll og samskiptaerfiðleika. Útkoman er eftirminnileg bók sem sker sig úr, þökk sé eftirminnilegu mynd-máli, óvenjulegri byggingu og frum-legum texta sem rambur á mörkum dagbókarskrifa, brotakenndrar frá-sagnar, ljóðtexta og ritgerðar.“ ■

Andri Snær hlýtur virt ítölsk verðlaun

kolbrunb@frettabladid.is

Andri Snær Magnason hlýtur hin virtu ítölsku verðlaun Tiziano Terzani International Literary Prize, sem eru nú veitt í sautjanda skiptið, fyrir bók sína Um tímann og vatnið.

Dómnefndin segir: „Andri Snær Magnason minnir okkur á að líf okkar og tilvera er náttúrunni háð, og hún biður okkur að fylgja sínum takti. Prófraun okkar er fordæma-laus: hún snýst um að bjarga heim-inum. Og það hratt. Við getum ekki hunsað þá ábyrgð sem við berum gagnvart jörðinni okkar og kynslóð-unum sem koma á eftir okkur. Um tímann og vatnið er neyðarkall til heimsbyggðarinnar, skrifað á auð-skilinn, áhrifaríkan og nákvæman hátt sem dýpkar skilning okkar á stærð vandamálsins.“

Terzani-verðlaunin voru fyrst



Andri Snær Magnason.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

afhent árið 2004 og heiðra minn-ingu ítalska blaðamannsins og rit-höfundarins Tiziano Terzani, sem var þekktur fyrir alþjóðlegt sjónar-horn sitt og ferðasögur sem hafa selst í milljónum eintaka um allan heim. Verðlaunin verða afhent í byrjun júlí á Vicino/Lontano hátíð-inni í Udine á Ítalíu. ■



Orðskjálfti eru nýstofnuð samtök sem Sunna Dís stendur að ásamt öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ritsmiðjur fyrir ungt fólk

Orðskjálfti eru nýstofnuð samtök sem standa fyrir ritsmiðjum fyrir ungt fólk. Sunna Dís Músdóttir, Lára Adalsteinsdóttir, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir og Þóra Hjörleifsdóttir eru í forsvari fyrir samtökin.

kolbrunb@frettabladid.is

„Þessi nýju samtök eru sprottin upp úr dönsku samtökunum Orðskælv sem við höfum allar unnið með áður. Árið 2016 vorum við með norræna smiðju þar sem ungmenni skrifuðu um reynslu sína af því að alast upp við fátækt. Afraksturinn var bók með sögum og frásögnum þessa unga fólks. Allt frá því hefur mig langað til að halda áfram með þessa vinnu og nú er það loksins að gerast,“ segir Sunna Dís Músdóttir.

„Í sumar ætlum við að vera með tvær smiðjur sem eru báðar í sam-starfi við norrænu systursamtökin á hinum Norðurlöndunum. Annað verkefnið er ljóðaritstjórnarsmiðja. Við erum að leita að unglingum og ungu fólki sem elskar ljóð. Unnið verður saman í hóp og valin 20-25 ljóð sem þátttakendum finnst vera það besta í ljóðlist sem skrifuð var á Íslandi í fyrra.“

Sunna Dís segir að ekki verði ein-ungis tekið mið af útgefnum ljóða-

bókum síðasta árs. „Við ætlum að víkka þetta svolítið út, þannig að ef fólk á ljóð frá því í fyrra sem hafa birst í tímaritum, skólablöðum eða á netinu er meira en velkomið að senda okkur þau.“

Unnið verður á sama hátt í hinum löndunum og í lok árs kemur út bók sem geymir, að mati ungmennanna, það besta sem kom út af norrænni ljóðlist árið 2020.

Tekist á við Covid

Hitt verkefnið fer af stað í ágúst. „Það er ritsmiðja þar sem ungt fólk kafar ofan í lífsreynslu sína síðast-liðið ár og hvernig það var að takast á við COVID. Þetta síðasta ár hefur markað marga og unga fólkið okkar hefur svo sannarlega fundið mikið fyrir afleiðingum samkomutak-markana og annarra hafta. Auk þess að leiðbeina þátttakendum í skrifum reynum við líka að veita þeim innsýn í það hvernig er að vera skrifandi manneskja og fáum rithöfunda í heimsókn til okkar og fleira skemmtilegt,“ segir Sunna Dís.

Hún segist vonast til að Orð-skjálfti vaxi og dafni. „Það sem var svo skemmtilegt í sambandi við norræna verkefnið árið 2016 var að sjá hvernig ungu höfundarnir sem tóku þátt í því hafa síðan haldið áfram að skrifa eða eru með önnur

verkefni. Draumur okkar sem stöndum að Orðskjálfta er að þátt-takendur komi seinna til okkar með tillögur um smiðjur sem þá langar til að stýra, eða önnur verkefni sem við gætum stutt þau í svo að þetta skjóti rótum og haldi áfram að stækka. Einhver hluti þess sem Orðskjálfti mun gera verður eflaust bara í íslensku samhengi og svo er þessi möguleiki alltaf til staðar að vinna að stærri verkefnum með nor-rænum systursamtökum.“

Ungmennni sem hafa áhuga á að taka þátt í smiðjunum geta haft samband á orðskjalfti@gmail.com.

Margradda skáldsaga

Í haust kemur út skáldsaga um konur sem Sunna Dís hefur unnið með hópnum Svikaskáld sem hún er hluti af, en alls eru sex konur í hópnum. Spurð hvort það hafi verið flókið að skrifa skáldsögu í samvinnu segir hún. „Skáldsagan býður upp á svo margt. Sumir höf-undar sem vinna saman setjast niður hlið við hlið og skrifa. Við fórum ekki þá leið. Við erum að vinna með margradda skáldsögu þar sem hver og ein skrifar eina rödd. Þegar við þróuðum radd-irnar vorum við saman, í stöðugu samtali og samvinnu, þannig að þræðirnir mynduðust mjög nátt-úrlega í ferlinu.“ ■

BÍTIÐ

VIRKA DAGA 06:50-10:00

SAEKTU NÝJA APPIÐ!

BYLGJAN

989



Brandenburg | SÍA

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 7.–13. JÚNÍ 2021

DAGSKRÁ

9. júní 2021 MIÐVIKUDAGUR

Miðvikudagur

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Lífið í sjónum** Þættir um framkvæmd heimsmarkmiða um lífið í sjónum.
- 19.30 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 20.00 Saga og samfélag** Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og víkið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Lífið í sjónum (e)** Þættir um framkvæmd heimsmarkmiða um lífið í sjónum.
- 21.30 Markaðurinn (e)** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
- 11.10 Kastljós**
- 11.25 Menningin**
- 11.35 Gönguleiðir** Vatnsleysuströnd.
- 11.55 Sumarlandinn 2020**
- 12.30 Paradísarheimt**
- 13.00 Brautryðjendur** Katrín Þorkelsdóttir og Dóra Hlín Ingólfsdóttir.
- 13.25 Á meðan ég man 1966-1970**
- 13.55 Heilabrot**
- 14.25 Trump-sýningin**
- 15.15 Stærsta dýr jarðar**
- 16.00 Eldað úr afskurði**
- 16.25 Saman að eilífu**
- 16.55 Klofningur**
- 17.50 Táknafréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Kúlugúbbarnir**
- 18.24 Hæ Sámur**
- 18.31 Klingjur**
- 18.42 Minnsti maður í heimi**
- 18.45 Gert við gömul hús**
- 18.54 Vikinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 19.50 Menningin**
- 20.00 Þeirra Ísland** Frá Háskól-anum út í atvinnulífið. Þáttaröð í fjórum hlutum um líf innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu. Fjallað er um námsmenn á Íslandi, þá sem hingað komu vegna ástar, vegna vinnu eða sóttu hér um hæli. Edoardo Mastantu-oni Morbilli, sem þekktur er sem Varði á Íslandi, sér um þættina.
- 20.30 Líkamstjáning - Sviðsskrekur** Kroppssprák
- 21.15 Neyðarvaktin** Chicago Fire
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Erilsömustu borgir heims** World's Busiest Cities
- 23.15 George Floyd. Dráp sem skók heiminn** George Floyd. A Killing that Shook the World
- 23.45 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 08.00 European Tour** Útsending frá Porche European Open.
- 12.00 European Tour** Útsending frá Porche European Open.
- 18.00 Champions Tour Highlights**
- 18.55 PGA Special.** Nicklaus. Re-Designing Muirfield Village Golf Club
- 19.25 European Tour 2021 - Highlights**
- 19.50 European Tour** Útsending frá Porche European Open.

Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 Life Unexpected**
- 15.50 90210**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Trúnó** Viðtalsþáttur þar sem rætt er við íslenska tónlistarmenn um lífið og listina.
- 20.45 Normal People**
- 21.20 Chicago Med**
- 22.10 Queen of the South**
- 22.55 The Late Late Show**
- 23.40 Love Island**
- 00.35 Ray Donovan**
- 01.25 Jarðarförin mín**
- 01.55 Venjulegt fólk** Venjulegt fólk eru grínþættir með drama-tísku ívafi.
- 02.25 Stella Blómkvist** Glæný íslensk þáttaröð. Stella Blómkvist er lögfræðingur sem tekur að sér erfið mál og vilar ekki fyrir sér að beita brögðum til að fá sínu framgengt.
- 03.10 Manhunt. Deadly Games**
- 03.55 Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegisdagur** Fyrri og seinni hluti
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegisdagur**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Þá tekur tónlistin við**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Svona er þetta**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Hvar erum við núna?**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.30 Kvöldsagan.** Njáls saga (19 af 29)
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 10.55 Aliens Ate My Homework**
- 12.20 Now Add Honey**
- 14.00 Crazy Rich Asians**
- 15.55 Aliens Ate My Homework**
- 17.25 Now Add Honey**
- 19.00 Crazy Rich Asians**
- 21.00 American Animals**
- 22.50 The Hangover 3**
- 00.30 The Dinner**
- 02.25 American Animals**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The O.C.**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Divorce**
- 09.50 Bomban**
- 10.40 Hið blómlega bú**
- 11.10 MasterChef Junior**
- 11.50 Flúr & fólk**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Lóa Pind. Battlað í borginni**
- 13.40 Grand Designs**
- 14.25 Flúr & fólk**
- 14.50 12 Puppies and Us** Heimildarþættir frá 2020 þar sem fylgst er með þegar tólf hvolpar eignast ný heimili og hvernig gengur fyrstu mikilvægustu mánuðina saman.
- 15.55 Á uppleið**
- 16.15 Veronica Mars**
- 17.05 Fréttapáttur EM 2020**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.05 Vikingalottó**
- 19.10 Skreytum hús**
- 19.20 Golfarinn**
- 19.50 First Dates**
- 20.40 Grey's Anatomy**
- 21.30 Coroner** Leyndardómsfullir sakamálaþættir frá 2019 sem byggðir eru á vinsælum bókaflökki.
- 22.15 The Gloaming**
- 23.10 Sex and the City**
- 23.45 The Blacklist**
- 00.25 NCIS. New Orleans**
- 01.10 NCIS**
- 02.00 The Sister**
- 02.45 The O.C.**
- 03.25 Divorce**
- 03.55 MasterChef Junior**

Stöð 2 Sport

- 09.00 Seinni bylgjan - karla**
- 10.00 Valur - KA/Þór** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 11.25 Keflavík - KR** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
- 13.05 Þór Þ. - Stjarnan**
- 14.45 Kristín Sif Björgvinsdóttir**
- 15.10 Grindavík - Afturelding** Útsending frá leik í Mjólkurbíkar kvenna.
- 16.50 Leikur í 4-liða** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 18.15 Leikur í 4-liða**
- 19.45 Dominos Kjörfuboltakvöld - Upphitun**
- 20.10 Stjarnan - Þór Þ.** Bein útsending frá leik í Dominos-deild.
- 22.00 Dominos Kjörfuboltakvöld**
- 22.30 KA/Þór - Valur** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 23.55 Seinni bylgjan - kvenna**

Stöð 2 Sport 2

- 08.40 Belgía - Grikkland**
- 10.20 Belgía - Króatía**
- 12.00 Svíþjóð - Armenía**
- 13.40 Chelsea - Liverpool** Útsending frá úrslitaleik ensku bikarkeppninnar (FA Cup) árið 2012.
- 15.25 Manchester United - Chelsea** Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu árið 2008.
- 18.35 Portúgal - Ísrael** Bein útsending frá vináttulandsleik til upphitunar fyrir EM.
- 20.40 Frakkland - Búlgaría**
- 22.20 4-liða leikur - Leikur 2** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
- 23.55 4-liða leikur - Leikur 2**

EM Í FÓTBOLTA EURO2021



KÍKTU Á ÚRVALIÐ
ORMSSON.IS

60.000 kr afsláttur

75" QLED Q74T
KR. 289.900,-



SAMSUNG

NÝTT

QLED 2021

25.990 kr afsláttur

65" QLED Q75A

Á EM TILBOÐI

KR. 233.910,-



SAMSUNG

QLED 2020

40.000 kr afsláttur

55" QLED Q67T

Á EM TILBOÐI

KR. 139.900,-



Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS


*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515


ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300



Aquaphor Soothing Skin Balm
frá Eucerin

Smyrslíð er nokkuð þykkt og virkar því kannski ekki fyrir bólótta húð. Áferðin minnir á vaselín og gefur mikinn raka. Varan hefur verið áberandi á TikTok og er sérstaklega mælt með henni fyrir þurra húð. Best sé að setja þunnt lag á kvöldin. Soothing skin balm hefur ekki bara verið vinsæl á TikTok heldur hafa stórstjörnur á borð við Nicole Kidman, Beyoncé og Charlize Theron sagst nota smyrslíð.



AHA 30% + BHA 2% Peeling Solution
frá The Ordinary

Þetta húðvörufyrirtæki hefur slegið í gegn síðustu árin, þá sérstaklega vegna þess að þær eru á hagstæðu verði. Þessi sýrumaski er líklega vinsælli en aðrar vörur frá merkinu á TikTok fyrir þær sakir að hann virkar nokkuð óhugnalega þegar hann er borinn á andlitið, þar sem vökvinn er ekki ósvipaður blóði.



Sky High maskarinn
frá Maybelline

Maskarinn kom út í fyrra og hefur gjörsamlega slegið í gegn, ekki bara á TikTok. Undanfarið hefur hann verið meira og minna uppseldur í verslunum landsins en von er á nýrri sendingu fljótlega.



Infallible púðurmeikið
frá L'oreal

TikTok notendur virðast ánægðir með þetta púðurmeik frá L'oreal og segja það þekja einstaklega vel. Að sama skapi þykir gott verð mikill kostur. TikTok-notandinn Rocío Sora setti inn samanburð á púðrinu og öðru mun dýrara púðri, og virtust flestir notendur samskiptamiðilsins sammála um að Infallible púðrið kæmi mun betur út. Nú hafa fleiri milljónir séð myndbandið og púðrið seldist upp víða vestan hafs.



Watermelon Glow Niacinamide Dew Drops
frá Glow recipe

Glow recipe var stofnað árið 2014 en sló bara í gegn núna nýverið. Krúttlegar og litríkar umbúðir virðast hafa hjálpað til við að auka vinsældirnar, þá sérstaklega á TikTok. Ein vinsælasta varan eru þessir dropar sem innihalda niacinamide, sem dregur úr fínunum og sjáanleika svitahola í andlitinu. Það þykir einnig mjög gott á bólótta húð.



Andlitshreinsir
frá CeraVe

Vörurnar frá CeraVe tóku að seljast upp viðs vegar um heim eftir að hafa slegið í gegn á TikTok. Vinsældirnar jukust sérstaklega mikið þegar TikTok-notandinn Hiram Yarbrow, sem sérhæfir sig í umfjöllun um húðvörur, mælti með merkinu. Hann er með sjö milljónir fylgjenda á TikTok. Andlitshreinsirinn og rakakremin eru þá alveg sérstaklega vinsæl. Vörurnar fást nú loksins á Íslandi, helst í apótekum og matvöruverslunum.

Útskriftar-
tilboð

ÍSLENSK HÖNNUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Snyrtivörur sem hafa slegið í gegn á TikTok

Samfélagsmiðillinn TikTok hefur sótt í sig veðrið síðustu ár. Á honum slá oft í gegn myndbönd þar sem notandi mælir með snyrti- eða húðvörum og fylgjendurnir hlaupa beint út í búð og kaupa vöruna sem um ræðir. Hér eru nokkur dæmi um snyrtivörur sem hafa slegið í gegn á miðlinum.

steingerdur@frettabladid.is

Notendur setja inn alls konar efni, dansa, nota furðulega filtera, gefa öðrum enn furðulegri ráð og keppast við að mæla með hinum og þessum vörum sem þeim líkar við. Undanfarið hefur það gerst að snyrtidót sem hefur notið góðs

gengis á TikTok selst hreinlega upp. Má þar til dæmis nefna Maybelline maskarann Sky High sem hefur verið nánast ófáanlegur á landinu undanfarin misseri. Sumar vörurnar hafa fengist í mörg ár en fólk hefur kannski ekki áttað sig á notagildi þeirra, líkt og Soothing Skin Balm frá Eucerin, enda gekk það í mörg ár að konum var harðbannað að bera eitthvað feitt á andlitið. Þær áttu frekar að setja einhverja tóna sem voru stútfullir af alkóhóli og orsökðu að húðin varð þurrari en sandpappír. En nú er öldin önnur og fjöldinn allur af húðvörumerkjum er kominn á markaðinn og vörurnar margar hverjar á hagstæðu verði. Meðfylgjandi eru nokkur dæmi um snyrtivörur sem hafa slegið í gegn á TikTok. ■



Undanfarið hefur það gerst að snyrtidót sem hefur notið góðs gengis á TikTok selst hreinlega upp.

ÚTSALA

35-70% AFSLÁTTUR

AF ÚTSÖLUVÖRUM



50-70% afsláttur af völdum vörum í verslun og á www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



Við höfum tækifæri til að vera svo sterk saman

Einleikurinn Hellisbúinn er nú sýndur í Gamla bíói. Verkið á þrjátíu ára afmæli um þessar mundir. Jóel Sæmundsson fer með hlutverk hellisbúans í þetta skiptið, en verkið hefur tvisvar áður verið sett upp hér á landi.

steingerdur@frettabladid.is

Einleikurinn Hellisbúinn var saminn af bandaríska leikaranum og grínistanum Rob Decker, og var frumsýnt fyrir þrjátíu árum síðan. Um er að ræða einn vinsælasta einleik allra tíma og hafa tugir milljóna séð verkið sem hefur verið sett upp í 57 löndum.

Verkið hefur verið sett upp þrisvar á Íslandi, fyrstur fór Bjarni Haukur Þórsson með hlutverkið, síðan Jóhannes Haukur Jóhannesson og því næst tók leikarinn Jóel Sæmundsson við keflinu. Jóel færir nú Hellisbúanum nýtt líf í sviðsetningu hans og leikstjórans Emmu Peirson. Sýningin hefur verið endurskrifuð og uppfærð í takt við tímann.

„Við byrjuðum að sýna þessa uppsetningu árið 2017 og til 2019. Við erum núna að fara með uppsetninguna á einleikjahátíðina Act alone á Suðureyri í sumar. Mann langar ekki að æfa upp fyrir eina sýningu. Svo föttuðum við það að það eru þrjátíu ár síðan að Hellisbúinn var settur upp á Broadway. Enginn einleikur hefur verið sýndur samfelldt í eins langan tíma á Broadway, New York,“ útskýrir Jóel.

Allt önnur sýning

Þau hafi því ákveðið að skella í sýningar í tilefni af afmæli verksins.

„En svo líka út af því að síðastliðið ár hefur verið svona, okkur langaði að fá einhvern hlátur inn í þetta blessaða líf. Þetta er sett þannig upp að þú situr bara við borð með þínu fólki og getur pantað drykki á borðið og hlegið. Það var svona helsta ástæðan fyrir því að við ákváðum að fara aftur á stað með sýningar,“ segir Jóel.

Hann tekur fram að alla jafna er fólk ekki að setja upp leiksýningu á þessum tíma árs, þegar sólin er að hækka og allir eru að fara út.

„En árið er bara búið að vera þannig að fólk vantar að fá að sitja, hlæja með sínu fólki og skemmta sér í tvo klukkutíma og gleyma stað og stund. Bara að njóta.“

Sterkari saman

Bjarni íslenskaði verkið og setti það



upp í kringum aldamótin við gífurlegar vinsældir. Jóel er ekki með þá uppsetningu né Jóhannesar Hauks. Hann vildi í raun fara í vinnuna með ómótaðar skoðanir og pælingar, gera karakterinn að sínum.

„Við endurþýddum nýjustu útgáfuna sem er frá Þýskalandi. Hún er búin að ganga í fimmtán ár nánast daglega þar og það á að gera bíómynd eftir henni. Þannig að við erum í raun með allt öðruvísi útgáfu. Við tökum svo úr upphaflega handritinu part sem hefur oft verið sleppt í seinni útgáfum. Við útskýrum hvað verkið snýst í raun og veru um; að tveir einstaklingar með mismunandi eiginleika eru alltaf betri saman heldur en í sundur,“ segir Jóel.

Hann segir leikritið því reyna að rýna í þá staðreynd að þó við séum mörg með svipaða eiginleika, þá er enginn eins.

„Ef við finnum leið til að skilja hvort annað út frá sjónarhorni hins aðilans, þá verðum við mögulega skemmtilegri saman og núningur-

”

Það kom sálfræðingur til mín eftir eina sýningu og sagði að verkið væri í raun bara frábær atferlismeðferð fyrir pör. Það eru margir sem upplifa meiri skilning til maka síns eftir að sjá verkið. Jafnvel fólk sem telur það skilja vini sína betur.“

inn verður minni. Það kom sálfræðingur til mín eftir eina sýningu og sagði að verkið væri í raun bara frábær atferlismeðferð fyrir pör. Það eru margir sem upplifa meiri skilning til maka síns eftir að sjá verkið. Jafnvel fólk sem telur það skilja vini sína betur.“

Verkið skoðar einnig að við eigum flest mismunandi bakgrunn, komum frá mismunandi stöðum og að það liti hegðun okkar í nútímanum.

Gengur yfir öll sambönd

Jóel lýsir söguþræðinum á þann hátt að Rob Decker hafi skrifað um þá upplifun sína að uppgötva að við erum dálítið eins og ólíkir menningarhópar.

„Við komum að borðinu með mismunandi eiginleika, sem geta gengið vel saman ef við leyfum þeim að gera það. Ef við leyfum hinum aðilanum í sambandinu að vera að einhverju leyti hann sjálfur, þá höfum við tækifæri að vera ótrúlega öflug saman. Í

raun fjallar þetta ekki bara um ástarsamband heldur öll sambönd okkar í lífinu, líka fjölskyldu og vina. Finnum leið til að vera sterkari saman.“

Jóel lenti í áhrifamikilli reynslu eftir eina sýninguna. „Það kom kona til mín og sagði: „Eftir tíu mínútur af sýningunni, þá hætti ég að hlæja og byrjaði að hlusta“. Hún sagði við mig að hún vildi að hún hefði séð leikritið mörgum árum fyrr. Það gaf henni betra sjónarhorn á ýmis samskipti í fortíðinni,“ útskýrir Jóel.

Hann segir Decker upphaflega hafa byrjað að skrifa verkið til varnar karlmanninum, en það breyttist þegar leið á skriftirnar.

„Hann sá að hann yrði að fá sjónarhorn konunnar inn í verkið, það gengi ekki upp að fá bara aðra hliðina. Þannig að konan kemur inn í þetta. Hann gerir grín að konum og körlum. Fólk getur lært af þessu á meðan það veltist um af hlátri.“

Sýningar á verkinu eru 10. og 24. júní. Miðar fást á tix.is ■

Jóel þýddi verkið ásamt leikstjóranum Emmu Peirson eftir þýskri útgáfu sem hefur gengið í fimmtán ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

SPENNAN
MAGNAST

AÐEINS
3.990 kr./mán

stod2.is

ÚTI, FLÍSAR

FYRIR
ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR

MIKIÐ
ÚRVAL
Á LAGER

Flísar á mynd: Klint beige 60x60 cm



Opið virka daga frá 08:00-18:00

 **ÁLFABORG**
- allt a gólfið -

Skútvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Bakþankar

Jónu Hrannar
Bolladóttur



Bless í bili

Nú höfum við hjónin skrifað bakþanka samfleytt í fimm ár og tími kominn að gefa nýjum pennum rými. Það hefur verið okkur sífelld áskorun að taka hér þátt en líka oft verið þakklátt. Þá hefur það verið okkur holl ögun að fá alltaf sömu 1.650 stafabilin til að ramma inn hugsunina hverju sinni, mis-kunnarlaust.

Fréttablaðið er viðlesnasta blað landsins, borið vítt um byggðir og leitast við að ná til landsmanna allra. Slík fjölmiðlun hefur aldrei verið mikilvægari en nú á tímum bergmálshella og neyslusviga þar sem sífleiri heyra bara og sjá fólk sem býr við svipaða lífssýn, menningu, áhugamál og neyslu en tortryggni milli menningarhópa fer vaxandi vegna gagnkvæmrar vanþekkingar. Annar þáttur sem styður vægi sterkra fjölmiða er sú staðreynd að við lifum á tímum þar sem áhrifaöfl virðast í vaxandi mæli forðast staðreyndir en fleyta sér til áhrifa með falsfréttum í þágu sérhagsmuna.

Þess vegna hefur okkur þótt mikilvægt að láta rödd okkar heyrast þannig að almenningur heyri sjónarmið byggð á kristnum lífsskilningi. Hin pólitíska krafa kristinnar trúar er áherslan á virðingu og samliðun. Sú krafa er ekki sér-kristin heldur eigum við þar samleið með flestu fólki í veröld þar sem sjálfmiðuð hagsmunabarátta er kerfisbundið stunduð. Í dag sýna náttúruvísindin svo vel það sem trúararfurinn hefur alltaf vitað: Við erum öll af sama efni sem hluti af einu sköpunarverki á samleið til móts við hið ómælanlega. Frá trúarlegu og lífvísindalegu sjónarhorni er því skynsamlegasta svarið við lífinu að elska. Um leið og við kveðjum að sinni biðjum við góðan Guð að blessa land og lýð. ■



ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.690 KR.
EF ÞÚ SÆKIR, 7.-13. JÚNÍ 2021



Straumurinn er í Öskju!



Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Askja býður glæsilegt úrval 100% rafbíla, tvínn- og tengiltvinnbíla frá Mercedes-Benz, Kia og Honda. Við erum sérfræðingar í rafbílum og svörum öllum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kíktu í heimsókn — við tökum vel á móti þér.

Skoðaðu úrvalið á
syningarsalur.askja.is

Sýningarsalur nýrra bíla Öskju á vefnum er alltaf opinn. Þar má sjá bíla sem eru til á lager eða eru væntanlegir.

Bilaumboðið Askja • Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is

